

## TIL ALÞINGIS

Sú skýrsla umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2015 sem hér fylgir er tekin saman og send Alþingi í samræmi við 12. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Efni skýrslunnar er með sama hætti og undanfarin ár.

Skýrslan hefur að geyma ýmsar upplýsingar um starfsemi embættisins þar sem leitast hefur verið við að gera þær aðgengilegar fyrir Alþingi og um leið birta opinberlega. Álit umboðsmanns eru birt á heimasíðu embættisins (sjá [www.umbodsmadur.is](http://www.umbodsmadur.is)). Af því leiðir að ég hef eins og áður látið við það sitja að birta aðeins í skýrslunni reifanir álita en að auki útdrætti einstakra mála sem ég hef talið tilefni til að gera Alþingi grein fyrir. Eins og fram kemur í kafla I.6 í skýrslunni hefur umboðsmaður í auknum mæli lokið málum með því að senda stjórnvöldum bréf þar sem tilteknum ábendingum er komið á framfæri samhliða bréfi til aðila máls. Ekki er gerð grein fyrir þeim málum með eins ítarlegum hætti og málum sem lýkur með álitum en yfirlit yfir þau má finna í framangreindum kafla.

Í lögum um umboðsmann Alþingis er tekið fram að þessi skýrsla skuli prentuð og birt fyrir 1. september ár hvert. Eins og síðustu ár hefur verið leitast við að auka gildi hinnar rafrænu útgáfu skýrslunnar sem birt er á heimasíðu embættis umboðsmanns og með því að afhenda Alþingi hana í rafrænni útgáfu. Í samræmi við framangreint lagaskilyrði verður skýrslan einnig tiltæk prentuð í takmörkuðu upplagi.

Reykjavík, 2. ágúst 2016

Tryggvi Gunnarsson



# **Skýrsla**

**umboðsmanns Alþingis**

**fyrir árið 2015**

**2. ágúst 2016**

ISSN númer: 1670-3634

Prentsmiðjan Oddi ehf., umhverfisvottuð prentsmiðja

## EFNISYFIRLIT

<b>I</b>	<b>STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 2015</b> .....	9
1	Skrifstofa umboðsmanns Alþingis .....	9
2	Fjöldi kvartana, erinda og fyrirspurna .....	9
3	Helstu viðfangsefni á árinu .....	11
3.1	Skipting eftir málaflokkum .....	11
3.1.1	Tafir á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum .....	11
3.1.2	Málefni opinberra starfsmanna .....	12
3.1.3	Skattar og gjöld .....	12
3.1.4	Almannatryggingar .....	13
3.1.5	Fjármála- og tryggingastarfsemi .....	13
3.2	Framkvæmd stjórnssýslulaga nr. 37/1993 og óskráðar grundvallarreglur stjórnssýsluréttar .....	14
3.2.1	Réttmætisreglan – áhrif stjórnsmálaskoðana þegar ráðið er í opinbert starf .....	14
3.2.2	Kæruleiðbeiningar – leiðbeiningarskylda stjórnvalda .....	15
3.2.3	Framsending mála – leiðbeiningarskylda stjórnvalda .....	15
3.3	Ráðgjafarskyldan – lög um Stjórnarráð Íslands .....	16
3.4	Viðbrögð stjórnvalda við tilmælum umboðsmanns .....	17
3.4.1	Sjálfstæðar úrskurðarnefndir .....	17
3.4.2	Lægra sett stjórnvöld .....	19
3.5	Ábendingar í tilefni laga sem varða rannsóknarheimildir stjórnvalda vegna ætlaðra brota á reglum um gjaldeyrishöft og um færslu opinberra verkefna til einkahlutafélags .....	19
3.6	Hlutlægni og sjálfstæði rannsakenda við rannsókn sakamála .....	21
3.7	Ráðstöfun opinberra eigna .....	22
4	Frumkvæðismál .....	23
4.1	Inngangur .....	23
4.2	Frumkvæðis- og forathugunarmál sem hófust á árinu 2015 .....	24
4.3	Frumkvæðismál sem lokið var við á árinu 2015 og viðbrögð stjórnvalda við þeim .....	25
4.4	Forathugunarmál sem lokið var á árinu 2015 og viðbrögð stjórnvalda við þeim .....	26
4.5	Önnur frumkvæðis- og forathugunarmál sem enn eru til umfjöllunar .....	30
5	Meinbugir á lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða almennri stjórnssýsluframkvæmd .....	32
5.1	Tilkynningar til Alþingis og/eða ráðherra um meinbugi á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum .....	32
5.2	Aðrar almennar ábendingar um efni laga eða stjórnvaldsfyrirmæla ..	33
6	Ýmsar athugasemdir og ábendingar til stjórnvalda .....	34
7	Erlent samstarf og fundir .....	37
<b>II.</b>	<b>TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 2015.</b> .....	39
1	Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 2015 .....	39
1.1	Málafjöldi .....	39
1.2	Skipting kvartana .....	39
1.3	Afgreiðsla mála .....	41

1.4	Skipting mála eftir aðilum sem kvörtun beinist að . . . . .	41
1.5	Skipting skráðra mála 2015 eftir viðfangsefnum . . . . .	44
2	Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál. . . . .	45
2.1	Skráð og afgreidd mál 1988–2015 . . . . .	45
2.2	Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–2015 . . . . .	46
2.3	Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–2015 . . . . .	47
2.4	Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–2015 . . . . .	48
2.5	Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–2015 . . . . .	48
3	Viðbrögð stjórnvalda við sérstökum tilmælum umboðsmanns . . . . .	49
4	Viðbrögð stjórnvalda við almennum tilmælum umboðsmanns . . . . .	50

### III ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ

<b>2015.</b>	. . . . .	52
1	Aðgangur að gögnum og upplýsingum. . . . .	52
1.1	Opinberir starfsmenn. Sveitarfélög. (Mál nr. 8117/2014) . . . . .	52
2	Almannatryggingar . . . . .	54
2.1	Stjórnsýslukæra. Lögvarðir hagsmunir. (Mál nr. 8178/2014) . . . . .	54
2.2	Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Lögskýring. Lögmatísreglan. (Mál nr. 8376/2015) . . . . .	55
3	Eignir ríkisins . . . . .	56
3.1	Ákvörðun leigugjalds ríkisjarða. Einkaréttarlegir samningar ríkisins. (Mál nr. 8322/2015) . . . . .	56
4	Fjármála- og tryggingastarfsemi. . . . .	58
4.1	Gjaldeyrismál. (Mál nr. 6226/2010) . . . . .	58
4.2	Innheimtustarfsemi. Lögmatísreglan. Meinbugir. (Mál nr. 8302/2014)	61
5	Fæðingar- og foreldraorlof . . . . .	64
5.1	Lögskýring. Lögmatísreglan. Meinbugir á lögum. (Mál nr. 7934/2014) . . . . .	64
6	Heilbrigðismál. . . . .	65
6.1	Sjúkratryggingar. Greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði. Lagaheimild. (Mál nr. 7940/2014) . . . . .	65
6.2	Kvartanir til landlæknis. (Mál nr. F0053/2015) . . . . .	66
7	Landbúnaður . . . . .	68
7.1	Landbótaáætlun. Stjórnvaldsákvörðun. Stjórnsýslukæra. (Mál nr. 8419/2015) . . . . .	68
8	Lögreglu- og sakamál . . . . .	70
8.1	Yfirstjórnarhlutverk ráðherra. Sjálfstæði og hlutlægni við rannsókn sakamáls. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Málefnaleg stjórnsýsla. Sérstakt hæfi. Samskipti ráðherra við forstöðumann undirstofnunar. Aðstoðarmenn ráðherra. Siðareglur. Skráning formlegra samskipta. Upplýsingaskylda stjórnvalda gagnvart umboðsmanni. (Mál nr. 8122/2014) . . . . .	70
9	Opinberir starfsmenn. . . . .	75
9.1	Flutningur ríkisstofnunar. Lögmatísreglan. Vandaðir stjórnsýslu- hættir. Skylda ráðherra til að leita sér ráðgjafar. (Mál nr. 8181/2014). . . . .	75
9.2	Ráðningar í opinber störf. Réttmatísregla. Jafnræðisregla. Sveitarfélög. Yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk. (Mál nr. 8354/2015)	76
9.3	Kjarasamningar. Framsending máls. Leiðbeiningarskylda stjórnvalda. (Mál nr. 8543/2015). . . . .	77

10	Samgöngumál .....	79
10.1	Neytendavernd. Stjórnsýslukæra. (Mál nr. 8295/2014) .....	79
11	Skattar og gjöld .....	81
11.1	Innheimta. Birting. Frestir. Gjaldþagi. Vandaðir stjórnsýsluhættir. (Mál nr. 8140/2014) .....	81
11.2	Skattrannsókn. Upplýsingagjöf opinbers starfsmanns. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Leiðbeiningarskylda. Þagnarskylda. (Mál nr. 8383/2015) .....	82
12	Starfssvið umboðsmanns Alþingis og skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun .....	84
12.1	Kirkjumál. (Mál nr. 8464/2015) .....	84
12.2	Opinber hlutafélög. (Mál nr. 8506/2015) .....	84
12.3	Sjálfsseignarstofnanir. (Mál nr. 8562/2015) .....	85
12.4	Skattar og gjöld. (Mál nr. 8717/2015) .....	85
<b>IV.</b>	<b>UPPLÝSINGAR VEGNA ÁÐUR AFGREIDDRA MÁLA .....</b>	<b>86</b>
<b>V.</b>	<b>SKRÁR .....</b>	<b>92</b>
1.	Númeraskrá .....	92





# I STÖRF UMBOÐSMANNS ALÞINGIS 2015

## 1 Skrifstofa umboðsmanns Alþingis

Skrifstofa umboðsmanns Alþingis í Þórshamri, Templarasundi 5 í Reykjavík var á árinu opin almenningi frá kl. 9.00 til 15.00 frá mánudegi til föstudags.


Auk mín störfuðu að jafnaði 11 starfsmenn á skrifstofunni á árinu 2015. Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns, Ingibjörg Þóra Sigurjónsdóttir rekstrarstjóri, Anna Rut Kristjánsdóttir, Anna Tryggvadóttir, Flóki Ásgeirsson, Katrín Þórðardóttir, Maren Albertsdóttir, og Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingar voru í starfi allt árið. Ragna Bjarnadóttir lögfræðingur kom til starfa 1. febrúar 2015 og fór tímabundið til starfa hjá innanríkisráðuneytinu frá 1. september til 8. október 2015. Margrét María Grétarsdóttir lögfræðingur fór í fæðingarorlof 4. mars 2015 og Berglind Bára Sigurjónsdóttir skrifstofustjóri 15. maí 2015. Særún María var settur skrifstofustjóri í fjarveru Berglindar Báru. Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof 30. júní 2015. Sigurður Kári Árnason lögfræðingur fór til náms erlendis haustið 2015.

Eins og rakið hefur verið í fyrri skýrslum mínum til þingsins hefur meginþunginn í starfsemi embættisins síðustu ár falist í afgreiðslu kvartana frá borgurunum á kostnað annarra verkefna sem ég hefði talið æskilegt að sinna í meira mæli samhliða málum vegna kvartana. Ég hef í þessu sambandi lagt áherslu á að nýta mannafla og fjármuni embættisins til að afgreiða kvartanir og koma þeim í réttan farveg innan ákveðinna tímamarka. Ljóst er að þær áherslur hafa skilað sér þegar litið er til þess að afgreiðslutími mála hefur styst töluvert, eins og nánar er fjallað um hér á eftir. Á árinu lagði ég áherslu á að halda áfram á þessari sömu braut, m.a. með það að markmiði að skapa betri grundvöll til að sinna í meira mæli öðrum verkefnum samhliða kvörtunum.

## 2 Fjöldi kvartana, erinda og fyrirspurna

Á árinu 2015 voru skráð 439 ný mál og fækkaði kvörtunum um 11% frá árinu áður. Engin ný frumkvæðismál voru tekin upp á árinu en einu slíku máli var lokið í ársbyrjun.

Á árinu 2015 voru 450 mál afgreidd en þau voru 558 árið áður. Þetta er þriðja árið í röð sem afgreidd mál á árinu eru fleiri en mál sem berast embættinu. Í árslok 2015 var afgreiðslu lokið á nær 90% þeirra kvartana sem bárust á árinu. Rúmlega 57% þeirra var lokið innan eins mánaðar. Það er svipað hlutfall og á árinu 2014. Um 90% mála ársins 2015 var auk þess lokið innan fjögurra mánaða og um 94% innan sex mánaða frá því að kvörtun barst.



Sá árangur sem hefur náðst við að stytta afgreiðslutíma kemur einnig fram í því að um áramótin 2015/2016 voru 67 mál til athugunar hjá umboðsmanni en þau voru 78 um áramótin 2014/2015, 142 um áramótin 2013/2014 og 191 um áramótin 2012/2013. Mál sem hafa verið til athugunar hjá umboðsmanni um áramót hafa ekki verið færri síðan á árunum 2005 og 2006. Í því sambandi má benda á að þá var árlegur fjöldi nýrra kvartana um 300.

Af þeim 67 málum sem voru enn til athugunar hjá umboðsmanni í árslok 2015 var beðið eftir gögnum og skýringum frá stjórnvöldum í 28 málum, í sex málum var beðið eftir athugasemdum við skýringar viðkomandi stjórnvalds frá þeim aðila sem hafði borið fram kvörtun, 10 mál voru í frumathugun hjá umboðsmanni og 23 mál biðu frekari athugunar að fengnum gögnum og skýringum stjórnvalda. Að auki biðu afgreiðslu 17 mál sem hófust fyrir árið 2015 en það voru ýmist frumkvæðisathuganir eða kvartanir sem tengdust slíkum athugunum. Athugunum á fjórum kvörtunum sem bárust á árinu 2014 var enn ólokið um áramót. Í tveimur tilvikum var beðið eftir skýringum stjórnvalda og í einu var beðið eftir gögnum frá þeim sem hafði leitað til umboðsmanns.

Fækkun kvartana á árinu 2015 má fyrst og fremst rekja til þess að færri kvartanir bárust síðari hluta ársins. Þannig bárust um 42% færri kvartanir í október og nóvember en sömu mánuði árið 2014. Eins og áður hefur verið gerð grein fyrir í skýrslum umboðsmanns hefur verið unnið að því að stytta eins og kostur er afgreiðslutíma þeirra kvartana sem berast embættinu. Að sama skapi hefur embættið aðeins í takmörkuðu mæli getað sinnt athugunum mála að eigin frumkvæði síðustu ár. Um áramótin biðu afgreiðslu 11 frumkvæðismál sem hófust fyrir árið 2015. Til að bregðast við takmörkuðum möguleikum embættisins til að taka mál til formlegrar frumkvæðisathugunar hef ég í ákveðnum tilvikum farið þá leið að senda stjórnvöldum fyrirspurnir vegna mála þar sem ég hef talið þörf á að kanna hvort tilefni sé til þess að ráðast í frumkvæðisathuganir. Þessar fyrirspurnir hafa jafnframt þann tilgang að koma upplýsingum á framfæri við stjórnvöld, um atriði úr stjórnsýsluframkvæmd eða meðferð einstakra mála, þannig að þau geti þá sjálf brugðist við og bætt úr viðkomandi atriðum án frekari aðkomu umboðsmanns að málinu. Á árinu 2015 sendi ég stjórnvöldum 18 slík forathugunarbréf sem er sami fjöldi og árið áður. Að fengnum svörum frá stjórnvöldum ákvað ég að aðhafast ekki frekar vegna 11

forathugunarmála. Um áramót voru svör vegna 25 slíkra mála til athugunar hjá embættinu og í 14 tilvikum var beðið eftir svörum frá stjórnvöldum, sbr. umfjöllun í kafla I.4.

### 3 Helstu viðfangsefni á árinu

#### 3.1 Skipting eftir málaflokkum

Árlega berast umboðsmanni margvíslegar ábendingar og kvartanir vegna tafa á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum. Á undanförunum árum hafa flest mál sem koma til meðferðar hjá umboðsmanni Alþingis beinst að töfum hjá stjórnvöldum. Engin breyting varð á því á árinu 2015 en þá bárust embættinu 86 slíkar kvartanir sem voru tæplega 20% skráðra mála. Hlutfall þessara mála hefur nánast haldist óbreytt síðustu ár fyrir utan einstök ár þar sem þau hafa verið fleiri, og þá náð um fjórðungi af heildarfjölda mála. Þá má benda á að fjöldi þessara tafamála frá upphafi starfsemi embættisins er kominn á annað þúsund. Aðrir málaflokkar sem voru fyrirferðarmiklir í störfum umboðsmanns á árinu tengdust opinberum starfsmönnum (11%), almannatryggingum (7%), fjármála- og tryggingastarfsemi (5%), og sköttum og gjöldum (5%). Þá barst eins og áður töluvert að kvörtunum sem tengjast lögreglu- og sakamálum.

#### 3.1.1 Tafir á afgreiðslu mála hjá stjórnvöldum

Við meðferð mála sem tengjast töfum hjá stjórnvöldum hef ég leitast við að fylgjast með því hvort uppi kunni að vera almennur eða kerfislægur vandi hjá tilteknum stjórnvöldum við afgreiðslu mála, auk þess að leysa úr kvörtunum vegna einstakra mála. Áhersla hefur verið lögð á tilvik þar sem málsmeðferðartími virðist talsvert umfram lögbundin eða viðhlítandi tímamörk og málaflokka sem varða mikilvæga hagsmuni. Í svörum stjórnvalda til umboðsmanns vegna slíkra mála kemur hins vegar oft í ljós að þau eru meðvituð um þann vanda sem uppi er og hafa þegar ákveðið að grípa til tiltekinna ráðstafana til að bæta málsmeðferðartímann. Þá hefur þeirri starfsvenju verið fylgt að veita viðkomandi stjórnvaldi hæfilegt svigrúm til að ráðast í fyrirhugaðar breytingar eða endurskoðun á fyrirkomulagi stjórnýslu sinnar. Í því felst að umboðsmaður bíður með að ljúka athugun sinni á málinu og fylgist með því hvort það takist að ráða bót á þeim vanda sem uppi er með því að afla upplýsinga um stöðu mála að tilteknum tíma liðnum.

Almennar athugunar og fyrirspurnir umboðsmanns á árinu hafa m.a. beinst að afgreiðslutíma fangelsismálastofnunar og innanríkisráðuneytisins á erindum og málum fanga og málsmeðferðartíma í málum hælisleitenda. Árið 2013 ákvað settur umboðsmaður Alþingis, í tilefni af kvörtunum vegna afgreiðslutíma í málum hælisleitenda, að fylgjast með framvindu tímabundins átaks innanríkisráðuneytisins sem ætlað var að stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna og tryggja búsetu og aðbúnað hælisleitenda. Hann óskaði þess því að ráðuneytið upplýsti sig um framvindu átaksins og að honum yrðu jafnframt veittar almennar upplýsingar um stöðu viðkomandi málaflokks eftir því sem ráðuneytið teldi tilefni til. Svör innanríkisráðuneytisins bárust 21. janúar 2015. Af því tilefni sendi ég ráðuneytinu og kæruneftnd útflendingamála bréf, dags. 23. mars 2015, þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum um málið og verður ákvörðun um framhald þess tekin á næstunni.

Ég hef jafnframt átt í bréfaskiptum við fangelsismálastofnun og innanríkisráðuneytið um afgreiðslutíma á erindum og málum fanga. Í því sambandi hef ég bent á að í hlut eiga frelsissviptir einstaklingar og það kunni að hafa veruleg áhrif á hagsmuni þeirra að sem fyrst sé svarað til um og eftir atvikum skorið úr um hver séu réttindi þeirra í samskiptum við fangelsisyrðvöld. Þá verði almennt að gera ráð fyrir að fangar hafi alla jafna ekki sömu tæk á að standa í málarekstri hjá stjórnvöldum og fylgja málum sínum eftir og aðrir

borgarar. Að fengnum upplýsingum um reglur fangelsismálastofnunar um málshraða og svör við tilteknum erindum Afstöðu, félags fanga, hef ég bent stofnuninni á að leitast við að svara erindum í samræmi við þau viðmið sem birtast í reglunum eða að öðrum kosti upplýsa aðilann um það ef afgreiðsla þess dragist. Að fengnum sambærilegum upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu kom ég sömu ábendingu á framfæri við ráðuneytið en minnti auk þess á mikilvægi þess að kanna strax í upphafi hvort mál væri þess eðlis að það skyldi framsent fangelsismálastofnun til afgreiðslu á lægra stjórnarsýslustigi eða umsagnar vegna meðferðar ráðuneytisins á málinu. Í ljósi þess að afgreiðsla nokkurra mála fanga sem ég hafði haft til skoðunar hafði tekið nokkra mánuði óskaði ég jafnframt eftir því að mér yrðu veittar upplýsingar um hvernig fylgst er með því að farið sé að viðmiðum um málshraða. Beiðnin var sett fram til þess að unnt væri að meta hvort tilefni væri til að taka málefnið til athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns.

### 3.1.2 Málefni opinberra starfsmanna

Mál sem varða opinbera starfsmenn hafa verið fyrirferðarmikil í starfsemi umboðsmanns á undanförunum árum. Þrátt fyrir að aðeins litlum hluta þeirra ljúki með álitum á hverju ári er ýmsum ábendingum vegna fleiri mála komið á framfæri við stjórnvöld á hverju ári, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.6. Í langflestum tilvikum lúta þessar kvartanir að einhverjum atriðum sem umsækjendur um opinber störf telja hafa farið úrskeiðis í ráðningarferli þar sem annar umsækjandi hefur í kjölfarið verið ráðinn í umrætt starf.

Þær ábendingar sem ég sendi stjórnvöldum á árinu í tengslum við málefni opinberra starfsmanna tengdust í flestum tilvikum ráðningum í opinber störf og þá einkum að því að rökstuðningur hafi ekki verið fullnægjandi eða að skráning og varðveisla upplýsinga og gagna hafi ekki verið í samræmi við þær reglur sem um slík mál gilda. Þá hefur í auknum mæli reynt á aðstoð utanaðkomandi aðila í ráðningarferli þegar veita á opinber störf, m.a. í tengslum við valdframsal á slíkum ákvörðunum. Þar þarf m.a. að hafa í huga að umsagnir ráðgjafa, hvort sem um er að ræða lögbundnar umsagnir eða ekki, leysa ekki veitingarvaldshafa undan þeim skyldum sem á honum hvíla við meðferð málsins á grundvelli laga og óskráðra meginreglna stjórnarsýsluréttar. Slíkar umsagnir eru því ekki bindandi fyrir veitingarvaldshafa nema með skýrum hætti sé kveðið á um það í lögum og hann ber áfram ábyrgð á að gætt sé að viðeigandi réttaröryggisreglum þótt utanaðkomandi aðili komi að ráðningarferlinu.

Á árinu lauk ég jafnframt tveimur málum er vörðuðu samskipti ráðherra við opinbera starfsmenn og störf þeirra þótt með ólíkum hætti hafi verið. Í báðum málum reyndi á ákvæði stjórnarráðslaga nr. 115/2011 um ráðgjafarskyldu starfsmanna ráðuneyta. Annars vegar er um að ræða mál nr. 8122/2014 sem laut að samskiptum innanríkisráðherra við lögrelustjórnann á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar mál nr. 8181/2014 um flutning höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar. Nánar er fjallað um um ráðgjafarskylduna í kafla I.3.3. Almenna umfjöllun um þessi tvö mál má finna í köflum III.8.1 og III.9.1.

### 3.1.3 Skattar og gjöld

Mál sem tengdust sköttum og gjöldum voru eins og áður nokkuð áberandi í starfsemi embættisins á árinu. Þeim málum lauk hins vegar oft án nánari athugunar af hálfu umboðsmanns, m.a. vegna þess að algengt var að aðili máls ætti eftir að tæma kæruleiðir innan stjórnarsýslunnar þegar leitað var til umboðsmanns. Í tengslum við þessi mál hef ég veitt því athygli að oft skortir á að stjórnvöld leiðbeini málsaðilum um kæruehimildir innan stjórnkerfisins með fullnægjandi hætti. Þetta á m.a. við um ákvarðanir sem eru tilkynntar með stöðluðum seðlum, eins og álagningarseðlum.

Þegar málsaðila er veitt heimild til að kæra stjórnvaldsákvörðun til annars stjórnvalds til þess að fá hana fellda úr gildi eða breytt er það byggt á sjónarmiðum um réttaröryggi borgaranna. Reglur íslensks réttar um kærueheimildir eru hins vegar bæði margar og misjafnar og ekki alltaf auðvelt fyrir borgarana að átta sig á uppbyggingu stjórnsýslukerfisins. Á árinu lauk ég einu máli er varðaði álagningu sveitarfélags á sorphirðu- og eyðingargjaldi sem varpar ljósi á þá stöðu sem borgararnir eru oft í slíkum málum. Nánar er fjallað um málið í kafla I.3.2.2. Ég nefni hér líka mikilvægi þess að gætt sé að kæruleiðbeiningum við úrlausn mála hjá embætti ríkisskattstjóra. Hjá því embætti er staðan sú að það kann að vera mismunandi eftir lagagrundvelli þeirra ákvarðana sem í hlut eiga hvort og þá til hvaða aðila er unnt að kæra. Þá kemur það einnig til að orðalagi í lögum um hvaða mál geta gengið til yfirskattanefndar var breytt með lögum nr. 123/2014.

### 3.1.4 Almennatryggingar

Málefni sem tengjast almennatryggingum og koma inn á borð umboðsmanns lúta oftast að ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins í tengslum við lífeyrismál og ákvarðanir Sjúkratrygginga Íslands vegna greiðslufyrirkomulags sjúkratrygginga. Þessi mál koma þá almennt til skoðunar hjá umboðsmanni eftir að úrskurðarnefnd almennatrygginga hefur fjallað um málið en úrskurðarnefnd velferðarmála hefur nú tekið við verkefnum hennar. Þegar þessi málaflokkur er skoðaður sést að oftast lúta kvartanirnar að lagasetningu Alþingis á þessu sviði, t.d. að fjárhæðum lífeyrisgreiðslna og styrkja sem og skerðingarreglum, sem er ekki í verkahring umboðsmanns að taka afstöðu til.

Í þeim málum sem lokið er á þessu sviði með álitum umboðsmanns reynir á hinar almennu reglur stjórnsýsluréttar en ekki síður hvernig stjórnvöld hafa beitt þeim efnisreglum sem gilda um viðkomandi mál með hliðsjón af þeim lögum og reglum stjórnsýsluréttar sem gilda á því sviði. Á árinu lauk ég tveimur málum þar sem reyndi á lagastoð framkvæmdar stjórnvalda á þessu sviði. Annars vegar var um ræða mál nr. 7940/2014 sem laut að framkvæmd Sjúkratrygginga Íslands við útreikninga á greiðslupátttöku lyfja sem nánar er rakið í kafla III.6.1. Hins vegar var um að ræða mál sem varpar ljósi á mikilvægi þess að stjórnvöld sem fara með þennan málaflokk leggi forsvaranlegt mat á aðstæður þeirra borgara sem eiga í hlut hverju sinni, með hliðsjón af þeim lagagrundvelli sem byggja skal á, sbr. mál nr. 8376/2015. Af þessu tilefni má benda á að ákvarðanir stjórnvalda á sviði almennatrygginga byggja oft á matskenndum lagagrundvelli sem gerir þær kröfur til stjórnvalda að forsendur niðurstöðu þeirra séu innan laga og reglna sem um störf þeirra gilda og þær byggðar á málefnalegum sjónarmiðum. Í síðastnefnda málinu reyndi á lagagrundvöll ákvörðunar Tryggingastofnunar ríkisins sem hafði synjað umsókn um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlegra fatlaðra barna. Í málinu reyndi á inntak tiltekinnna lagaákvæða um slíkar greiðslur þar sem niðurstaða mín var sú að heildstætt mat þyrfti að fara fram á aðstæðum foreldra í þeirri stöðu. Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála hefði verið of afdráttarlaus í niðurstöðu sinni um synjun greiðslna í umræddu tilviki og ekki hefði verið tekið tillit til tiltekinnna atriða í aðstæðum þessa einstaklings sem hefðu átt að koma til skoðunar við mat á hvort hann ætti rétt á greiðslunum. Úrskurðarnefnd velferðarmála tók málið upp í kjölfarið og úrskurðaði að nýju þar sem greiðslur voru samþykktar til kæranda á umræddum lagagrundelli. Nánar er fjallað um málið í kafla III.2.2.

### 3.1.5 Fjármála- og tryggingastarfsemi

Á árinu bárust umboðsmanni eins og áður nokkur fjöldi kvartana sem laut að fjármála- og tryggingastarfsemi. Stórum hluta þessara mála lauk án frekari athugunar af hálfu umboðsmanns. Helsta ástæða þess er að oft leitar fólk til umboðsmanns með mál sem varða starfsemi og ákvarðanir einkaaðila á þessu sviði sem fara ekki með opinbert

vald og falla því ekki undir starfssvið umboðsmanns samkvæmt lögum nr. 85/1997. Má þar nefna kvartanir sem tengjast lánastarfsemi og gjaldtöku banka, váttryggingafélaga og fjármögnunarfyrirtækja en einnig sammingsbundinna lífeyrissjóða. Af þeim málum sem berast embættinu má í ákveðnum tilvikum greina að sá ágreiningur sem er til staðar tengist ennþá afleiðingum efnahagshrunsins árið 2008 og samskiptum borgaranna við þessi fyrirtæki í kjölfarið. Eftir atvikum er aðilum leiðbeint um að þeir geti freistað þess að leita með mál sín til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin starfar á grundvelli sérstaks samkomulags atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis (áður viðskiptaráðuneytis), Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana (nú Samtaka fjármálafyrirtækja) og Neytendasamtakanna. Ég hef hins vegar í ljósi þess lagaramma sem gildir um nefndina litið svo á að starfssvið umboðsmanns taki ekki til hennar. Ég hef þó fylgst með breytingum sem hafa átt sér stað síðustu ár á stöðu hennar og verkefnum og af því tilefni m.a. vakið athygli atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á að það sé ekki fyllilega skýrt hvort nefndinni sé falið stjórnisýsluvald eða sé einkaréttarlegur aðili og hvort tilefni kunni að vera til að skýra betur stöðu nefndarinnar.

Á árinu sem lauk sendi ég jafnframt fjármála- og efnahagsráðherra, bankaráði Seðlabanka Íslands, seðlabankastjóra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf þar sem ég gerði grein fyrir athugun sem ég hefði unnið að á síðustu árum vegna atriða tengdum athugunum og rannsóknum Seðlabanka Íslands vegna gruns um brot á reglum um gjaldeyrishöft og lagagrundvelli fyrir flutningi verkefna bankans í einkahlutafélag. Nánar er gerð grein fyrir málinu og viðbrögðum stjórnvalda í kafla I.4.3 og III.4.1.

## **3.2 Framkvæmd stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og óskráðar grundvallarreglur stjórnisýsluréttar**

### **3.2.1 Réttmætisreglan – áhrif stjórnsmálaskoðana þegar ráðið er í opinbert starf**

Í kvörtunum sem berast umboðsmanni vegna ráðninga í opinber störf er af og til vísað til þess að stjórnsmálaskoðanir eða starf umsækjanda á þeim vettvangi hafi haft áhrif við ráðninguna.

Um ráðningar í opinber störf gilda skráðar og óskráðar reglur stjórnisýsluréttar. Þær lúta bæði að þeirri málsmeðferð sem ber að viðhafa og að efni málsins. Ein þeirra reglna sem verður að gæta að er svokölluð réttmætisregla stjórnisýsluréttar. Í henni felst að athafnir og ákvarðanir stjórnvalda verða að byggja á málefnalegum sjónarmiðum. Við mat á því hvort sjónarmið teljist málaefnalegt verður m.a. að horfa til jafnræðisreglna, þ. á m. jafnræðisreglu stjórnisýslulaga. Í henni kemur m.a. fram að óheimilt sé að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á stjórnsmálaskoðunum. Af ákvæðinu leiðir að við ákvörðun um ráðningu í opinbert starf, þar sem valið er á milli umsækjenda, er almennt ekki heimilt að líta til þátttöku umsækjenda í stjórnsmálastarfi. Skiptir þá ekki máli hvort þeir bjóði sig fram og starfi fyrir framboð sem ekki tilheyrar stjórnsmálasamtökum á landsvísi. Þátttaka umsækjanda um opinbert starf í slíku stjórnsmálastarfi á þannig að meginstefnu hvorki að vera honum til framdráttar né koma niður á honum í ráðningarferlinu. Í þessu sambandi verður einnig að huga að vernd tjáningarfrelsis.

Frá þessu eru þröngar undantekningar. Dæmi um það er þegar það leiðir af lögum að heimilt er að líta til slíkra skoðana við ráðningu í starf. Það á t.d. við um ráðningar í störf aðstoðarmanna ráðherra og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Ekki er útilokað að heimilt sé að líta til stjórnsmálaskoðana í fleiri tilvikum. Dæmi um það er ef stjórnsmálastarf viðkomandi myndi leiða til þess að hann teldist almennt vanhæfur til að gegna umræddu starfi. Sú staðreynd ein og sér að umsækjandi um starf, t.d. hjá sveitarfélagi, hafi með



höndum pólitískt starf myndi almennt ekki leiða til þess að að umsækjanda skorti almennt hæfi. Einnig er ekki loku fyrir það skotið að þátttaka í stjórnmalastarfi geti haft áhrif á það traust sem umsækjandi verður að njóta í starfi og teljist þar með málefnalegt sjónarmið við mat á honum í starfið.

Hvað sem framangreindum undantekningum líður er almennt óheimilt að byggja ákvörðun um ráðningu í opinbert starf á þátttöku umsækjanda í stjórnmalastarfi. Á þetta atriði reyndi í máli sem ég lauk á árinu í máli nr. 8354/2015. Í stuttu máli var niðurstaða mín sú að litið hefði verið til þess að tiltekinn umsækjandi um starf í grunnskóla í sveitarfélagi sæti í bæjarstjórn þess. Sveitarfélagið hefði ekki sýnt fram á að það hefði verið málefnalegt eða heimilt að lögum að byggja á sjónarmiði um þátttöku í stjórnmalastarfi við ráðninguna. Nánar er fjallað er um málið í kafla III.9.2.

### 3.2.2 Kæruleiðbeiningar – leiðbeiningarskylda stjórnvalda

Eins og áður er rakið getur oft verið erfitt fyrir hinn almenna borgara að átta sig á því hvar hann á að leita eftir endurskoðun á ákvörðun sem hann er ósáttur við ef hann fær ekki frekari leiðbeiningar. Af þeirri ástæðu kemur fram í 20. gr. stjórnsýslulaga að þegar ákvörðun er tilkynnt skriflega skuli veita leiðbeiningar um nánar tilgreind atriði, þ. á m. um kærueimild, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og kærugjöld, svo og hvert beina skuli kærú. Sé þetta ekki gert getur það leitt til þess að víkja verður frá ákvæðum um lögakveðna fresti. Kæru skal þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

Sem dæmi má nefna að tiltekna ákvarðanir sveitarfélaga er t.d. hægt að bera undir kærufélag barnaverndarmála, úrskurðarnefnd velferðarmála, úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála og einstök fagráðuneyti svo sem mennta- og menningarmálaráðuneytið, allt eftir efni þeirra en til viðbótar kemur síðan að almennt stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum er í höndum innanríkisráðuneytisins. Á árinu lauk ég athugun á kvörtun sem laut að álagningu sveitarfélags á sorphirðu- og eyðingargjaldi á árinu. Kvörtuninni fylgdi staðlaður álagningarseðill vegna gjaldsins, fasteignagjalds og vatnsgjalds en á honum var hvergi leiðbeint um kærueimildir vegna þessara þriggja ákvarðana. Málsaðilanum var því bent á að hann yrði að leita til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála áður en umboðsmaður gæti tekið mál hans til meðferðar. Ég ritaði hlutaðeigandi sveitarfélagi jafnframt bréf og minnti á skyldu þess til að veita kæruleiðbeiningar.

Þetta tilvik, sem við fyrstu sýn virðist e.t.v. einfalt, varpar vissu ljósi á þann vanda sem vikið var að hér að framan. Málsaðilanum var þarna tilkynnt í einu lagi um álagningu þrenns konar opinberra gjalda. Sorphirðu- og eyðingargjaldið er kæranalegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, kæruleið vegna fasteignagjalds er ýmist til Þjóðskrár Íslands eða yfirfasteignamatnefndar, eftir því hvort ágreiningur snýst um gjaldstofn eða gjaldskyldu, og kæruleið vegna álagningar vatnsgjalds er til innanríkisráðuneytisins.

Á árinu fundaði ég m.a. með fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem rætt var um vanda af þessu tagi og mögulega aðkomu sambandsins að úrbótum. Ég vakti af þessu tilefni athygli sambandsins á afgreiðslu minni á framangreindu máli og tel tilefni til að sveitarfélög hugi betur að þessu atriði í stjórnsýslu sinni.

### 3.2.3 Framsending mála – leiðbeiningarskylda stjórnvalda

Á stjórnvöldum hvílir skylda að framsenda erindi sem þeim berast og þau telja ekki heyrja undir starfssvið sitt. Í 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga segir að berist stjórnvaldi skriflegt erindi, sem ekki snertir starfssvið þess, beri því að framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem unnt er. Framsendingarskylda stjórnvalda getur einnig hvílt á grundvelli óskráðrar reglu sem hefur víðtækara gildissvið en ákvæði stjórnsýslulaga. Við afmörkun á framsendingarskyldu stjórnvalda verður að líta til þess að stjórnsýslunni er skipt upp eftir

málefnasviðum eða er falið tiltekið hlutverk. Stjórnvöld hafa almennt betri þekkingu á því en borgararnir hvar máli eða erindi er best fyrir komið innan stjórnslunnar. Þegar það liggur ljóst fyrir er hægt að beina erindinu á réttan stað ef stjórnvaldið telur málið ekki heyra undir málefnasvið sitt. Að mínu áliti takmarkast framsendingarskylda stjórnvalda við þá opinberu aðila sem fara að lögum með það starfssvið sem erindið varðar og eftir atvikum þá einkaaðila sem hafa fengið opinbert vald í tengslum við umrætt málefnasvið. Í þessu sambandi verður einnig að hafa hugfast að borgararnir kunna að hafa hagsmuni af því að erindi til stjórnvalds sé ekki sent á einkaaðila án vitneskju eða samþykkis þeirra. Í sumum tilvikum kann slíkt að vera í andstöðu við þagnarskyldureglur og lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Telji stjórnvald rétt að borgari snúi sér að tilteknum einkaaðila getur stjórnvaldið hins vegar leiðbeint honum um það.

Á framangreind sjónarmið reyndi í máli nr. 8543//2015 þar sem ég komst að þeirri niðurstöðu að fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefði ekki verið rétt að framsenda erindi aðila til tiltekins stéttarfélags með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnslulaga. Í málinu benti ég á að umrætt stéttarfélag stæði utan stjórnkerfisins og hefði ekki verið falið að fara með opinbert vald, a.m.k. ekki hvað erindi þessa einstaklings varðaði. Í álitinu benti ég ráðuneytinu á þau sjónarmið sem hér hafa verið rakin og beindi því til þess að huga betur að þeim sjónarmiðum í framtíðinni.

### 3.3 Ráðgjafarskyldan – lög um Stjórnarráð Íslands

Umboðsmanni Alþingis er með lögum fengið það hlutverk að hafa í umboði Alþingis eftirlit með því að stjórnslan starfi í samræmi við lög og þær reglur sem um hana gilda. Ég hef áður í störfum mínum sem umboðsmaður Alþingis hvatt til þess að stjórnvöld gæti að því að haga undirbúningi og framkvæmd á verkefnum stjórnslunnar þannig að þess sé gætt að skapa nauðsynlegt traust á verkum og úrlausnum mála innan hennar. Mikilvægur þáttur í því er að vanda til þessara verkefna og gæta þess að úrlausn mála sé í samræmi við gildandi reglur um form og efni. Ýmis ákvæði nýlegra laga um Stjórnarráð Íslands sem sett voru á árinu 2011 voru ætluð sem liður í því að bæta og styrkja stjórnslu ráðuneytanna. Ákvæði 20. gr. laganna um skyldu ráðherra til að leita álits ráðuneytis var liður í þessu. Í ákvæðinu kemur fram að ráðherra skuli leita álits ráðuneytis til að tryggja að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt. Starfsmenn ráðuneyta skulu í samræmi við stöðu sína og hlutverk veita ráðherra réttar upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að hann geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun. Með ákvæðinu var m.a. lögfest óskráð ráðgjafar- og trúnaðarskylda sem hvílir almennt á opinberum starfsmönnum.

Í athugasemdum við frumvarp það er varð að stjórnarráðslögunum er gerð nánari grein fyrir tilgangi ákvæðisins og inntaki þess. Þar er annars vegar vikið að skyldum ráðherra til að leita faglegs álits ráðuneytis og hins vegar ráðgjafar- og upplýsingaskyldu starfsmanna ráðuneyta. Þar kemur fram að ráðherra hvíli þær skyldur samkvæmt ákvæðinu að leita faglegs álits ráðuneytis til þess að tryggt sé að ákvarðanir og athafnir hans séu lögum samkvæmt. Ákvæðinu sé ætlað að tryggja að öll stjórnslu ráðherra og ráðuneytis sé í samræmi við ólögfesta réttmætisreglu stjórnsluréttar, þ.e. að ákvarðanir og athafnir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum eða lögmætum sjónarmiðum sem taki mið af þeim opinberu hagsmunum sem um ræðir hverju sinni. Nauðsynlegt sé vegna ábyrgðar ráðherra á stjórnarframkvæmdum að hann hafi á að skipa hæfu starfsliði í ráðuneytum sem geti veitt honum faglega ráðgjöf um framkvæmd ráðherrastarfsins. Þá byggist ákvæðið á því að á starfsmönnum ráðuneyta hvíli ákveðin hollustuskylda gagnvart þeim ráðherra sem fer með stjórn ráðuneytisins á hverjum tíma en á sama tíma er lögð áhersla á að ráðgjöf þeirra sé fagleg en ekki pólitísk og geti það hvílt á starfsmanni ráðuneytis að fullnægja skyldunni að eigin frumkvæði. (Alþt. 2010-2011, 139. löggj.þ., þskj. 1191.)



Á árinu setti ég fram athugasemdir í tveimur málum um að ákvæði 20. gr. stjórnarráðslaga hefði ekki verið fylgt. Annars vegar í máli nr. 8122/2014 sem varðaði samskipti innanríkisráðherra við lögreglustjórnann á höfuðborgarsvæðinu. Þar komst ég að þeirri niðurstöðu að samskipti fyrrverandi innanríkisráðherra hefðu gengið lengra en að í þeim hefðu aðeins falist almennar fyrirspurnir um stöðu rannsóknar umrædds máls. Taldi ég ráðherra ekki hafa sýnt fram á að ákvæðinu hefði verið fylgt vegna þeirra samskipta sem ráðherra átti við lögreglustjórnann út af lögreglurannsókninni. Í því sambandi benti ég auk þess á að forsenda þess að slík ráðgjöf yrði veitt væri að starfsmenn ráðuneytisins, og sérstaklega stjórnendur þess, hefðu vitneskju um hugsanleg áform ráðherra vegna tiltekinnna mála.

Hins vegar reyndi á sama ákvæði í máli nr. 8181/2014 sem laut að flutningi höfuðstöðva Fiskistofu. Í málinu komst ég að þeirri niðurstöðu að það hefði ekki samrýmst þeim skyldum ráðherra sem leiða af 20. gr. laganna að láta hjá líða að fá um það ráðgjöf innan ráðuneytisins, eða með öðrum hætti, hvort gildandi lagaheimildir stæðu til þess að ráðherra gæti tekið ákvörðun um flutning höfuðstöðva Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar áður en hann kynnti starfsmönnum Fiskistofu málið.

Ég taldi einnig sérstakt tilefni til þess að vekja athygli forsætisráðherra almennt á því að það virtist vera þörf á að huga betur að framkvæmd þessarar lagareglu innan stjórnarráðsins og þá í ljósi þessara tveggja mála. Það gerði ég með tilliti til þess samræmingarhlutverks sem forsætisráðherra er fengið í 8. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands.

### 3.4 Viðbrögð stjórnvalda við tilmælum umboðsmanns

#### 3.4.1 Sjálfstæðar úrskurðarnefndir

Í árskýrslu fyrir árið 2014 gerði ég viðbrögð sjálfstæðra stjórnvalda við tilmælum umboðsmanns að sérstöku umtalsefni, sjá bls. 23-26. Þar benti ég á að í þeim tilvikum sem stjórnvöld færu ekki að tilmælum umboðsmanns væri oftast um að ræða sjálfstæð stjórnvöld eða stjórn-sýslunefndir sem ráðherra færi ekki með almennar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart. Benti ég sérstaklega á viðbrögð úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða í nokkrum málum, sbr. einkum mál nr. 7484/2013. Nefndin hefur nú ásamt fleiri úrskurðarnefndum verið sameinuð í eina nefnd, úrskurðarnefnd velferðarmála.

Framanefnt mál varðaði ákvörðun Vinnuálastofnunar um að synja einstaklingi um greiðslu atvinnuleysisbóta og var hann beittur tilteknum viðurlögum og jafnframt endurkrafinn um ofgreiddar atvinnuleysisbætur. Þessi niðurstaða byggðist á tiltekinni túlkun nefndarinnar á 2. másl. 60. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar. Í álitinu í málinu komst ég að þeirri niðurstöðu að leggja yrði til grundvallar að lagaákvæðið áskildi huglæga afstöðu atvinnuleitanda, þ.e. ásetning, en ákvæðið fæli ekki í sér hlutlæga ábyrgð, eins og nefndin taldi. Niðurstaða mín var sú að afstaða úrskurðarnefndarinnar hefði því ekki verið í samræmi við lög. Ég mæltist til þess að nefndin tæki málið til umfjöllunar á ný leysti þá úr málinu í samræmi við þau sjónarmið sem gerð var grein fyrir í álitinu og gætti jafnframt betur að þessum atriðum í framtíðarstörfum sínum. Sá einstaklingur sem í hlut átti óskaði í kjölfarið eftir að málið yrði tekið upp á grundvelli álitsins. Úrskurðarnefndin kvað upp nýjan úrskurð í málinu þar sem fram kom að hún teldi fyrirbyggjandi úrskurð sinn réttilega byggðan á lögum og að viðurlögin hefðu verið réttilega ákvörðuð á grundvelli laga. Nefndin teldi því ekki forsendur fyrir endurupptöku málsins og hafnaði beiðni hans.

Jafnframt leiðbeindi ég öðrum einstaklingum sem leitað höfðu til mín með sambærilegar kvartanir að freista þess með vísan til niðurstöðunnar í álitinu að óska eftir því að nefndin tæki mál þeirrar til nýrrar meðferðar og lauk ég nokkrum slíkum málum

á árinu. Mér er kunnugt um að niðurstaða nefndarinnar hafi verið á sama veg í málum þessara einstaklinga, þ.e. að fallast ekki á endurupptöku. Í bréfum mínum til þessara einstaklinga benti ég á að þegar stjórnvald fellst ekki á afstöðu umboðsmanns til tiltekins máls sé almennt vandkvæðum bundið fyrir hann að aðhafast frekar af því tilefni umfram það að gera Alþingi grein fyrir því í skýrslu sinni. Í slíkum tilvikum yrði það því að vera verkefni dómstóla að skera úr þeim réttarágreiðingum sem uppi væri.

Einstaklingur sem hafði leitað til mín af þessu tilefni höfðaði í kjölfarið mál fyrir héraðsdómi þar sem þess var krafist að ákvarðanir Vinnuálfstofnunar og úrskurður úrskurðarnefndar atvinnuleysisstrygginga og vinnuálfstofnunar yrðu felldar úr gildi. Í forsendum niðurstöðu héraðsdóms, frá 15. mars 2016 í máli nr. E-2547/2015, var fallist „á þá efnislegu niðurstöðu umboðsmanns Alþingis, í fyrrgreindu álitum hans [nr. 7484]“ er laut að umfjöllun um þau lagaákvæði sem deilt var um í málinu og byggt á að verulegir annmarkar hefðu verið á málsmeðferð stjórnvalda í málinu og rökstuðningi ákvarðana þeirra. Af þessu leiddi að fallist var á kröfur aðila og ákvarðanirnar felldar úr gildi. Samkvæmt upplýsingum sem mér bárust í framhaldinu frá Vinnuálfstofnun var málinu ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Í frétt á heimasíðu Vinnuálfstofnunar 22. apríl 2016 var fjallað um dóm héraðsdóms og tekið fram að hann kunni að hafa fordæmisgildi í öðrum sambærilegum málum og einstaklingar gætu óskað eftir endurupptöku á máli sínu ef þeir teldu ástæðu til. Af þessu tilefni sendi ég þeim aðilum sem leituðu til mín á sínum tíma bréf þar sem þeim var bent á að freista þess að leita með mál sín til stofnunarinnar og óska eftir að mál þeirra yrði tekið til meðferðar á ný á sama grundvelli.

Ástæða þess að ég geri þetta að umtalfefni er sú að með lögum um umboðsmann Alþingis hefur löggjafinn komið á fót tilteknu úrræði handa borgurinum sem hluta af eftirlitskerfi sínu með framkvæmdarvaldinu. Samkvæmt lögnum geta borgararnir leitað til umboðsmanns með mál sín og m.a. fengið álit um það hvort stjórnvöld hafi fylgt lögum við meðferð og úrlausn þeirra. Þeir einstaklingar sem leituðu til umboðsmanns í framan- greindum málum fengu ekki leiðréttingu mála sinna fyrr en niðurstaða héraðsdóms lá fyrir. Í úrskurðum nefndarinnar um endurupptöku á málum þeirra, eftir að álit umboðsmanns lá fyrir, var ekki að finna sjónarmið sem höfðu ekki komið fram áður og fjallað hafði verið ítarlega um í álitinu. Eins og saga þessa máls ber með sér getur það verið bæði tímafrekt og kostnaðarsamt að fá leiðréttingu sinna mála hjá stjórnvöldum. Það á sérstaklega við ef afstaða stjórnvalds til leiðréttingar máls er neikvæð með þeim afleiðingum að borgarinn getur þurft að leita margsinnis til stjórnvalda og jafnvel eftirlitsaðila utan stjórnkerfis framkvæmdarvaldsins. Í þessu sambandi má ekki gleyma að þeir einstaklingar sem hér um ræðir geta staðið höllum fæti fjárhagslega og þeir hagsmunir sem eru undir varða lífsviðurværi þeirra á þessum tíma í lífi þeirra. Því er mikilvægt að afstaða stjórnvalda til leiðréttingar mála sé jákvæð enda er hlutverk þeirra að komast að niðurstöðu sem er rétt og lögum samkvæm.

Vegna þessa tilviks er jafnframt rétt að minna á að þarna átti í hlut sjálfstæð úrskurðarnefnd sem Alþingi hefur falið með lögum að úrskurða í stað ráðherra um lögmati ákvarðana lægra setts stjórnvalds. Það leiðir af sjálfstæði nefndarinnar að hefðbundnar leiðir ráðherra, og þá eftir atvikum í tilefni af aðkomu Alþingis og eftirlitstofnana þess að viðkomandi máli, eru mjög takmarkaðar. Ég hef áður lýst efasemdum mínum um þá þróun sem hefur einkennt þennan þátt íslenskrar stjórnsýslu, þ.e. að fela í auknum mæli sjálfstæðum úrskurðarnefndum að úrskurða endanlega á stjórnsýslustigi um ákvarðanir stjórnvalda. Tilefnið hefur ekki síst verið að þarna er komið á fót stjórnvöldum þar sem ekki er fyrir að fara ábyrgð með sama hætti og hjá þeim stjórnvöldum sem starfa undir stjórn ráðherra og hann ber ábyrgð á. Hluti af þeirri ábyrgð er að Alþingi getur kallað eftir skýringum ráðherra og komið milliliðalaust á framfæri athugasemdum og gagnrýni við störf ráðherra og þeirra sem starfa á hans ábyrgð, t.d. í tilefni af athugasemdum

umboðsmanns Alþingis, sem eftirlitsmanns Alþingis með stjórnarsýslunni. Slík skipan mála er einnig hluti af því aðhaldi sem mikilvægt er að Alþingi og stofnanir þess veiti framkvæmdarvaldinu.

### 3.4.2 Lægra sett stjórnvöld

Mikilvægt er að hafa í huga þann mun sem er á aðstöðu ráðherra gagnvart lægra settum stjórnvöldum annars vegar og sjálfstæðum stjórnvöldum hins vegar. Ólíkt því sem gildir um samband ráðherra og sjálfstæðra stjórnvalda, og rakið var hér að framan, getur ráðherra í ljósi yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna haft afskipti af framkvæmd mála hjá lægra settum stjórnvöldum sem hann telur að sé ekki í samræmi við lög. Eitt mál sem ég lauk á árinu sýnir vel þá ólíku stöðu sem ráðherra er í gagnvart lægra settum stjórnvöldum samanborið við sjálfstæð stjórnvöld, sbr. mál nr. 7940/2014, sem rakið er í kafla III.6.1. Málið varðaði útreikninga á greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í lyfjakostnaði þegar lyfjabúðir veita afslætti af lyfjum. Niðurstaða mín var sú að velferðarráðuneytið hefði ekki sýnt með ótvíræðum hætti fram á að fullnægjandi lagagrundvöllur væri fyrir umræddri framkvæmd sjúkratrygginga. Mæltist ég til þess að breytingar yrðu gerðar á framkvæmd stofnunarinnar þannig að hún samræmdist gildandi lögum. Væri það afstaða stjórnvalda að aðferðin sem væri viðhöfð væri æskileg þyrfti að leita eftir viðbrögðum Alþingis við lagabreytingum þar um.

Í kjölfar álitsins birtist frétt um málið á [www.visi.is](http://www.visi.is), dags. 10. febrúar 2016, þar sem haft var eftir forstjóra Sjúkratrygginga Íslands að stofnunin ætlaði ekki að breyta vinnulagi sínu við útreikning á greiðsluþátttöku við lyfjakaup eftir álitid. Áfram yrði unnið eftir lögum og reglugerð sem byggði á lögðum um sjúkratryggingar. Velferðarráðuneytið sendi sjúkratryggingum bréf í kjölfarið þar sem því var beint til Sjúkratrygginga Íslands að láta af þeirri framkvæmd sem hafði verið viðhöfð við umrædda útreikninga. Í frétt á heimasíðu sjúkratrygginga í lok mars 2016 kom fram stofnunin myndi breyta framkvæmdinni í samræmi við tilmælin.

Í ljósi ummæla forstjóra sjúkratrygginga af þessu tilefni er rétt að minna á að eftirlit umboðsmanns er hluti af eftirliti Alþingis með framkvæmdarvaldinu og tekur til allra þeirra sem fara með stjórnarsýsluvald nema undantekningar séu gerðar frá því í lögum. Almenn bregðast stjórnvöld vel við fyrirspurnum umboðsmanns sem og tilmælum og ábendingum þótt undantekningar séu á því, eins og í framangreindu máli. Segja má að einn angi af því sé þegar stjórnvöld vísa til þess að sérstök lög og reglur gildi um starfsemi þeirra sem þeim beri að starfa eftir. Í því sambandi legg ég áherslu á að þegar sérákvæðum laga sleppir gilda reglur stjórnarsýsluréttarins um starfsemi stjórnvalda auk þess sem þau þurfa að huga að samspili einstakra lagaákvæða og -bálka. Stjórnvöldum tjóir því ekki að bera fyrir sig að tilteknar reglur gildi um starfsemi þeirra án þess að hugað sé að samræmi þeirra við önnur lög og reglur sem jafnframt gilda um störf þeirra og hafa áhrif á hvernig stjórnvöld þurfa að beita þeim efnisreglum sem gilda á viðkomandi sviði.

### 3.5 Ábendingar í tilefni laga sem varða rannsóknarheimildir stjórnvalda vegna ætlaðra brota á reglum um gjaldeyrishöft og um færslu opinberra verkefna til einkahlutafélags

Það er fyrst og fremst hlutverk umboðsmanns Alþingis að hafa eftirlit með því í umboði Alþingis að stjórnarsýsla ríkisins og sveitarfélaga sé í samræmi við þau lög sem Alþingi hefur sett og reglur settar á grundvelli þeirra sem og almennar grundvallarreglur sem taldar eru gilda um þessi mál. Þetta á bæði við um að stjórnarsýslan leysi úr málum borgaranna í samræmi við þær málmeðferðareglur sem gilda um viðkomandi málefni og borgararnir fái notið þess efnislega réttar sem Alþingi hefur ákveðið að þeir skuli njóta. Það fellur því almennt utan við starfssvið umboðsmanns að fjalla um hvernig til hefur tekist af

hálfu Alþingis um löggjöf á einstökum sviðum og um einstök atriði. Í þessum sambandi þarf að hafa í huga að niðurstaða um hvernig haga skuli löggjöf er byggð á pólitísku mati þeirra sem kjörnir hafa verið til setu á Alþingi og þá oft vali á milli ólíkra leiða. Það gefur því augaleið að það kunna að vera uppi mismunandi skoðanir meðal borgarana hvernig haga eigi löggjöf um einstök atriði og hvort hún telst réttlát og sanngjörn. Eins og sést af yfirliti um skiptingu þeirra kvartana sem vísað hefur verið frá, sjá II, kafla 2.3, þar sem málið hefur fallið utan starfssviðs umboðsmanns, voru 39% þeirra mála á árinu 2015 vegna starfa Alþingis og þá í flestum tilvikum vegna lagasetningar.

Þótt gengið sé út frá því að Alþingi hafi sem löggjafi almennt frjálsar hendur um hvernig hann hagar efni löggjafar þá setja ákvæði stjórnarskrár og alþjóðlegar skuldbindingar, sem Ísland hefur undirgengist, þessu valdi ákveðin takmörk. Löggjöfin þarf að samrýmast ákvæðum stjórnarskrár og þessum skuldbindingum. Þessu til viðbótar getur reynt á hvaða kröfur almennar óskráðar grundvallarreglur setja löggjafarvaldinu, svo sem um skipan mála þannig að það teljist uppfylla þær kröfur sem leiða af grundvallarreglum réttarríkisins og mannréttindum borgaranna.

Í 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, segir að ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum skal hann tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn. Þetta ákvæði var skýrt svo í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að fyrstu lögum um umboðsmann Alþingis, þ.e. lög nr. 13/1987: „Meinbugir á lögum eða reglum geta verið nánast formlegs eðlis, svo sem misræmi milli ákvæða, prentvillur, óskýr texti o.fl. Einnig geta meinbugir verið beinlínis fölgir í efnisatriðum, svo sem mismunar milli manna, reglugerðarákvæði skorti lagastoð eða hreinlega að telja verði ákvæði ranglátt mælt á huglægan mælikvarða. Allt þetta getur umboðsmaður látið til sín taka skv. 11. gr. frv.“ Það er ljóst af þessu að umboðsmanni er með þessu veitt verulegt svigrúm til að láta málefni til sín taka samkvæmt heimildinni í 11. gr.

Í framkvæmd hefur umboðsmaður þó farið varlega í að beita þessari heimild og á hana hefur einkum reynt þegar fyrir liggur að hrein mistök hafa orðið við lagasetningu, reglugerðarákvæði skortir lagastoð eða telja verður í ljósi dóma Hæstaréttar, Mannréttindadómstóls Evrópu eða annarra fjölþjóðlegra eftirlitsstofnana að atriði í lögum samrýmist ekki niðurstöðum þessara aðila. Við athuganir umboðsmanns á einstökum kvörtunum og þeim ábendingum sem honum berast vakna hins vegar iðulega álitamál um hvort tilefni sé til þess að umboðsmaður sinni þeirri tilkynningaskyldu sem lögð er á hann í 11. gr. Í sumum tilvikum tengjast slík álitamál því hvernig löggjafinn eða stjórnvöld sjálf hafa kosið að haga því hvaða aðili innan eða utan stjórnýslunnar fer með tiltekin mál og hvernig þessi verkefni samrýmast öðrum verkefnum viðkomandi aðila og hvaða valdheimildir honum eru fengnar. Hér þarf að hafa í huga að athugun umboðsmanns á þessum málum krefst bæði mannafla og tíma af hálfu hans sjálfs og starfsmanna hans. Það hefur ítrekað komið fram að síðustu ár hafa aðstæður í starfi umboðsmanns verið með þeim hætti að fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á að sinna afgreiðslu kvartana. Aðeins hefur því í undantekningartilvikum verið unnt að sinna málum sem lúta að hugsanlegum meinbugum á lögum rétt eins og raunin hefur verið með frumkvæðismál.

Ég hafði allt frá árinu 2010 í framhaldi af kvörtunum og ábendingum haft til athugunar atriði sem tengdust framkvæmd á lögum og reglum um hin svonefndu gjaldeyrishöft og rannsókn stjórnvalda á ætluðum brotum á þeim reglum. Framkvæmd þessara mála var að stærstum hluta til í höndum Seðlabanka Íslands og voru hluti af auknum og breyttum verkefnum sem bankinn tókst á við í kjölfar þeirra umskipta sem urðu í starfsemi fjármála-fyrirtækja og efnahagsmálum hér á landi haustið 2008. Meðal þeirra verkefna voru einnig meðferð og sala þeirra eigna sem seðlabankinn og að hluta ríkissjóður fengu til fullnustu á lánnum og kröfum vegna fyrirgreiðslu við fjármálafyrirtæki. Við athugun mína á þessum

málum vakti það athygli mína að seðlabankinn hafði tekið þá ákvörðun að stofna einkahlutfélag í eigu bankans til að annast þessi síðastnefndu verkefni og hafði þannig flutt ákveðin opinber verkefni bankans til einkaaðila, þ.e. einkahlutafélags. Þar reyndi því á hvort fullnægjandi lagaheimild væri fyrir hendi til að standa þannig að málum.

Meðan þessi mál voru til athugunar hjá mér voru gerðar ýmsar breytingar á lögum vegna þessara mála og þá fyrst og fremst um lagagrundvöll efnisreglna um gjaldeyrishöftin og hvaða aðili færi með rannsókn ætlaðra brota á þeim og um rannsóknarheimildir. Athugun mín hafði m.a. beinst að því hvort tilefni væri til þess að fjalla um þessi mál í sérstöku frumkvæðismáli, sbr. heimild í 5. gr. laga nr. 85/1997, og hvort tilefni væri til þess að beita heimildinni í 11. gr. sömu laga og tilkynna hlutaðeigandi um meinbugi á lögum. Í október 2015 ákvað ég m.a. í ljósi þess að ekki væru horfur á að unnt yrði vegna anna við önnur verkefni að fella þessa athugun í farveg formlegs frumkvæðismáls að ljúka umræddri athugun minni með bréfi sem ég sendi fjármála- og efnahagsráðherra, bankaráði seðlabankans, seðlabankastjóra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis. Þar gerði ég grein fyrir athugun minni og koma á framfæri tilteknum ábendingum, einkum um nauðsyn þess að refsheimildir og lagagrundvöllur athugana stjórnvalda á ætluðum brotum á lögum og reglum væri fullnægjandi. Þá fjallaði ég um nauðsyn þess að fullnægjandi lagagrundvöllur væri fyrir hendi til þess að flytja eignir og verkefni í hlutafélag í eigu Seðlabanka Íslands. Efni þessa bréfs er nánar lýst í kafla III.4.1. Bréfið var einnig birt með frétt á heimasíðu umboðsmanns 6. október 2015.

Þetta mál er mér tilefni til þess að minna á fyrri ábendingar mínar um mikilvægi þess að vandað sé til lagasetningar af hálfu Alþingis og undirbúningi hennar. Eftirlit umboðsmanns beinist, eins og áður sagði, fyrst og fremst að því að borgararnir njóti þeirra réttinda sem Alþingi hefur mælt fyrir um og meðferð mála þeirra sé í samræmi við lög og reglur, bæði skráðar og óskráðar. Það er liður í því að auka réttaröryggi borgaranna að þau lög sem Alþingi setur um þessi mál sé skýr og þar sé tekin skýr afstaða til þeirra grundvallaratriða sem lúta að réttindum borgaranna, einkum þegar í hlut eiga atriði sem lúta að stjórnarskrárvörðum réttindum borgaranna, mannréttindareglum og heimildum stjórnvalda til að grípa inn í slík réttindi borgaranna. Það skiptir líka máli fyrir réttarstöðu borgaranna sem og eftirlit umboðsmanns Alþingis að fyrir liggi skýr afstaða Alþingis hvernig eigi að skipa þeim verkefnum sem hið opinbera fer með með tilliti til þess hvort þau eigi að vera hluti af stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga eða lúta einkaréttarlegum lögmaðum, svo sem í formi hlutafélaga. Ákvörðun um þetta atriði hefur t.d. þýðingu um hvort borgarinn njóti þeirra réttinda sem hann á sem aðili máls á grundvelli stjórnsýslulaga.

### 3.6 Hlutlægni og sjálfstæði rannsakenda við rannsókn sakamála

Það er talið meðal grundvallaratriða í réttarríki og þáttur í mannréttindavernd borgaranna að gætt sé hlutlægni við rannsókn sakamála. Í því felst að almenningur á að geta treyst því að ákvarðanir lögreglu við rannsókn séu málefnalegar þannig að gætt sé jafnræðis meðal borgaranna, óháð því hver á í hlut. Aukið vægi mannréttindareglna og úrlausnir dómstóla á þeim vettvangi hafa orðið til að leggja áherslu á þessa þróun og festa hana í sessi. Þessar reglur beinast að því að tryggja að lögreglurannsókn mála sem lögbær yfirvöld hafa ákveðið að hefja, annaðhvort í tilefni af kæru borgara sem telur að brotið hafi verið gegn honum með refsiverðum hætti eða að eigin frumkvæði, fari fram án afskipta af hálfu þeirra sem ekki eru bærir eða hæfir til þess að koma að þeim málum, þ.m.t. vegna tengsla sinna við viðkomandi mál. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að þeir stjórnmaðlamenn sem jafnframt koma að störfum í stjórnsýslunni og fara þar með almennar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir hafi ekki afskipti af rannsóknnum einstakra sakamála.



Á þessi atriði reyndi í máli nr. 8122/2014, sjá kafla III.8.1. Athugun mín beindist að því hvort það hefði samrýmst gildandi reglum að innanríkisráðherra og aðstoðarmenn ráðherra hefðu tiltekin samskipti við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og embætti hans vann að lögreglurannsókn á kærnum vegna meintra brota sem kærndur töldu að mætti rekja til meðferðar innanríkisráðuneytisins og starfsmanna þess á trúnaðarupplýsingum um þá. Í málinu reyndi því á hvaða skorður reglur um sjálfstæði lögreglunnar við rannsókn sakamáls og hæfisreglur stjórnvæðingisins settu því að sá sem færi með yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir sem ráðherra lögreglumála gæti á sama tíma og hann tengdist viðkomandi sakamáli, með þeim hætti sem þarna var raunin, komið fram gagnvart lögreglu og haft tiltekin samskipti við hana.

Í málinu benti ég á að meðal þeirra verkefna sem lögreglan færi með væri rannsókn sakamála. Í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála, kæmu m.a. fram tvær undirstöðureglur íslensks sakamálaréttarfars, hlutlægnisreglan og sannleiksreglan. Þessum reglum væri ætlað að tryggja að rannsókn sakamáls leiddi hið sanna í ljós í hverju máli og rannsakendur gættu hlutlægni í störfum sínum. Af áður nefndum reglum leiðir að þeir sem sinna rannsókn sakamáls skulu vera óhlutdrægir í störfum sínum og leysa þau af hendi á hlutlægan hátt. Það samrýmdu því ekki þessum reglum ef þeir sem færu með rannsókn slíkra mála væru á einhvern hátt tengdir eða háðir þeim sem rannsóknin beindist að eða nátengdum aðilum eða að slíkir aðilar gætu haft áhrif á framgang rannsóknarinnar og þar með hvernig rannsakendur sinntu störfum sínum.

Í samræmi við það sem hér hefur verið rakið var það niðurstaða mín að efni samskipta innanríkisráðherra við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu hefði ekki samrýmst þeim reglum sem ráðherra bar að virða um sjálfstæði og hlutlægni lögreglunnar við rannsókn þessa tiltekna sakamáls. Innanríkisráðherra fór á þessum tíma með yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart lögreglustjóranum og embætti hans og bar sérstök skylda til þess að virða þessar reglur um stöðu lögreglunnar, og eftir atvikum ákærvalds, í samskiptum sínum við lögreglustjóran vegna sakamálsins. Samskiptin voru því að mínu mati ósamrýmanleg stöðu ráðherra sem yfirstjórnanda lögreglunnar.

Sem eftirlitsmaður með stjórnvæðingunni tel ég ástæðu til þess að undirstrika að þótt í þessu máli hafi verið fjallað um tiltekin samskipti ráðherra og lögreglustjórans er mikilvægt að borgararnir geti jafnan treyst því að rannsókn sakamála í tilefni af kærnum þeirra sem beinast gegn stjórnvöldum fari fram án afskipta fyrirsvarsmanna viðkomandi stjórnvalds. Ef þessa er ekki gætt er m.a. hætt á slíkum afskiptum ef þeir sem kærur til lögreglu lúta að tengjast fyrirsvarsmönnum í stjórnvæðingunni, svo sem ráðherrum persónulega. Ég tel nauðsynlegt sem umboðsmaður Alþingis að vera á varðbergi um að slík þróun verði ekki í íslenskri stjórnvæðing. Þá er líka mikilvægt að þeir fulltrúar lögreglunnar sem í hlut eiga bregðist við og gæti þess að þarna sé ekki farið yfir þau mörk sem hér eru gerð að umtalsefni.

### 3.7 Ráðstöfun opinberra eigna

Í gegnum tíðina hafa mótast ákveðnar reglur um meðferð mála í opinberri stjórnvæðing og þar með um réttindi borgaranna og skyldur þeirra sem fara með stjórnvæðingvald. Þótt þessar reglur hafi með vissum hætti fest sig síðar í sessi hér á landi heldur en t.d. á hinum Norðurlöndunum er kjarni þessara reglna hinn sami. Þeim er ætlað að tryggja réttaröryggi borgaranna í samskiptum við stjórnvöld. Tilefni reglnanna er ekki síst það einhliða vald sem handhafar stjórnvæðingvalds, svo sem ráðherrar, sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins, fara með í skjóli þeirra laga sem gilda um efni þeirra mála sem þeir fjalla um og um störf þeirra. Reglur um síðara atriðið hef ég gjarnan kosið að fella undir hugtakið stjórnvæðingreglur og þá er átt við þær reglur sem gilda almennt um form og efni við töku ákvarðana og málsmeðferð í stjórnvæðingunni. Þessar reglur geta bæði verið

lögfestar og ólögfestar. Dæmi um fyrra tilvikið eru stjórnarsýslulög og upplýsingalög og um það síðara óskráðar grundvallarreglur stjórnarsýsluréttarins. Á síðari árum hafa líka í auknum mæli komið til áhrif frá mannréttindareglum og auknar kröfur um gegnsæi og opna stjórnarsýslu.

Ég minnst þess frá þeim tíma þegar unnið var að undirbúningi að lögfestingu stjórnarsýslulaga hér á landi og á fyrstu árum þeirra að ýmsum í stjórnarsýslunni þótti þetta óþarfa reglufesta og íþyngjandi við framkvæmd hinna daglegu starfa. Þar kom ekki síst til að nú gat hinn almenni borgari byggt þann rétt sem hann hafði almennt átt áður á grundvelli óskráðra reglna á skráðum lögum og þar með reglum sem mátti lesa í lagasafninu. Ég finn ekki annað í samskiptum mínum við starfsfólk stjórnarsýslunnar nú en að það telji mikilvægt að framkvæma þessar reglur með réttum hætti og þar sé líka skilningur á því að þessar reglur eigi, ef rétt er haldið á málum, að auðvelda samskiptin við borgarana og leggja grunn að betri málsmeðferð í þágu borgaranna og skilningi á niðurstöðu í málum þeirra.

Það er þó eitt málefni sem óhjákvæmilega fylgir opinberri starfsemi, hvort sem það er hjá ríki eða sveitarfélögum, þar sem ég finn fyrir því að það gætir oft tregðu til þess að fylgja stjórnarsýslureglum við meðferð valds og ákvarðanatöku. Það er við ráðstöfun opinberra eigna. Þetta gerist þrátt fyrir að Hæstiréttur Íslands hafi í dómi frá 23. mars 2000 í máli nr. 407/1999 sagt: „Þegar stjórnvald ráðstafar eignum ríkisins gilda um þá ákvörðun reglur stjórnarsýsluréttar. Um kaupsamninginn annars gilda almennar reglur um fasteignakaup eftir því sem við getur átt.“

Astæða þess að ég nefni þetta atriði í skýrslu minni til Alþingis er að ég tel mikilvægt að Alþingi hafi þetta atriði í huga þegar það tekur afstöðu til þess hvernig skipa eigi málum að þessu leyti þegar kemur að ákvörðunarvaldi um og meðferð opinberra eigna. Sama á líka við þegar Alþingi sinnir eftirlitshlutverki sínu með starfsemi framkvæmdarvaldsins. Skýr afstaða löggjafans að þessu leyti skiptir máli gagnvart borgurunum og öðrum sem eiga í samskiptum eða viðskiptum vegna opinberra eigna, og þá líka eigna sem hafa orðið til í opinberri starfsemi, þegar kemur að því eftir hvaða leikreglum eigi að fara í samskiptum aðila. Svara verður þeirri spurningu hvort reglur stjórnarsýsluréttarins eigi við um hina eiginlegu ákvarðanatöku og meðferð hins einhliða stjórnarsýsluvalds þar til kemur að gerð samninga eða hvort ætlunin er að þessi mál lúti alfarið reglum einkaréttarins.

## 4 Frumkvæðismál

### 4.1 Inngangur

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1997 getur umboðsmaður ákveðið að taka mál til meðferðar að eigin frumkvæði. Þá getur umboðsmaður jafnframt tekið starfsemi og málsmeðferð stjórnvalds til almennrar athugunar. Frumkvæðiseftirlit á þessum grundvelli er sérstaklega til þess fallið að veita umboðsmanni Alþingis færi á því að stuðla að umbótum í stjórnarsýslunni og þar með að rækja það lögbundna hlutverk að tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Ég minni á að í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að eldri lögum um umboðsmann Alþingis, nr. 13/1987, sagði að einn þáttur í starfi umboðsmanns skyldi vera að gera „tillögur almenns eðlis til endurbóta á stjórnarsýslu“. (Alpt. 1986-1987, A-deild, bls. 2560.) Við athugun umboðsmanns á tilteknum kvörtunum koma af og til fram atriði sem hann getur ekki fjallað um á þeim grundvelli, einkum vegna þess að þær uppfylla ekki skilyrði þess að kvörtun verði tekin til meðferðar, sbr. 6. gr. laga nr. 85/1997. Þegar umboðsmaður telur engu að síður tilefni til að taka slíkt mál til skoðunar getur hann lokið máli með því að senda frá sér álit á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997.

Engin mál voru tekin til formlegrar athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns árið 2015 en einu slíku máli var lokið í ársbyrjun. Eins og áður hefur komið fram hefur embætti umboðsmanns aðeins í takmörkuðum mæli getað sinnt athugunum mála að eigin frumkvæði síðustu ár. Um áramótin biðu afgreiðslu 11 frumkvæðismál sem hófust fyrir 2015. Til að bregðast við takmörkuðum möguleikum embættisins til að taka mál til formlegrar frumkvæðisathugunar hefur umboðsmaður í ákveðnum tilvikum farið þá leið að senda stjórnvöldum fyrirspurnir vegna mála þar sem hann hefur talið þörf á að kanna hvort tilefni sé til þess að ráðast í frumkvæðisathuganir. Þessar fyrirspurnir hafa jafnframt haft þann tilgang að koma upplýsingum á framfæri við stjórnvöld, um atriði úr stjórnsýslu-framkvæmd eða meðferð einstakra mála, þannig að þau geti þá sjálf brugðist við og bætt úr viðkomandi atriðum án frekari aðkomu umboðsmanns að málinu. Slík mál eru þá ekki skráð formlega sem frumkvæðismál heldur kallast þau forathugunarmál. Það fer síðan eftir svörum stjórnvaldsins hvort málinu er lokið í kjölfar svara þess eða málið tekið til formlegrar athugunar. Á árinu 2015 sendi ég stjórnvöldum 18 slík forathugunarbréf sem er sami fjöldi og árið áður. Að fengnum svörum frá stjórnvöldum ákvað ég að aðhafast ekki frekar vegna 11 forathugunarmála en um áramót voru svör vegna 25 slíkra mála til athugunar og í 14 tilvikum var beðið eftir svörum frá stjórnvöldum.

#### 4.2 Frumkvæðis- og forathugunarmál sem hófust á árinu 2015

Á árinu 2015 var ekkert mál tekið til formlegrar athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns. Í 18 tilvikum var hins vegar óskað eftir upplýsingum frá stjórnvöldum til þess að leggja mat á hvort tilefni væri til að taka tiltekið málefni til athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns. Fyrirspurnirnar beindust að eftirfarandi atriðum:

1. Ráðningum sumarstarfsmanna hjá ríkisskattstjóra í tengslum við átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 6. febrúar 2015, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4.
2. Hvernig innanríkisráðuneytið fylgist með viðmiðum og reglum sem það hefur sett sér um málshraða við afgreiðslu á erindum fanga, einkum stjórnsýslukærum. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 30. nóvember 2015, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4.
3. Afgreiðslu innlagnarbeiðna á heilbrigðisstofnanir.
4. Ákvörðunartöku um veitingu reynslulausnar úr fangelsi.
5. Skráningu og notkun fjölskyldunúmera hjá Þjóðskrá Íslands.
6. Málsmeðferð við afgreiðslu umsókna um samþykki fyrir veðsetningu fasteigna samkvæmt 5. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.
7. Breytingum á starfsemi og verkefnum lögbundinna ríkisstofnana með hliðsjón af sameiningu Námsgagnastofnunar og Námsmatsstofnunar.
8. Eftirliti fagráðuneyta með verkefnum sveitarfélaga. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 11. desember 2015, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4.



9. Möguleikum eftirlifandi aðstandenda til að leggja fram kvörtun hjá landlækni yfir mistökum eða vanrækslu sem þeir telja hafa leitt til andláts sjúklings. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 28. ágúst 2015, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4 og III.6.2.
10. Stöðu, verkefnum og starfsháttum fagráðs eineltismála í grunnskólum. Eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með starfi þess.
11. Álagningu leyfisgjalds við Háskóla Íslands. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 9. október 2015, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4.
12. Verklagi við framkvæmd 4. og 12. gr. reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík og hvernig leiðbeiningum til umsækjenda er háttað í þeim tilvikum.
13. Staðfestingum velferðarráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.
14. Skipulagi á framkvæmd við skil á haldlögðum munum.
15. Gjaldtöku Reykjavíkurborgar fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem er eldra en 67 ára. Ég lauk málinu með bréfum til Reykjavíkurborgar og velferðarráðuneytisins, dags. 9. febrúar 2016, eins og nánar er gerð grein fyrir í kafla I.4.4.
16. Afgreiðslutíma mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kærumálum. Ég lauk málinu með bréfi, dags. 9. febrúar 2016. Nánari grein verður gerð fyrir því í ársskýrslu minni fyrir árið 2016.
17. Málsmeðferð og rannsókn Útlendingastofnunar á umsóknum um mannúðarleyfi af heilbrigðisástæðum.
18. Skilyrðum reglna Reykjavíkurborgar um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur.

#### **4.3 Frumkvæðismál sem lokið var við á árinu 2015 og viðbrögð stjórnvalda við þeim**

Eins og árið 2014 ákvað ég að forgangsraða verkefnum embættisins og nýta fjárveitingar til að sinna afgreiðslu á kvörtunum eins fljótt og kostur var. Af því leiðir að ekki gafst mikill tími til að sinna frumkvæðisathugunum. Ég lauk þó einni slíkri athugun í ársbyrjun. Sú athugun laut að samskiptum innanríkisráðherra og aðstoðarmanna ráðherra við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu. Þá lauk ég einu máli á árinu þar sem ég gerði grein fyrir athugun sem ég hafði unnið að á síðustu árum vegna atriða tengdum athugunum og rannsóknum Seðlabanka Íslands vegna gruns um brot á reglum um gjaldeyrishöft og lagagrundvelli fyrir flutningi verkefna bankans í einkahlutafélag.

##### **1. Samskipti innanríkisráðherra við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu, mál nr. 8122/2014**

Athugun mín beindist að því hvort það hefði samrýmst gildandi reglum að innanríkisráðherra og aðstoðarmenn ráðherra hefðu tiltekin samskipti við lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og embætti hans vann að lögreglurannsókn á

kærum vegna meintra brota sem kærendur töldu að mætti rekja til meðferðar innan-ríkisráðuneytisins og starfsmanna þess á trúnaðarupplýsingum um þá. Ég lauk málinu með álitni, sbr. mál nr. 8122/2014, kafla III.8.1. Nánari grein er gerð fyrir niðurstöðum mínum og viðbrögðum stjórnvalda þar.

## **2. Rannsóknir vegna gruns um brot á reglum um gjaldeyrishöft og lagagrundvöllur fyrir flutningi verkefna Seðlabaka Íslands í einkahlutafélag**

Athugun mín beindist að atriðum tengdum athugunum og rannsóknum Seðlabanka Íslands vegna gruns um brot á reglum um gjaldeyrishöft. Þá laut hún einnig að laga-grundvelli fyrir flutningi verkefna á sviði umsýslu og sölu eigna sem seðlabankinn hefur farið með frá árinu 2008 vegna fyrirgreiðslu við fjármálaforritæki og falls þeirra. Af þessu tilefni sendi ég fjármála- og efnahagsráðherra, bankaráði Seðlabanka Íslands, seðlabankastjóra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis bréf þar sem ég gerði grein fyrir athugun minni. Nánar er gerð grein fyrir málinu og viðbrögðum stjórnvalda í kafla III.4.1.

### **4.4 Forathugunarmál sem lokið var á árinu 2015 og viðbrögð stjórnvalda við þeim**

Eins og áður hefur komið fram hef ég í ýmsum tilvikum óskað eftir upplýsingum frá stjórnvöldum til þess að leggja mat á hvort tilefni sé til að taka tiltekið málefni til athugunar að eigin frumkvæði umboðsmanns. Á árinu 2015 ákvað ég að ekki væri tilefni til að aðhafast frekar í eftirfarandi málum í kjölfar svara stjórnvalda:

#### **1. Réttarstaða og ráðningarkjör aðjúnkta við Háskóla Íslands, mál nr. F0010/2013**

Athugun mín laut að því hvort Háskóli Íslands hygðist taka til skoðunar hvort réttarstaða og ráðningarkjör aðjúnkta við skólann væru í samræmi við lög. Í samskiptum við Háskóla Íslands kom fram að stofnaður hefði verið vinnuhópur sem myndi fara yfir umhverfi aðjúnkta í kjölfar breyttra reglna um ráðningu akademískra starfsmanna og leggja til úrbætur. Honum hefði verið falið að taka ábendingar sem ég hafði komið á framfæri til athugunar. Í bréfi Háskóla Íslands, dags. 28. maí 2014, kom síðan fram að niðurstaða vinnuhópsins væri í meginráttum að réttarstaða og ráðningarkjör aðjúnkta þættu í samræmi við lög en orðalag reglna sem um þá gilda mættu í einhverjum tilvikum vera skýrari. Framkvæmd væri skýr og ekki léki vafi á réttarstöðu þeirra hvað varðaði starfsskyldur, ráðningarferli og annað sem sneri að störfum þeirra innan Háskóla Íslands. Í bréfinu var síðan að finna frekari skýringar á réttarstöðu og ráðningarferli aðjúnkta við Háskóla Íslands. Í ljósi þessa og þess að ég hef ekki orðið þess var í störfum mínum að uppi sé almennur vandi hjá Háskóla Íslands að þessu leyti taldi ég ekki tilefni til að aðhafast á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lauk málinu með bréfi, dags. 5. mars 2015. Ég tók fram að ég vænti þess að Háskóli Íslands tryggði að aðjúnktar yrðu upplýstir um réttarstöðu sína, s.s. þegar forsetar fræðasviða gera við þá skriflega ráðningarsamninga.

#### **2. Álagning búnaðargjalds, mál nr. F0017/2013**

Athugun mín laut að fyrirkomulagi við álagningu búnaðargjalds og samræmi þess við félagafrelsisákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Við athugun mína leit ég til 11. gr. laga nr. 85/1997 þar sem fram kemur að umboðsmaður skuli tilkynna Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn ef hann verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Sú heimild hefur t.a.m. verið nýtt þegar umboðsmaður telur að af dómum Hæstaréttar Íslands, eða eftir atvikum alþjóðlegra úrskurðaraðila, megi

leiða þá niðurstöðu að ósamræmi sé milli laga og stjórnarskrár og/eða þjóðréttarlegra skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Ég lauk athugun minni á málinu með bréfi, dags. 5. júní 2015, með vísan til þess að ég hefði fengið staðfest að dómsmál hefði verið höfðað gegn ríkinu vegna umræddrar gjaldtöku. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 6. janúar 2016 í máli nr. E-5097/2014 var álagning og innheimta gjaldsins talin andstæð ákvæðum stjórnarskrár. Dóminum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

### **3. Hæfi formanns og varaformanns úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála, mál nr. F0021/2014**

Athugun mín laut að því hvernig innanríkisráðuneytið hefði gætt að því skilyrði 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um póst- og fjarskiptastofnun, að formaður og varaformaður úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála skuli fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara, við skipun í nefndina og að þeim hefði verið fullnægt frá árinu 2012. Í bréfum innanríkisráðuneytisins til mín, dags. 30. maí 2014 og 30. september s.á., kom m.a. fram að ráðuneytið hefði talið að þeir nefndarmenn, sem um ræddi, hefðu allir uppfyllt umrætt hæfisskilyrði. Þá var athygli mín vakin á því að fyrirtækið A hefði lagt fram stefnu vegna málsins á hendur Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirtækinu B. Eftir að hafa kynnt mér stefnuna taldi ég að í málinu kynni að reyna að þau atriði fyrir dómstólum sem annars myndi reyna á við athugun mína á málinu. Í ljósi þeirrar verkaskiptingu sem byggt er á í lögum nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, milli umboðsmanns og dómstóla taldi ég því ekki rétt að taka málið til athugunar að svo stöddu og lauk því með bréfi, dags. 16. febrúar 2015. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2015 í máli nr. E-2249/2014 var umræddur úrskurður úrskurðarnefndarinnar felldur úr gildi en í dóminum kemur ekki fram afstaða til túlkunar innanríkisráðuneytisins á umræddu hæfisskilyrði.

### **4. Tilsjónarvald innanríkisráðuneytisins gagnvart þjóðkirkjunni og stofnunum hennar, mál nr. F0026/2014**

Tildrög málsins voru þrjár kvartanir sem áttu það sammerkt að einstaklingar sem voru skráðir í þjóðkirkjuna og töldu að kirkjan eða einstakir starfsmenn hennar hefðu ekki farið að lögum í tilteknum tilvikum höfðu leitað til innanríkisráðuneytisins vegna þess en ráðuneytið talið falla utan valdsviðs síns að fjalla um tilvikin. Í skýringum til umboðsmanns vegna málanna kom m.a. fram að rétt væri að hvert mál yrði tekið til meðferðar og leitt til lykta innan kirkjunnar áður en ráðuneytið tæki það til athugunar og léti jafnvel uppi óbindandi álit sitt. Afgreiddi kirkjan ekki þau verkefni sem henni hefðu verið falin að lögum gagnvart almenningi, sinnti ekki lögbundnum skyldum sínum eða hlutverki, tæki sér vald sem hún hefði ekki lögum samkvæmt eða setti sér reglur sem ekki hefðu stóð í lögum bæri ráðuneytinu tvímælalaust skylda að bregðast við. Einnig kom fram að mál viðkomandi einstaklinga hefðu nú verið sett í farveg. Að fenginni þessari afstöðu innanríkisráðuneytisins til tilsjónarvalds síns samkvæmt 4. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, og í ljósi viðbragða þess í málum einstaklinganna sem í hlut áttu taldi ég rétt að ljúka afskiptum mínum af kvörtunarmálunum þremur en óskaði þess að mér yrðu send afrit af niðurstöðum ráðuneytisins í þeim þar sem þær kynnu að hafa almenna þýðingu í málum er vörðuðu málefni þjóðkirkjunnar og tilsjón innanráðuneytisins með henni. Eftir að upplýsingar um afdrif málanna þriggja bárust mér taldi ég ekki tilefni til almennra viðbragða af minni hálfu á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lét afskiptum mínum af málefninu lokið með bréfi til innanríkisráðuneytisins, dags. 3. júlí 2015.

**5. Aðgengi að upplýsingum um skráningu virðisaukaskattskyldra aðila hjá ríkisskattstjóra, mál nr. F0043/2014**

Tildrög málsins voru kvörtun þar sem m.a. reyndi á aðgengi að upplýsingum um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila á vefsíðu ríkisskattstjóra. Í tilefni af henni kom ég á framfæri ábendingu við ríkisskattstjóra um að þess yrði gætt að réttar upplýsingar um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila á virðisaukaskattsskrá á hverjum tíma, þ. á m. upplýsingar um þær breytingar sem kynnu að hafa orðið á skráningu aðila og tímamark þeirra, væru aðgengilegar og þá þannig að virðisaukaskattsskyldum aðilum væri fært að kanna með einföldum hætti hvort og þá á hvaða tímamarki skilyrðum innskattsfrádráttar vegna tiltekinna viðskipta væri eða hefði verið fullnægt. Í bréfi ríkisskattstjóra til mín, dags. 28. janúar 2015, kom fram að unnið væri að því að gera breytingar á vefsíðunni embættisins þannig að auk upplýsinga um skráningu og afskráningu á virðisaukaskattsskrá komi fram upplýsingar um breytingar á skráningu aðila og hvenær þær hafi verið gerðar. Með því móti sé hægt að sannreyna hvort aðili hafi verið skráður á virðisaukaskattsskrá þegar tiltekin viðskipti áttu sér stað. Í ljósi þessa taldi ég ekki tilefni til að aðhafast á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lauk málinu með bréfi, dags. 24. febrúar 2015.

**6. Ráðningar sumarstarfsmanna hjá ríkisskattstjóra, mál nr. F0045/2015**

Tildrög málsins voru kvörtun yfir ráðningum sumarstarfsmanna hjá ríkisskattstjóra í tengslum við átaksverkefni á vegum Vinnumálastofnunar. Í skýringum ríkisskattstjóra til mín á meðferð málsins kom m.a. fram að Kjara- og mannauðssýsla ríkisins, sem er starfseining innan fjármála- og efnahagsráðuneytisins, hefði veitt embættinu þær leiðbeiningar að eiginlegt forræði á störfunum væri ekki hjá ríkisskattstjóra og því væri óskýlt að veita rökstuðning eða upplýsingar um nafn þess sem var ráðinn í starfið. Fallið var frá kvörtuninni en ég leitaði engu að síður skýringa ráðuneytisins á þessari afstöðu. Þar hafði ég í huga að á meðal helstu hlutverka Kjara- og mannauðssýslunnar eru ráðgjöf og stuðningur við ráðuneyti og ríkisstofnanir og leiðbeiningar til ríkisstofnana og ráðuneyta um ákvæði starfsmannalaga og framkvæmd kjarasamninga. Þrátt fyrir að það sé á ábyrgð veitingarvaldshafa að haga málsmeðferð sinni og ákvarðanatöku í samræmi við lög er ljóst að leiðsögn hennar getur haft áhrif á þann farveg sem mál er lagt í. Í svörum ráðuneytisins kom fram að borið hefði að veita umsækjendum rökstuðning vegna ráðningar í starfið og upplýsa um nöfn þeirra sem hlutu ráðningu. Ég ákvað því að hefja ekki athugun á leiðbeiningum Kjara- og mannauðssýslunnar að eigin frumkvæði, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997, og lauk málinu með bréfi, dags. 6. febrúar 2015. Ég taldi þó ástæðu til að koma tilteknum ábendingum á framfæri í tilefni af athugasemdum og skýringum ráðuneytisins sem virtust byggjast á misskilningi á efni laga og lagði áherslu á að ráðuneytið leitaðist við að vanda þá ráðgjöf og leiðbeiningar sem það veitir ráðuneytum og ríkisstofnunum um málefni opinberra starfsmanna.

**7. Málshraði við afgreiðslu á erindum fanga, mál nr. F0046/2015**

Athugun mín laut nánar tiltekið að eftirliti innanríkisráðuneytisins með viðmiðum og reglum sem það hefur sett sér um málshraða við afgreiðslu á erindum fanga, einkum stjórnsýslukærum. Að fengnum upplýsingum ráðuneytisins um hvernig fylgst væri með því að viðmiðum og reglum væri fylgt eftir taldi ég ekki tilefni til að aðhafast að sinni á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lauk málinu með bréfi, dags. 30. nóvember 2015. Ég benti ráðuneytinu þó á að taka afstöðu til þess hvort forgangsroðun við afgreiðslu mála tæki mið af áhrifum sem afgreiðslutími máls kynni að hafa á það með hvaða hætti fangi ætti kost á að afplána eftirstöðvar refsingar sinnar. Þá tók ég fram

að ég myndi áfram fylgjast með málshraða ráðuneytisins í málum er varða fanga og taka til frekari athugunar ef ég teldi ástæðu til.

**8. Eftirlit fagráðuneyta með verkefnum sveitarfélaga, mál nr. F0052/2015**

Tildrög málsins voru kvörtun sem laut m.a. að viðbrögðum velferðarráðuneytisins við því að sveitarfélag hefði ekki brugðist við álitum þess þar sem ákvörðun um að lækka fjárhæð fjárhagsaðstoðar í reglum sveitarfélagsins var ekki talin hafa verið í samræmi við lög. Eftir að ég lauk málinu óskaði ég eftir upplýsingum um hvort ráðuneytið hefði, í ljósi eftirlitshlutverks innanríkisráðuneytisins með því að sveitarfélög sinni lögboðnum skyldum sínum og með hliðsjón af þeim takmörkunum sem eftirlit velferðarráðuneytisins sætir, talið ástæðu til að framsenda álit sitt til innanríkisráðuneytisins eða upplýsa það á einhvern hátt um efni þess. Í svörum velferðarráðuneytisins kom fram að ráðuneytið hefði hingað til ekki vakið athygli innanríkisráðuneytisins á slíkum málum en myndi hafa það í huga í framtíðinni kæmu sambærileg mál upp. Ég taldi því ekki tilefni til að aðhafast að sinni á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lauk málinu með bréfi, dags. 11. desember 2015. Ég taldi hins vegar rétt að upplýsa velferðarráðuneytið um og vekja athygli á tilteknum sjónarmiðum um eftirlit með stjórnsýslu sem ég hafði í huga þegar ég hóf bréfaskipti við ráðuneytið um málefnið. Ég sendi innanríkisráðuneytinu jafnframt afrit af bréfinu til upplýsingar.

**9. Aðild að kvörtunarmálum hjá landlæknisembættinu, mál nr. F0053/2015**

Athugun mín lauk nánar tiltekið að möguleikum eftirlifandi aðstandenda til að leggja fram kvörtun hjá landlækni yfir mistökum eða vanrækslu sem þeir telja hafa leitt til andláts sjúklings. Tilefnið var erindi eftirlifandi maka sem hafði lagt fram kvörtun hjá landlækni. Í stað þess að málið væri tekið til meðferðar sem kvörtun var það lagt í farveg almenns eftirlits landlæknis með hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum. Í bréfi velferðarráðuneytisins til mín, dags. 18. ágúst 2015, kom fram að ráðuneytið væri ekki sammála túlkun landlæknis og myndi á grundvelli stjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna taka til athugunar verklagsreglur embættisins í málum er varða afgreiðslu kvartana frá aðstandendum látinna. Í ljósi þessara viðbragða taldi ég ekki tilefni til að hefja formlega athugun að eigin frumkvæði og lauk málinu með bréfi, dags. 28. ágúst 2015. Nánar er fjallað um málið í kafla III.6.2.

**10. Álagning leyfisgjalds við Háskóla Íslands, mál nr. F0055/2015**

Tildrög málsins voru þau að mér barst kvörtun frá nemanda við Háskóla Íslands vegna svokallaðs 10.000 kr. leyfisgjalds sem hann hafði fengið upplýsingar um að hann þyrfti að greiða ef hann ætlaði sér að taka leyfi frá námi í eitt ár. Kvörtunin fullnægði ekki skilyrðum til að verða tekin til meðferðar að svo stöddu en hún varð hins vegar til þess að vekja athygli mína á því að álitaefni kynnu að vera upp um lögmæti álagningar slíks gjalds. Í bréfi rektors Háskóla Íslands til mín, dags. 2. október 2015, kom m.a. fram að háskólaráð hefði samþykkt að fela fjármálanefnd og kennslumálanefnd að taka málefnið til athugunar samhliða athugun á forsendum skrásetningargjalds við skólann. Ég taldi því ekki tilefni til að aðhafast á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 og lauk málinu með bréfi, dags. 9. október 2015.

**11. Afgreiðslutími mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kærumálum, mál nr. F0060/2015**

Athugun mín laut að því hvort almennir annmarkar kynnu að vera á afgreiðslutíma mennta- og menningarmálaráðuneytisins í kærumálum. Eftir að hafa fengið tilteknar upplýsingar afhentar frá ráðuneytinu í tengslum við kærumál sem var þar til

meðferðar benti ég á að annmarkar kynnu að vera á almennu skipulagi eða verkferlum í ráðuneytinu og að ef ekki hefði verið um einstakt tilvik að ræða vænti ég þess að bætt yrði úr því. Ég taldi hins vegar ekki tilefni til að aðhafast á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 að svo stöddu og lauk málinu með bréfi, dags. 28. desember 2016, en tók fram að ég myndi áfram fylgjast með afgreiðslutíma ráðuneytisins í störfum mínum.

#### 4.5 Önnur frumkvæðis- og forathugunarmál sem enn eru til umfjöllunar

Alls voru níu önnur mál sem tekin höfðu verið til athugunar á þessum grundvelli fyrir árið 2015 enn til athugunar við lok þess árs. Þessar athuganir beinast að auglýsingum á lausum embættum og störfum þegar ráðherra fer með veitingarvald, samningsgerð við einkaaðila, REI-málinu, vistun fanga á lögreglustöðvum og launalækkunum starfsmanna ríkisins. Eitt þessara mála beinist að afgreiðslu á beiðni um afhendingu á upplýsingum um kostnað íslenska ríkisins vegna samninganefndar um Icesave-samninginn og afgreiðslutíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Þá lúta þessar athuganir mínar að réttindum hælisleitenda, aðstæðum í fangelsinu Litla-Hrauni og birtingu á auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt var 23 málum sem hófust fyrir árið 2015 og til athugunar er að taka til formlegrar athugunar ólokið um áramót 2015/2016. Þessi mál lutu að eftirfarandi atriðum:

1. Eftirliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins með aðilum sem ráðherra hefur falið gerð og skráningu námssamninga samkvæmt 5. mgr. 28. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla.
2. Stöðu á almennri athugun Barnaverndarstofu og landlæknisembættisins á verklagi og vinnubrögðum við meðferð barnaverndarmála þar sem ásakanir um kynferðisbrot hafa komið fram og gerð leiðbeininga til heilbrigðisstarfsmanna sem koma að trúverðugleikamati.
3. Verklagi lögreglu við handtöku, þjálfun lögreglumanna í þeim efnun og innri verkferla þegar atvik koma upp þar sem lögreglumaður er talinn hafa gengið harkalega fram við framkvæmd starfans.
4. Hvort fjármála- og efnahagsráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hygðust hafa aðkomu að því að skýra ágreining um kjör og réttindi stundakennara við Háskóla Íslands og eftir atvikum leita lausna á honum. Jafnframt hvort HÍ hygðist taka afstöðu til þess hvort fyrirkomulag við störf og réttindi stundakennara við skólann væri viðunandi og lögum og reglum samkvæmt, hvort rétt væri að málefni þeirra yrðu tekin til frekari meðferðar innan háskólans og hvort unnt væri að leiða ágreininginn til lykta.
5. Hvernig almennt væri staðið að gerð starfslokasamninga á Landspítala Háskóla-sjúkrahúsi.
6. Eftirliti landlæknis með því að fullnægt sé lágmarkskröfum til heilbrigðisþjónustu.
7. Hvort forsætisráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið hygðust bregðast við ábendingum mínum um mögulega þörf á setningu reglna um atriði sem snúa að samræmi og jafnræði í málefnum starfsmanna ríkisins, s.s. um breytingar á launakjörum, framkvæmd starfsloka, gerð starfslokasamninga, veitingu



- námsleyfa, framlög og þátttöku í kostnaði við sameignlegar ferðir starfsmanna og samkomur þeirra og gjafir til starfsmanna.
8. Málsmeðferð Fjármálaeftirlitsins þegar stofnuninni berast kvartanir og ábendingar einstaklinga vegna viðskipta við fjármálafyrirtæki.
  9. Reglum sem gilda um úthlutun félagslegs húsnæðis hjá Reykjavíkurborg þegar einstaklingur sem er í skuld við borgina sækir um slíkt húsnæði.
  10. Fyrirkomulagi náms í félagsráðgjafadeild við Háskóla Íslands og hvort það samrýmist þeim lagareglum sem gilda um skipulag framhaldsnáms og töku gjalds fyrir það sem og reglum um endurmenntun á vegum háskólans. Þá laut fyrirspurn mín einnig að upplýsingagjöf menntastofnana um skipulag náms, réttindi nemenda og breytingar á lögum og reglum í því sambandi sem og útvistun námsbrauta.
  11. Eftirliti ríkissaksóknara með símhlustunum lögreglu.
  12. Afhendingu upplýsinga um laus leikskólapláss í Reykjavík, nánar tiltekið hvort leikskólastjórum í Reykjavík hafi verið gefin bein fyrirmæli um að veita fréttastofu Ríkisútvarpsins ekki upplýsingar um fjölda lausra plássá í leikskólum borgarinnar, og þá hver hafi veitt slík fyrirmæli og á hvaða grundvelli. Einnig á hvaða laga- grundvelli synjun Reykjavíkurborgar á beiðni fréttastofu Ríkisútvarpsins um upplýsingar um fjölda lausra plássá í leikskólum borgarinnar byggðist.
  13. Eftirliti landlæknis með aðbúnaði á dvalarheimili aldraðra.
  14. Málsmeðferðartíma úrskurðarnefndar um upplýsingamál.
  15. Endurskoðun samnings um útvarpsþjónustu í almannabágu með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu. Málið varðar aðgengi og þjónustu við þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.
  16. Árgjaldi fyrir leyfi til að nota umhverfismerkið Svaninn. Athuginin lýtur að því hvort hugað hafi verið að því hjá Umhverfissráðuneytinu hvort nægilega bein og efnisleg tengsl séu á milli árgjaldsins og veltu Svansmerktra vöru- eða þjónustutegunda.
  17. Framkvæmd líkamsleitar lögreglu á tónlistarhátíðinni Secret Solstice sem fór fram í Reykjavík helgina 20.-22. júní 2014.
  18. Úrræðum sem standa almennt til boða fyrir fanga, sem afplána refsingu fyrir kynferðisbrot, til að afplána hluta refsingar sinnar utan fangelsisins.
  19. Framvindu átaks sem ætlað var að stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna og tryggja búsetu og aðbúnað hælisleitenda.
  20. Hvernig staðið er að tilkynningu og innheimtu skulda hjá Vinnumálastofnun.

21. Framkvæmd Vinnumálastofnunar vegna rafrænna umsókna um atvinnuleysisbætur og upphafstíma bótagreiðslna.
22. Reglum Reykjavíkurborgar um bílastæði fyrir visthæfa bíla og framkvæmd þeirra.
23. Starfsháttum Þjóðskrár Íslands að afhenda ekki vegabréf á skrifstofu stofnunarinnar nema gegn því að umsækjandi greiði gjald fyrir skyndiútgáfu.

## 5 Meinbugir á lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða almennri stjórnsýsluframkvæmd

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, skal umboðsmaður tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn, ef hann verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Hér á eftir eru tilgreind þau mál þar sem umboðsmaður taldi á árinu 2015 að rétt væri að tilkynna framangreindum aðilum, einum eða fleiri, um slíka meinbugi. Jafnframt er gerð grein fyrir viðbrögðum hlutaðeigandi aðila af þessu tilefni þar sem slíkar upplýsingar liggja á annað borð fyrir.

Auk þess sem að framan greinir kem ég á ári hverju á framfæri ýmsum almennum ábendingum um að hugsanlega þurfi að huga betur að laga- eða reglusetningu þótt ég sendi ekki Alþingi eða ráðherra sérstaka tilkynningu um það með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997. Hér að neðan er gerð grein fyrir tveimur slíkum ábendingum.

### 5.1 Tilkynningar til Alþingis og/eða ráðherra um meinbugi á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum

1. Mál nr. 7934/2014 (sjá kafla III.5.1). Athugun mín laut að úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála þar sem staðfest var ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs um að synja einstaklingi um yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs vegna andláts barnsföður hennar skömmu eftir fæðingu barns þeirra. Niðurstaða nefndarinnar byggðist á því að þar sem ekki hefði verið gerður samningur um sameiginlega forsjá eða hún veitt barnsföður sínum samþykki fyrir umgengni hefði hann ekki öðlast rétt til fæðingarorlofs þegar hann lést og því gæti enginn réttur færst yfir til hennar. Að lokinni athugun minni á málinu taldi ég mig ekki hafa nægar forsendur til að gera athugasemdir við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í málinu. Hins vegar taldi ég að viss samstaða væri með þeim tilvikum þar sem foreldri andast skömmu eftir fæðingu barns og ekki hefur reynt á hvernig forsjá barns skuli háttáð og þeim sem falla undir 4. mgr. 8. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof. Þar er fjallað um tilvik þar sem réttur til fæðingarorlofs hefur ekki stofnast og farin sú leið að kveða á um sjálfstæðan rétt eftirlifandi foreldris til níu mánaða fæðingarorlofs. Orðalag ákvæðisins er hins vegar bundið við þau tilvik þegar foreldri andast á meðgöngu barns og barnið fæðist lifandi. Þá benti ég á að rök að baki yfirfærsluheimildum laganna ættu einnig að nokkru marki við um þær aðstæður sem uppi hefðu verið í málinu. Loks benti ég á að af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu leiddi að hefði aðildarríki komið á fót rétti til fæðingarorlofs yrði að útfæra tilhögun þeirra réttinda þannig að ekki væri gerður greinarmunur á réttarstöðu barna eftir því hvort þau fæðast innan eða utan hjónabands nema málefnalegar og frambærilegar ástæður réttlæti þá mismunun. Með hliðsjón af þessu og afstöðu velferðarráðuneytisins, sem hafði lýst því í bréfi til mín að það væri ósammála afstöðu úrskurðarnefndarinnar,



taldi ég rétt að vekja athygli félags- og húsnæðismálaráðherra á þeirri aðstöðu sem upp gæti komið í málum sem þessum og þá með það fyrir augum að hugað yrði að því hvort og þá hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum af þessu tilefni. Nánar er fjallað um málið og viðbrögð ráðuneytisins í kafla III.5.1.

2. Mál nr. 8302/2014 (sjá kafla III.4.2). Málið varðaði 2. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum. Þar er fjallað um heimild lögmanna og féлага í þeirra eigu til að stunda innheimtu án sérstaks innheimtuleyfis frá Fjármálaeftirlitinu að því skilyrði uppfylltu að starfsemin falli undir úrskurðarnefnd lögmanna. Í kvörtuninni var því haldið fram að heimildin næði ekki til lögaðila í eigu umræddra aðila og þyrftu innheimtufyrirtæki í eigu lögmanna eða lögmansstofa því að afla sér innheimtuleyfis. Eftir athugun mína á málinu taldi ég ekki grundvöll til athugasemda við lagastoð 2. gr. reglnanna. Ég benti hins vegar á að mikilvægt væri fyrir neytendur að það væri skýrt og glögggt hvernig reglur innheimtulaganna tækju til aðila sem önnuðust innheimtustarfsemi og að núverandi fyrirkomulag laga kynni að leiða til þess að eftirlit með innheimtustarfsemi innheimtufyrirtækja í eigu lögmanna yrði ekki í öllum tilvikum raunhæft og virkt þar sem ekki yrði séð að úrskurðarnefndin, a.m.k. eins og hlutverk og valdsvið hennar væri afmarkað í lögum um lögmenn, framkvæmdir almennt eftirlit eins og virðist gengið út frá í innheimtulögum. Ég taldi því rétt að vekja athygli iðnaðar- og viðskiptaráðherra á þessu með það fyrir augum að tekin yrði skýr afstaða til þess hvernig eftirliti með innheimtustarfsemi féлага í eigu lögmanna skyldi háttáð. Jafnframt að það þyrfti að koma skýrt fram í lögum, siðareglum eða framkvæmd hvernig siðareglur lögmanna taki til starfsemi sem fram fer innan féлага í eigu lögmanna sem annast innheimtustarfsemi án innheimtuleyfis. Nánar er fjallað um málið og viðbrögð ráðuneytisins í kafla III.4.2.

## 5.2 Aðrar almennar ábendingar um efni laga eða stjórnvaldsfyrirmæla

1. Mál nr. 8286/2014. Málið varðaði kvörtun einstaklings og laut að viðurlögum sem Vinnumálastofnun beitti hann á grundvelli ákvæða XI. kafla laga nr. 54/2006, um atvinnuleysisstryggingar, og meðferð og niðurstöðu úrskurðarnefndar atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða í kjölfarið. Ég lauk athugun minni á málinu með bréfi en hún varð mér þó tilefni til að rita Vinnumálastofnun og úrskurðarnefnd atvinnuleysisstrygginga og vinnumarkaðsaðgerða bréf þar sem ég kom tilteknum ábendingum á framfæri. Þá ritaði ég einnig félags- og húsnæðismálaráðherra bréf þar sem ég vakti athygli ráðherra á tilteknum atriðum. Þannig benti ég á að við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um atvinnuleysisstryggingar með breytingarlögum nr. 134/2009 og 153/2010 hefði orðið tiltekið misræmi milli ákvæða 57. og 59. gr. laganna. Í 57. gr. laganna væri kveðið á um viðurlög við því ef starfi eða atvinnuviðtali væri hafnað. Í lokamálslið 4. mgr. ákvæðisins kæmi fram að það gæti komið til viðurlaga samkvæmt 59. gr. hefði hinn tryggði „vísvitandi“ leynt upplýsingum um skerta vinnufærni. Við setningu laga nr. 54/2006 hefðu viðurlög samkvæmt 59. gr. verið bundin við þá háttsemi að veita Vinnumálastofnun vísvitandi rangar upplýsingar eða láta vísvitandi hjá líða að veita stofnuninni upplýsingar. Með breytingarlögum hefði orðalagi ákvæðisins verið breytt og orðið „vísvitandi“ m.a. fellt brott úr texta þess. Hins vegar hefðu ekki verið gerðar samsvarandi breytingar á orðalagi lokamálsliðar 4. mgr. 57. gr. Með vísan til þess hversu brýnt það sé að lagaákvæði um viðurlög sem stjórnvöld geta beitt borgarana í tilefni af brotum þeirra gegn atvinnuleysisstryggingalöggjöfinni séu skýr taldi ég rétt að vekja athygli félags- og húsnæðismálaráðherra

á ofangreindum mismun og þá með það í huga að tekin yrði afstaða til þess hvort þörf væri á að bregðast við af því tilefni með tillögu til Alþingis um lagabreytingu.

2. Mál nr. 8438/2015. Málið laut að ákvörðun um setningu staðgengils forstöðumanns starfseiningar sveitarfélags sem almenningsbókasafn er hluti af. Ég lauk málinu með bréfi þar sem ég taldi mig ekki hafa forsendur á grundvelli gagna málsins til að fullyrða að ákvörðunin hefði verið í andstöðu við ákvæði bókasafnalaga nr. 150/2012. Athugun mín á kvörtuninni, og fleiri kvörtunum og ábendingum sem mér höfðu borist, urðu mér þó tilefni til að vekja athygli mennta- og menningarmálaráðuneytisins á þeirri réttaróvissu sem kynni að vera fyrir hendi í þeim tilvikum þar sem sveitarfélög hafa farið þá leið að starfrækja almenningsbókasöfn sem hluta af stærri skipulagseiningu innan sveitarfélagsins og/eða fela starfsmanni sem jafnframt sinnir öðrum verkefnum forstöðu almenningsbókasafns með tilliti til þess hvort þær menntunarkröfur sem fram koma í 1. mgr. 11. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012 eigi við um slík störf. Ég kom þessari ábendingu á framfæri við ráðuneytið með tilliti til þess yfirstjórnar- og samræmingarhlutverks sem það fer með gagnvart starfsemi almenningsbókasafna á grundvelli 3. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012 og þá með það fyrir augum að það tæki afstöðu til þess hvort tilefni væri til viðbragða af þess hálfu, eftir atvikum með tillögu um lagabreytingar.

## 6 Ýmsar athugasemdir og ábendingar til stjórnvalda

Frá því að umboðsmaður Alþingis tók til starfa hefur um 12,6% þeirra mála sem koma til efnislegrar athugunar lokið með álitum þar sem sett er fram gagnrýni á störf stjórnvalda og mælt til þess að gerðar verði úrbætur. Undanfarin ár hefur þessum málum farið nokkuð fækkandi en á móti kemur að ég hef í auknum mæli komið á framfæri við stjórnvöld skriflegum ábendingum um tiltekin atriði sem betur mega fara til framtíðar frekar en að taka þau til sérstakrar umfjöllunar í álitum. Þetta á einkum við um hnökra á málsmeðferð sem geta ekki leitt til þess að mál hljóti efnislega endurskoðun og atriði sem ég hef ítrekað gert athugasemdir við í álitum mínum og tel ekki tilefni til að taka til umfjöllunar nema e.t.v. í tengslum við önnur atriði. Þessi mál lúta til dæmis að skyldu til að veita skrifleg svör við skriflegum erindum nema ljóst sé að til þess sé ekki ætlast, framsendingu erindis sem heyrir ekki undir stjórnvald, ýmsar leiðbeiningar, málshraða, rökstuðningi og skýrleika ákvarðana. Sumum kann að finnast athugasemdir af þessu tagi smávægilegar en ég er þeirrar skoðunar að þær séu nauðsynlegar til að tryggja borgurunum þá vönduðu og góðu stjórnsýslu sem þeir eiga með réttu að geta vænst.

Hér fyrir neðan er að finna yfirlit yfir 43 tilvik þar sem ég sendi stjórnvöldum ábendingar eða athugasemdir árið 2015.

Málsnúmer	Stjórnvald	Málaflokkur	Efni ábendingar/ athugasemdar
7660/2013	Innanríkisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið	Sveitarfélög	Málshraði, þátttaka sveitarfélags í kostnaði vegna skólaaksturs, valdmörk ráðuneyta
7880/2014	Innanríkisráðuneytið	Tafir	Málshraði
7951/2014	Innanríkisráðuneytið	Lögheimili	Skráning lögheimilis, valdmörk stjórnvalda, yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk ráðherra
8119/2014	Landspítali háskóla-sjúkrahús	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, valdframsal á ákvörðun um veitingu starfs, skráning og varðveisla upplýsinga og gagna, rökstuðningur
8146/2014	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Menntamál	Upplýsingagjöf ráðuneytis og menntastofnana um nám og starfsréttindi
8176/2014	Fjármálaráðuneytið	Skattar og gjöld	Borgari á ekki að gjalda þess að leita til umboðsmanns
8196/2014	Háskóli Íslands	Tafir	Málshraði
8225/2014	Innanríkisráðuneytið	Tafir	Málshraði vegna erinda fanga
8233/2014	Innanríkisráðuneytið	Tafir	Málshraði vegna erinda fanga
8286/2014	Velferðarráðuneytið, úrskurðarnefnd atvinnuleysis-trygginga og vinnumarkaðsaðgerða Vinnuálastofnun	Atvinnuleysis-tryggingar	Meinbugir á lögum, rökstuðningur, andmælaréttur, tilkynning um ákvörðun, skýrleikareglan
8313/2015	Ríkisskattstjóri	Aðgangur að gögnum og upplýsingum	Upplýsingaréttur aðila máls, þagnarskylda opinberra starfsmanna
8320/2015	Háskóli Íslands	Tafir	Borgari á ekki að gjalda þess að leita til umboðsmanns
8324/2015	Áfrýjunarnefnd neytendamála	Tafir	Málshraði
8336/2015	Heilbrigðisráðherra Landlæknisembættið	Heilbrigðismál	Útfærsla á veittri heilbrigðisþjónustu, valdframsal þjónustu og verkefna til einkaaðila
8344/2015	Innanríkisráðuneytið	Fangelsismál	Meinbugir á lögum
8363/2015	Innanríkisráðuneytið	Tafir	Málshraði vegna erinda fanga

Málsnúmer	Stjórnvald	Málaflokkur	Efni ábendingar/ athugasemdar
8399/2015	Ríkisskattstjóri	Tafir	Svör við erindum, vandaðir stjórnsýsluhættir, leiðbeiningarskylda
8405/2015	Sýslumaðurinn í Reykjavík	Meðlag	Leiðbeiningarskylda
8410/2015	Endurmenntun Háskóla Íslands	Tafir	Svör við erindum
8430/2015	Mosfellsbær	Málefni fatlaðs fólks	Leiðbeiningarskylda
8431/2015	Rangárþing eystra	Skattar og gjöld	Leiðbeiningarskylda
8438/2015	Mennta- og menningarmálaráðu- neytið	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, hæfisskilyrði, yfirstjórnunar- og eftirlits- hlutverk ráðherra
8442/2015	Háskóli Íslands	Tafir	Svör við erindum
8445/2015	Velferðarráðuneytið	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, valdframsal á ákvörðun um veitingu starfs, aðstoð utanaðkomandi aðila
8452/2015	Ríkisskattstjóri	Málsmeðferð og starfshættir stjórnsýslunnar	Málshraði
8464/2015	Innanríkisráðuneytið	Kirkjumál og trúfélög	Málshraði
8485/2015	Innanríkisráðuneytið	Gjafsókn	Svör við erindum
8510/2015	Velferðarráðuneytið	Heilbrigðismál	Yfirstjórnunar- og eftir- litsheimildir ráðherra, framsending erinda, vandaðir stjórnsýsluhættir
8515/2015	Kærunefnd útlendingamála	Tafir	Málshraði
8518/2015	Byggðastofnun	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, rökstuðningur, svör við erindum, skráning og varðveisla upplýsinga og gagna
8534/2015	Slökkvilið höfuð- borgarsvæðisins	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, rökstuðningur
8536/2015	Vinnumálastofnun	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, rökstuðningur, svör við erindum umboðsmanns
8549/2015	Velferðarráðuneytið	Opinberir starfsmenn	Veiting starfs, skráning og varðveisla upplýsinga og gagna
8553/2015	Fangelsismálastofnun ríkisins	Tafir	Svör við erindum

Málsnúmer	Stjórnvald	Málaflokkur	Efni ábendingar/ athugasemdar
8557/2015	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Námslán og námsstyrkir	Lögbundið eftirlitshlutverk ráðuneytis, staðfestingu reglna undirstofnunar
8565/2015	Innanríkisráðuneytið	Fangelsismál	Yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk ráðherra
8605/2015	Innanríkisráðuneytið	Skipulags- og byggingarmál	Málshraði
8614/2015	Innanríkisráðuneytið	Gjafsókn	Svör við erindum
8638/2015	Ríkissaksóknari Innanríkisráðuneytið	Lögreglu- og sakamál	Málshraði, verklag ríkissaksóknara við lokaafgreiðslu sakamála
8653/2015	Úrskurðarnefnd um upplýsingamál	Aðgangur að gögnum og upplýsingum	Málshraði
8668/2015	Skipulagsstofnun	Tafir	Málshraði
8681/2015	Kærufnd greiðsluaðlögunarmála	Greiðsluaðlögun og eignaráðstöfun	Málshraði
8716/2015	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Tafir	Málshraði

## 7 Erlent samstarf og fundir

Frá stofnun embættis umboðsmanns Alþingis árið 1988 hafa umboðsmaður og starfsmenn hans tekið nokkurn þátt í fjölbjóðlegu samstarfi umboðsmanna þjóðþinga og annarra slíkra umboðsmanna sem eru óháðir stjórnvöldum. Þá hefur umboðsmaður reglulega tekið á móti erlendum gestum til fundar á skrifstofu sinni auk þess að halda fundi með starfsmönnum stjórnvalda hér á landi um einstök mál eða almenn atriði.

Hinn 24. mars 2015 sótti ég námskeið um sveitarstjórnarrétt sem haldið var af umboðsmanni danska þjóðþingsins.

Dagana 26.-28. apríl 2015 var haldinn í Varsjá tíundi fundur umboðsmanna þjóðþinga og svæðisbundinna umboðsmanna sem taka þátt í sérstökum samráðs- og upplýsingavettvangi sem umboðsmaður Evrópusambandsins heldur úti (10th National Seminar of the European Network of Ombudsmen). Ég sótti fundinn ásamt Hafsteini Dan Kristjánssyni, aðstoðarmanni umboðsmanns Alþingis.

Hinn 12. maí 2015 sótti Katrín Þórðardóttir lögfræðingur námskeið haldið á skrifstofu umboðsmanns danska þjóðþingsins um stjórnsýslurétt.

Dagana 28. og 29. maí 2015 stóð ECRI (European Commission against Racism and Intolerance), eða Evrópunefnd um kynþáttafordóma og umburðarleysi, fyrir málstofu í Strassborg fyrir innlendir stofnanir sem hefur verið komið á fót til að vinna gegn kynþáttamismunum. Nefndin bauð umboðsmanni að senda fulltrúa sinn á málstofuna sem var Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingur. Meginumfjöllunarefni fundarins laut að vanskráningu á mismunum og hatursglæpum.

Hinn 11. júní 2015 heimsóttu Anna Rut Kristjánsdóttir og Flóki Ásgeirsson lögfræðingar skrifstofu umboðsmanns danska þjóðþingsins.

Dagana 2.-4. september 2015 var haldinn fundur Norræna stjórnarsýslusambandsins (Nordisk Administrativt Forbund) í Stokkhólmi. Ég sótti fundinn ásamt Flóka Ásgeirssyni og Önnu Tryggvadóttur lögfræðingum. Við það tækifæri sóttum við jafnframt heim æðsta stjórnarsýsludómstól Svíþjóðar í Stokkhólmi og embætti umboðsmanna sænska þjóðþingsins.

Dagana 25. og 26. september 2015 var haldin ráðstefna í Oxford undir yfirskriftinni: General Principles of EU Law and Comparative Perspectives. Ráðstefnuna sótti Hafsteinn Dan Kristjánsson, aðstoðarmaður umboðsmanns.

Dagana 10. og 11. desember 2015 var haldin ráðstefna í Helsinki undir yfirskriftinni: Council of Europe National, National Human Rights Institutions, Equality Bodies and Ombudsman Offices Promoting Equality and Social Inclusion. Ráðstefnuna sótti Flóki Ásgeirsson lögfræðingur.

Vegna hliðstæðrar löggjafar um störf og starfshætti umboðsmanna þjóðþinganna í Danmörku, Noregi og á Íslandi hafa umboðsmenn þessara þinga verið í samstarfi frá árinu 1989. Síðar hafa umboðsmenn þinganna á Grænlandi og í Færeyjum bæst í hópinn. Þessi hópur fundar að jafnaði einu sinni til þrisvar sinnum á ári og er þá rætt um einstök álitæfni sem eru til úrlausnar og skipst á upplýsingum um starfsemi embættanna. Tveir slíkir fundir voru haldnir á árinu 2015. Annar á Hellu, dagana 20. og 21. ágúst, og hinn í Kaupmannahöfn dagana 7. og 8. desember sem ég sótti.

Eins og tíðkast hefur í störfum umboðsmanns átti ég á árinu 2015 fjölmarga fundi með fyrirsvarsmönnum opinberra stofnana og nefnda um einstök mál sem ég hafði til umfjöllunar eða vegna almennra atriða í stjórnarsýsluframkvæmd viðkomandi stjórnvalds.

## II. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR UM SKRÁÐ MÁL OG AFGREIÐSLUR ÞEIRRA ÁRIÐ 2015

### 1 Skráð mál og afgreiðslur þeirra árið 2015

#### 1.1 Málafjöldi

Á árinu 2015 voru alls 439 mál skráð hjá umboðsmanni Alþingis og skiptust þau þannig:

Kvartanir	439
Mál tekin upp að eigin frumkvæði umboðsmanns	0
<b>Samtals</b>	<b>439</b>

#### 1.2 Skipting kvartana

Kvartanir til umboðsmanns eru aðeins skráðar ef skrifleg erindi berast en á árinu var ekki haldin skrá yfir þær fjölmörgu fyrirspurnir sem bárust skrifstofu umboðsmanns. Í sumum tilvikum hafa þessar fyrirspurnir leitt til þess að kvartanir hafa síðar borist skriflega en í öðrum tilvikum hafa viðkomandi verið veittar leiðbeiningar. Kvartanir skiptust þannig eftir mánuðum:

janúar	49
febrúar	42
mars	43
apríl	35
maí	39
júní	46
júlí	34
ágúst	26
september	33
október	31
nóvember	37
desember	24
<b>Samtals</b>	<b>439</b>

Að þessum 439 kvörtunum stóðu samtals 496 aðilar eða 443 einstaklingar og 53 lögaðilar. Af einstaklingum voru 140 konur og 303 karlar. Yngsti einstaklingurinn sem lagði fram kvörtun á árinu var 17 ára og sá elsti 85 ára en aldursskipting einstaklinganna var sem hér segir:

20 ára og yngri	5
21 - 30 ára	44
31 - 40 --	65
41 - 50 --	93
51 - 60 --	128
61 - 70 --	74
71 árs og eldri	29
Ekki vitað	5

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu kvartana eftir landshlutum og sveitarfélögum miðað við búsetu aðila. Kvartanir frá Íslendingum búsettum erlendis voru 25. Málafjöldi og hlutfall af honum er miðað við þau 439 mál sem skráð voru á árinu.

	Fjöldi mála	Hlutfall af heildarmálafjölda	Hlutfall af heildaríbúafjölda landsins
<b>Reykjavíkurborg</b>	<b>224</b>	51,0%	37,0%
<b>Höfuðborgarsvæðið</b>	<b>81</b>	18,5%	27,2%
- Garðabær	15		
- Hafnarfjarðarbær	24		
- Kópavogsbær	31		
- Mosfellsbær	8		
- Seltjarnarbær	3		
<b>Suðurnes</b>	<b>17</b>	3,9%	6,7%
- Grindavíkurbær	1		
- Reykjanesbær	13		
- Sveitarfélagið Garður	1		
- Sveitarfélagið Vogar	2		
<b>Vesturland</b>	<b>15</b>	3,4%	4,7%
- Akraneskaupstaður	5		
- Borgarbyggð	4		
- Grundarfjarðarbær	5		
- Snæfellsbær	1		
<b>Vestfirðir</b>	<b>5</b>	1,1%	2,1%
- Ísafjarðarbær	2		
- Tálknafjarðarhreppur	1		
- Vesturbyggð	2		
<b>Norðurland vestra</b>	<b>3</b>	0,7%	2,2%
- Blönduósibær	1		
- Húnaþing vestra	1		
- Sveitarfélagið Skagafjörður	1		
<b>Norðurland eystra</b>	<b>26</b>	5,9%	8,9%
- Akureyrarbær	25		
- Langanesbyggð	1		
<b>Austurland</b>	<b>12</b>	2,7%	3,8%
- Djúpvogshreppur	2		
- Fjarðabyggð	5		
- Fljótisdalshreppur	4		
- Vopnafjarðarhreppur	1		
<b>Suðurland</b>	<b>31</b>	7,1%	7,4%
- Flóahreppur	1		
- Hrunamannahreppur	1		
- Hveragerðisbær	4		
- Rangárþing eystra	1		
- Rangárþing ytra	2		
- Skaftárhreppur	1		
- Sveitarfélagið Árborg	8		
- Sveitarfélagið Hornafjörður	6		
- Vestmannaeyjabær	6		
- Sveitarfélagið Ölfus	1		
<b>Íslendingar búsettir erlendis</b>	<b>25</b>	5,7%	
<b>Erlendir aðilar búsettir erlendis</b>	<b>0</b>	0,0%	
<b>Mál tekin upp að eigin frumkvæði</b>	<b>0</b>	0,0%	
	<b>439</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0 %</b>



### 1.3 Afgreiðsla mála

Á árinu hlutu 450 mál lokaafgreiðslu.

Mál til meðferðar í upphafi árs	78
Mál til meðferðar á árinu	439
Afgreidd mál	450
Mál til meðferðar í árslok	67

Af þeim 67 málum, sem voru óafgreidd í árslok 2015, var í 28 tilvikum beðið eftir skýringum og upplýsingum frá stjórnvöldum, í sex málum var beðið eftir athugasemdum frá þeim sem borið höfðu fram kvörtun, 10 mál voru til frumathugunar, 23 mál voru til athugunar hjá umboðsmanni að fengnum skýringum viðkomandi stjórnvalda.

Málum sem berast umboðsmanni eða hann tekur upp að eigin frumkvæði getur lokið með ýmsum hætti. Máli kann að ljúka þegar eftir frumathugun þar sem ekki eru uppfyllt lagaskilyrði til þess að umboðsmaður taki málið til frekari meðferðar, t.d. samkvæmt liðum 4-6 í eftirfarandi yfirliti. Sé mál tekið til efnismeðferðar getur því m.a. lokið með þeim hætti sem greinir þar í liðum 1-3. Í yfirlitinu eru mál, afgreidd á árinu 2015, flokkuð eftir því með hvaða hætti þau hafa verið afgreidd en tekið skal fram að í nokkrum tilvikum hefur efni málanna verið fjölþætt og einstökum þáttum þeirra lokið með mismunandi hætti. Hér eru þessi mál hins vegar flokkuð í samræmi við þá afgreiðslu sem telja verður meginatriði viðkomandi máls.

Afgreiðsla	Fjöldi mála	
1. Álit	15	(3,3%)
2. Ábending um að leggja réttarágreining fyrir dómstóla	8	(1,8%)
3. Felld niður að fenginni leiðréttingu eða skýringu stjórnvalds	129	(28,7%)
4. Féllu utan starfssviðs umboðsmanns		
a) Störf Alþingis, nefnda og stofnana á vegum þess	16	(3,6%)
b) Dómsathafnir	4	(0,9%)
c) Einkaréttarleg lögskipti	11	(2,4%)
d) Önnur atriði	2	(0,4%)
5. Aðili máls á eftir að skjóta máli til æðra stjórnvalds	104	(23,1%)
6. Ársfrestur liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 85/1997	16	(3,6%)
7. Fallið frá kvörtun eða kvörtun gaf ekki tilefni til frekari meðferðar að lokinni frumathugun	145	(32,2%)
<b>Samtals</b>	<b>450</b>	<b>(100,0%)</b>

### 1.4 Skipting mála eftir aðilum sem kvörtun beinist að

Í eftirfarandi yfirliti eru kvartanir þær sem umboðsmanni bárust á árinu 2015 flokkaðar eftir þeim stjórnvöldum sem kvörtun beindist að. Tekið skal fram að í ýmsum tilvikum hafa kvartanir beinist að fleiri en einu stjórnvaldi en í yfirlitinu eru þær kvartanir skráðar á þann aðila sem telja verður að kvörtun beinist einkum að. Það skal ítrekað að hér eru teknar allar skráðar kvartanir en eins og fram kemur í yfirliti um afgreiðslu mála á árinu var aðeins hluti þeirra tekinn til nánari athugunar.

Í þeim tilvikum þegar meðferð á kvörtun lauk strax að lokinni frumathugun var mál afgreitt ýmist áður en frekari upplýsinga var aflað frá hlutaðeigandi stjórnvöldum eða eftir slíka gagnaöflun. Það er því hugsanlegt að í yfirlitinu komi fram nöfn stjórnvalda sem umboðsmaður hefur ekki beint máli formlega til.

**A. Ráðuneyti og ríkisstofnanir****1. Forsætisráðuneytið**

- Ráðuneytið	1	
- Úrskurðarnefnd um upplýsingamál	4	
- Þingvallanefnd	1	<u>6</u>

**2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

- Ráðuneytið	13	
- Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema	1	
- Framhaldsskólar	4	
- Háskóli Íslands	15	
- Háskólinn á Akureyri	1	
- Lánasjóður íslenskra námsmanna	6	
- Málskotsnefnd LÍN	1	
- Rannsóknarráð Íslands	1	
- Ríkisútvarpið	1	
- Þjóðminjasafn Íslands	1	
- Þjóðskjalasafn Íslands	1	<u>45</u>

**3. Utanríkisráðuneytið**

- Ráðuneytið	2	<u>2</u>
--------------	---	----------

**4. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**

- Ráðuneytið	14	
- Byggðastofnun	2	
- Matvælastofnun	2	
- Samkeppniseftirlitið	3	<u>21</u>

**5. Innanríkisráðuneytið**

- Ráðuneytið	54	
- Áfrýjunarnefnd neytendamála	2	
- Dómsstólar	2	
- Endurupptöku nefnd	1	
- Fangelsisýfirvöld	8	
- Isavia ohf.	2	
- Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa	2	
- Kærunefnd útlendingamála	3	
- Lögregluýfirvöld	21	
- Nefnd um dómaraströf	1	
- Neytendastofa	3	
- Persónuvernd	1	
- Ríkissaksóknari	7	
- Samgöngustofa	6	
- Sýslumenn	17	
- Úrskurðarnefnd sanngirnibóta	1	
- Útlendingastofnun	1	
- Vegagerðin	1	
- Þjóðskrá Íslands	2	<u>135</u>

**6. Velferðarráðuneytið**

- Ráðuneytið	15	
- Barnaverndarstofa	1	
- Fæðingarorlofs sjóður	1	
- Heilbrigðisstofnanir	10	
- Íbúðalánasjóður	7	
- Kærunefnd barnaverndarmála	1	
- Kærunefnd greiðsluaðlögunarmála	1	
- Kærunefnd húsamála	1	
- Landlæknisembættið	6	
- Sjúkratryggingar Íslands	3	
- Tryggingastofnun ríkisins	17	
- Umboðsmaður skuldara	1	
- Úrskurðarnefnd almannatrygginga	11	
- Úrskurðarnefnd atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða	3	
- Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála	2	
- Úrskurðarnefnd fæðingar og foreldra-orlofmála	1	
- Vinnumálastofnun	2	<u>83</u>

**7. Fjármála- og efnahagsráðuneytið**

- Ráðuneytið	14	
- Fjármálaeftirlitið	3	
- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	5	
- Seðlabanki Íslands	2	
- Skattyfirvöld	18	
- Úrskurðarnefnd um leiðréttingu verðtryggðra fasteignalána	6	
- Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki	1	
- Viðlagatrygging Íslands	1	
- Yfirskattanefnd	3	<u>53</u>

**8. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið**

- Ráðuneytið	3	
- Mannvirkjastofnun	2	
- Skipulagsstofnun	1	
- Umhverfisstofnun	2	
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	2	<u>10</u>

**B. Sveitarfélög**

Innheimtustofnun sveitarfélaga	<u>9</u>
Stjórnsýsla höfuðborgarsvæðisins	<u>2</u>

**Reykjavíkurborg**

- Stjórnsýsla borgarinnar	<u>15</u>
---------------------------	-----------

**Kópavogsbær**

	<u>2</u>
--	----------

**Mosfellsbær**

	<u>2</u>
--	----------

**Grindavíkurbær**

	<u>1</u>
--	----------

**Sandgerðisbær**

	<u>1</u>
--	----------

**Sveitarfélagið Garður**

	<u>1</u>
--	----------

**Sveitarfélagið Vogar**

	<u>1</u>
--	----------

**Akraneskaupstaður**

	<u>3</u>
--	----------

**Borgarbyggð**

	<u>1</u>
--	----------

**Grundarfjarðarbær**

	<u>1</u>
--	----------

**Tálknafjarðarhreppur**

	<u>3</u>
--	----------

**Vesturbyggð**

	<u>3</u>
--	----------

**Akureyrarbær**

	<u>3</u>
--	----------

**Hrunamannahreppur**

	<u>1</u>
--	----------

**Rangárþing eystra**

	<u>1</u>
--	----------

**Rangárþing ytra**

	<u>1</u>
--	----------

**Sveitarfélagið Árborg**

	<u>2</u>
--	----------

**Sveitarfélagið Hornafjörður**

	<u>2</u>
--	----------

**Vestmannaeyjabær**

	<u>2</u>
--	----------


**C. Annað**

Öflokkað	<u>29</u>
----------	-----------

**SAMTALS**

	<u>439</u>
--	------------

### D. Skráð mál 2015 flokkuð eftir ráðuneytum



### E. Mál sem lokið var með álitum 2015, flokkuð eftir stjórnvöldum



Stjórnvald	Fjöldi álita
Velferðarráðuneyti	2
Höfuðborgarstofa	1
Innanríkisráðuneyti	2
Fjármála- og efnahagsráðuneyti	3
Úrskurðarnefnd almannatrygginga	1
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	3
Sveitarfélagið X	1
Skattrannsóknarstjóri ríkisins	1
Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	1
<b>Samtals</b>	<b>15</b>

### 1.5 Skipting skráðra mála 2015 eftir viðfangsefnum


Aðgangur að gögnum og upplýsingum	14	Námslán og námsstyrkir	8
Almannatryggingar	29	Neytendamál	4
Almannavarnir	1	Opinber innkaup og útboð	1
Atvinnuleysistryggingar	3	Opinberir starfsmenn	47
Atvinnuréttindi og atvinnufrelsi	8	Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga	3
Áfengismál	1	Rafræn stjórnýsla	1
Börn	6	Samgöngumál	5
Dómstólar og réttarfar	3	Samkeppnismál	2
Dvalarleyfi	1	Sektir	1
Erfðaréttindi	2	Sjávarútvegur	4
Fangelsismál	11	Skaðabætur	1
Félagsþjónusta og félagsleg aðstoð	9	Skattar og gjöld	23
Félög	2	Skipulags- og byggingarmál	8
Fjármála- og tryggingastarfsemi	24	Styrkveitingar	2
Fullnustugerðir og skuldaskil	8	Sveitarfélög	7
Fæðingar- og foreldraorlof	2	Tafir hjá stjórnvaldi á afgreiðslu máls	86
Gjafsókn	8	Tolleftirlit	4
Gjaldeyrismál	1	Umhverfismál	2
Greiðsluáðlögum og eignaráðstöfun	3	Útlendingar	1
Happdrætti	1	Vegabréf og persónuskilríki	1
Heilbrigðismál	9	Þinglýsingar	2
Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit	1	Þjónustusamningar	1
Húsnæðismál	6	Ökuréttindi	1
Hæfi	2		
Innheimta opinberra gjalda	1	<b>Samtals</b>	<b>439</b>
Innheimta sekta	4		
Jafnréttismál	1		
Kirkjumál og trúfélög	2		
Landbúnaður	3		
Lífeyrismál	8		
Lögheimili	1		
Lögreglu- og sakamál	16		
Málefni fatlaðs fólks	5		
Málsmeðferð og starfshættir stjórnýslunnar	5		
Meðlag	10		
Menningarmál	2		
Menntamál	11		

## 2 Tölfræðilegar upplýsingar um áður afgreidd mál

### 2.1 Skráð og afgreidd mál 1988–2015




## 2.2 Skipting mála eftir afgreiðslu þeirra 1988–2015



Ár	Álit	Felld niður að feng. leiðr. eða skýr. stjórnv.	Utan starfssviðs umboðsmanns	Kæruleið ekki tæmd	Ársfrestur liðinn	Felld niður að lokinni frumathugun
1988	5	2	11	5	1	11
1989	29	5	26	23	10	29
1990	35	26	34	31	8	28
1991	23	27	19	32	8	35
1992	36	53	26	37	5	28
1993	50	51	31	33	13	34
1994	51	85	41	76	22	46
1995	59	97	39	73	11	49
1996	80	114	38	58	9	48
1997	53	105	43	65	4	70
1998	67	83	23	44	6	41
1999	68	76	36	48	10	64
2000	60	35	39	29	7	83
2001	59	70	28	37	9	100
2002	36	84	25	56	5	86
2003	35	97	23	57	7	92
2004	37	88	27	67	6	54
2005	37	96	38	72	9	73
2006	39	73	38	62	13	57
2007	23	83	40	54	10	55
2008	24	128	53	62	10	77
2009	30	97	47	69	7	69
2010	21 (5,3%)	181 (45,5%)	46 (11,5%)	83 (20,9%)	15 (3,8%)	52 (13,0%)
2011	33 (7,0%)	178 (37,6%)	68 (14,4%)	111 (23,5%)	10 (2,1%)	73 (15,4%)
2012	20 (4,0%)	184 (36,7%)	64 (12,7%)	116 (23,1%)	6 (1,2%)	112 (22,3%)
2013	39 (7,1%)	166 (30,6%)	71 (13,1%)	116 (21,4%)	8 (1,5%)	143 (26,3%)
2014	30 (5,4%)	162 (29,0%)	50 (9,0%)	126 (22,6%)	17 (3,0%)	173 (31,0%)
2015	15 (3,3%)	129 (28,7%)	41 (9,1%)	104 (23,1%)	16 (3,6%)	145 (32,2%)
Samtals	1094	2575	1065	1746	262	1927


### 2.3 Mál er fallið hafa utan starfssviðs umboðsmanns 1988–2015




Ár	Störf Alþingis	Störf dómstóla	Einkaréttarleg lögskipti	Réttarágreiningur á undir dómstóla	Önnur atriði
1988		6	2		1
1989	2	14	1	3	6
1990	15	8	1	1	9
1991	6	3	3	4	3
1992	5	9	2	5	5
1993	7	9	3	4	8
1994	6	12	7	9	7
1995	9	10	5	7	8
1996	10	8	5	8	7
1997	23	5	3	4	8
1998	9	2	1	4	7
1999	16	2	8	2	8
2000	5	12	4	5	13
2001	11	4	5	3	5
2002	6	5	4	5	5
2003	12	4	3	2	2
2004	8	1	5	9	4
2005	14	5	2	15	2
2006	18	4	4	11	1
2007	9	4	12	12	3
2008	24	2	5	13	9
2009	15	7	15	8	2
2010	19 (41,3%)	1 (2,2%)	10 (21,7%)	14 (30,4%)	2 (4,4%)
2011	33 (48,5%)	4 (5,9%)	14 (20,6%)	11 (16,2%)	6 (8,8%)
2012	32 (50,0%)	5 (7,8%)	13 (20,3%)	10 (15,6%)	4 (6,3%)
2013	28 (39,4%)	10 (14,1%)	13 (18,3%)	18 (25,4%)	2 (2,8%)
2014	19 (38,0%)	5 (10,0%)	16 (32,0%)	10 (20,0%)	0 (0,0%)
2015	16 (39,0%)	4 (9,8%)	11 (26,8%)	8 (19,5%)	2 (4,9%)
Samtals	380	165	177	205	139



## 2.4 Mál flokkuð eftir ráðuneytum 1988–2015



## 2.5 Mál flokkuð eftir viðfangsefnum 1988–2015



### 3 Viðbrögð stjórnvalda við sérstökum tilmælum umboðsmanns

Þegar umboðsmaður lætur í ljós álit sitt um að athafnir stjórnvalda brjóti í bága við lög eða vandaða stjórnsýsluhætti getur hann jafnframt beint sérstökum tilmælum til stjórnvalda um úrbætur, sbr. lokamálslið b-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Sú leið hefur verið farin að beina eftir atvikum þeim tilmælum til hlutaðeigandi stjórnvalds eða aðila að taka umrætt mál til endurskoðunar sökum annmarka á málsmeðferð eða efnislegrar niðurstöðu þess berist beiðni um endurupptöku málsins frá þeim aðila sem kvartað hefur til umboðsmanns Alþingis. Ekki er alltaf ástæða fyrir umboðsmann til að beina tilmælum af þessu tagi til stjórnvalds enda þótt fundið hafi verið að störfum þess og stundum verður það að vera verkefni dómstóla að leggja mat á hvort slík frávik leiði til skaðabótaskyldu stjórnvalda. Í þeim tilvikum eru oft einungis sett fram almenn tilmæli til viðkomandi stjórnvalds um það hvernig rétt sé að haga sambærilegum málum framvegis.

Hér að neðan er yfirlit sem ég hef tekið saman um viðbrögð stjórnvalda eða annarra aðila við sérstökum tilmælum sem beint var til þeirra í álitum á árinu 2015. Í yfirlitinu koma aðeins fram þau mál þar sem tilmælum var beint til stjórnvalds eða aðila um að taka þá ákvörðun sem var tilefni kvörtunar til meðferðar að nýju kæmi fram ósk um það frá þeim sem bar fram kvörtun eða gera tilteknar ráðstafanir í ákveðnu og afmörkuðu tilviki. Í 10 þessara mála var almennum tilmælum einnig beint til viðkomandi stjórnvalds eða aðila en í tveimur málum, sem lokið var á árinu 2015, var eingöngu almennum tilmælum beint til stjórnvaldsins sem í hlut átti.

Í yfirlitinu eru tilgreind alls 11 álit. Í einu tilviki hefur sá sem bar fram kvörtun til mín ekki leitað til stjórnvaldsins að nýju vegna þess máls sem álitidi fjallaði um. Í öllum tilfellum er farið að tilmælunum. Nánar er greint frá svörum stjórnvalda við fyrirspurnum um viðbrögð við sérstökum tilmælum í umfjöllun um viðkomandi mál í III. kafla skýrslunnar.

Mál nr.	Bls. í skýrslu	Stjórnvald	Ekki leitað aftur til stjórnvalds	Farið að tilmælum	Ekki farið að tilmælum	Enn til meðferðar
7940/2014	65	Heilbrigðisráðherra		X		
8117/2014	52	Höfuðborgarstofa		X		
8140/2014	81	Fjármála- og efnahagsráðuneytið Ríkisskattstjóri		X		
8178/2014	54	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	X			
8181/2014	75	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra		X		
8295/2014	79	Innanríkisráðuneytið Samgöngustofa		X		
8322/2015	56	Fjármála- og efnahagsráðuneytið		X		
8354/2015	76	Sveitarfélagið X		X		
8376/2015	55	Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála		X		
8419/2015	68	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið		X		
8543/2015	77	Fjármála- og efnahagsráðuneytið		X		
		<b>Samtals</b>	<b>1</b>	<b>10</b>		

Við lestur á framangreindu yfirliti verður að hafa í huga að þarna er aðeins fjallað um viðbrögð þess stjórnvalds sem tilmælum var beint til. Það leiðir af lagareglum um störf umboðsmanns Alþingis að athugun hans á máli og tilmæli beinast að ákvörðun eða úrskurði æðra stjórnvalds á viðkomandi sviði. Sé t.d. um að ræða úrskurð sérstakrar kærunefndar er tilmælum umboðsmanns beint til hennar. Það kann að leiða til þess að nefndin leysi að nýju úr máli og í samræmi við þá niðurstöðu gangi málið á ný til úrlausnar hjá lægra stjórnvaldi.

Þá ber einnig að hafa í huga að oft lúta tilmæli umboðsmanns Alþingis að því að bæta þurfi úr ákveðnum annmörkum sem hafa verið á málsmeðferð stjórnvalds þegar það tók þá ákvörðun sem kvörtun til mín laut að. Í þeim tilvikum kann stjórnvald að hafa farið að þeim tilmælum að taka mál fyrir að nýju og þá bætt úr annmörkum á málsmeðferðinni. Sú efnisúrlausn sem þá liggur fyrir getur síðan orðið til þess að sá sem ákvörðunin beinist að sé enn ósáttur við lyktir máls og kvarti þá eftir atvikum á ný til umboðsmanns Alþingis.

#### **4 Viðbrögð stjórnvalda við almennum tilmælum umboðsmanns**

Umboðsmaður Alþingis kann að fara þá leið í tilefni af athugun á kvörtun eða máli sem hann hefur tekið upp að eigin frumkvæði að beina almennum tilmælum til hlutaðeigandi stjórnvalda. Þetta eru þau mál þar sem ég hef beint því til viðkomandi stjórnvalds að gera almennt breytingar á tilteknum vinnubrögðum eða reglum. Í kjölfarið hef ég innt stjórnvöld eftir því hvort þau hafi gripið til sérstakra ráðstafana í tilefni af almennum tilmælum mínum.

Í yfirlitinu hér að neðan eru tilgreind 12 álit þar sem almennum tilmælum hefur verið beint til viðkomandi stjórnvalds á árinu 2015. Þessi tilmæli lutu ýmist að því að tilteknum reglum eða starfsháttum stjórnvalda yrði breytt eða því var beint til stjórnvalda að taka það til athugunar hvort tilefni væri til að gera ákveðnar breytingar og þá í ljósi þeirra sjónarmiða sem ég hafði lýst í álitinu mínu. Þegar metið er í síðara tilvikinu hvort stjórnvöld hafi farið að ábendingum mínum verður að leggja áherslu á að þar hef ég fyrst og fremst verið að kalla eftir að hjá viðkomandi stjórnvaldi yrði lagt mat á hvort tilefni sé til breytinga með tilliti til þessara sjónarmiða sem gjarnan hafa þá lotið að því að betur sé hugað að réttarstöðu og réttaröryggi borgaranna. Liggi það fyrir að stjórnvald hafi í kjölfar slíkra tilmæla frá mér lagt mat á þessi atriði en ekki talið rétt að gera að öllu leyti breytingar á þeim atriðum sem tilmæli mín lutu að og rökstyðji þá afstöðu sína með atriðum sem stjórnvaldið hefur lögum samkvæmt mat um hef ég almennt litið svo á að stjórnvaldið hafi farið eftir þeim almennum tilmælum sem ég setti fram.

Af yfirlitinu sést að stjórnvöld hafa í öllum tilvikum farið að almennum tilmælum sem sett hafa verið fram. Nánar er greint frá svörum stjórnvalda við fyrirspurnum mínum vegna almennra tilmæla í umfjöllun um viðkomandi mál í III. kafla skýrslunnar.

Mál nr.	Bls. í skýrslu	Stjórnvald	Farið að tilmælum	Ekki farið að tilmælum	Enn til meðferðar
7940/2014	65	Heilbrigðisráðherra	X		
8117/2014	52	Höfuðborgarstofa	X		
8122/2014	70	Innanríkisráðuneytið Forsætisráðuneytið	X		
8140/2014	81	Fjármála- og efnahagsráðuneytið Ríkisskattstjóri	X		
8178/2014	54	Úrskurðarnefnd almannatrygginga	X		
8181/2014	75	Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra	X		
8295/2014	79	Innanríkisráðuneytið Samgöngustofa	X		
8322/2015	56	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	X		
8383/2015	82	Skattrannsóknarstjóri ríkisins	X		
8376/2015	55	Úrskurðarnefnd fæðingar- og foreldraorlofsmála	X		
8419/2015	68	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	X		
8543/2015	77	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	X		
		<b>Samtals</b>	<b>12</b>		

### III ÁLIT OG AÐRAR NIÐURSTÖÐUR Í MÁLUM AFGREIDDUM ÁRIÐ 2015

#### 1 Aðgangur að gögnum og upplýsingum

##### 1.1 Opinberir starfsmenn. Sveitarfélög. (Mál nr. 8117/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir ákvörðun Höfuðborgarstofu um að synja honum um aðgang að náms- og starfsferilskrám umsækjenda um starf deildarstjóra markaðs- og kynningardeildar, en hann var meðal umsækjenda um starfið.

Ákvörðun Höfuðborgarstofu var byggð á 17. gr. stjórnsýslulaga og rökstudd með vísan til þess að gögnin hefðu að geyma einkahagsmuni umsækjendanna sem væru mun ríkari en hagsmunir A og að hann hefði enga hagsmuni af því að notfæra sér vitneskju úr þeim. Umboðsmaður féllst ekki á þessa afstöðu. Hann lauk málinu með álitni, dags. 9. febrúar 2015. Þar benti hann á að A gæti átt hagsmuni af því að bera sig saman við þá umsækjendur sem var boðið í viðtal með hliðsjón af fyrir- liggjandi upplýsingum um þá og bera stigagjöf umsækjenda saman við upplýsingar úr ferilskrám þeirra til að átta sig á hvernig staðið hefði verið að mati við ráðningu í starfið. Þá yrði ekki önnur ályktun dregin af gögnum málsins en að byggt hefði verið á náms- og starfsferilskránum, m.a. þegar ákveðið var hverjir yrðu boðaðir í viðtöl. Í þeim væri einkum að finna upplýsingar um umsækjendur og almennt væri ekki hægt að ganga út frá því að upplýsingar um menntun og starfsreynslu umsækjenda vörðuðu verulega hagsmuni þeirra.

Umboðsmaður tók jafnframt fram að af rökstuðningi Höfuðborgarstofu yrði ráðið að Höfuðborgarstofa hefði með skírskotun til almennra sjónarmiða lagt fortaks- laust til grundvallar að umsækjendur um opinbert starf ættu ekki rétt á umræddum gögnum og upplýsingum um aðra umsækjendur en þann sem var ráðinn í starfið án þess að atviksbundið mat hefði farið fram.

Umboðsmaður gat ekki fallist á að sú afstaða væri í samræmi við 17. gr. stjórnsýslulaga eða að fyrir fram yrði séð að gögnin væru í heild þess eðlis að rétt væri að takmarka aðgang aðila máls að þeim án frekara mats.

Niðurstaða umboðsmanns var að þær forsendur sem Höfuðborgarstofa byggði synjun sína á hefðu ekki verið í samræmi við 17. gr. stjórnsýslulaga enda yrði ekki séð að það atviksbundna mat sem ákveðið áskilur hefði í reynd farið fram. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til Höfuðborgarstofu að leyst yrði úr beiðni A um aðgang að gögnum í samræmi við þau sjónarmið sem reifuð voru í álitinu, kæmi fram ósk frá A þess efnis. Jafnframt beindi hann því til Höfuðborgarstofu að hafa þessi sjónarmið í huga í framtíðarstörfum sínum.

Bréf barst frá Höfuðborgarstofu vegna málsins 25. febrúar 2015. Meðfylgjandi var bréf Höfuðborgarstofu til A þar sem fram kom að erindi hans hefði verið tekið til skoðunar og afgreitt í samræmi við þau sjónarmið sem reifuð hefðu verið í álitni umboðsmanns. Meðfylgjandi bréfinu til A voru umbeðin gögn, umsóknir og ferilskrár tiltekinna umsækjenda sem afhentar voru á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga. Kom fram að gögnin hefðu verið yfirfarin með vísan til 17. gr. stjórnsýslulaga og afmáðar persónulegar

upplýsingar sem ekki hefðu haft þýðingu við mat á starfshæfni umsækjenda. Í tölvubréfi Höfuðborgarstofu, dags. 16. júní 2016, kom fram að fullt tillit hefði verið tekið til þeirra athugasemda sem fram komu í álitum umboðsmanns. Greint var frá því hvernig almennt er staðið að ráðningarferli hjá Höfuðborgarstofu og tekið fram að ef til þess kæmi að umsækjendur um störf óskuðu eftir gögnum væri Höfuðborgarstofu ljóst að þau bæri að afhenda að undanskildum gögnum með persónulegum upplýsingum í umsóknum annarra umsækjenda sem almennt hefðu ekki þýðingu við mat á starfshæfni þeirra.

## 2 Almennatryggingar

### 2.1 Stjórnarsýslukæra. Lögvarðir hagsmunir. (Mál nr. 8178/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar almennatrygginga í enduruppteknu máli en nefndin hafði vísað málinu frá á þeim grundvelli að úrlausn þess hefði ekki lengur raunverulega þýðingu fyrir hana. Athugun umboðsmanns beindist að því hvort frávísunin hefði verið í samræmi við lög.

Í eldri úrskurði úrskurðarnefndarinnar í máli A hafði nefndin staðfest niðurstöðu Tryggingastofnunar ríkisins um að tiltekna greiðslur sem A fékk frá Noregi, þ.e. svokallaður viðbótarlífeyrir, teldust tekjur sem skertu lífeyrisgreiðslur hennar frá tryggingastofnun hér á landi. Undir rekstri hins endurupptekna máls hjá nefndinni tók norska tryggingastofnunin þá ákvörðun að hætta greiðslum á viðbótarlífeyri til A þar sem hún uppfyllti ekki lagaskilyrði en að A yrði ekki endurkrafinn um þær greiðslur sem hún hefði nú þegar þegið vegna þess að það hefði hún gert í góðri trú. Í framhaldinu endurreiknaði Tryggingastofnun ríkisins lífeyrisgreiðslur A hér á landi í samræmi við breyttar forsendur frá miðju ári 2014. Vegna þessa taldi úrskurðarnefndin að A ætti ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um það hvort viðbótarlífeyrir í Noregi ætti að koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum hér á landi.

Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 15. júní 2015. Þar benti hann á að þrátt fyrir að A hefði fengið nýja úrlausn frá Tryggingastofnun ríkisins, þar sem tekið væri tillit til breyttra forsendna fyrir árið 2014, stæði eftir það álitafni hvaða áhrif þær greiðslur sem hún fékk frá Noregi fyrir þann tíma hefðu átt að hafa á fjárhæð lífeyrisgreiðslna hennar frá Tryggingastofnun ríkisins. Væri raunin sú að þessar greiðslur hefðu ekki átt að skerða lífeyrisgreiðslur A hér á landi fram til miðs árs 2014 leiddi af þeirri niðurstöðu að A kynni að eiga rétt á greiðslu vangreiddra bóta. Þar sem eldra mál A hefði verið endurupptekið og nýja málinu vísað frá hefði ekki verið leyst efnislega úr þessu álitafni og þá miðað við þær forsendur sem lögju nú fyrir. Það var niðurstaða umboðsmanns að A hefði haft lögvarða hagsmuni af úrlausn úrskurðarnefndarinnar um þetta atriði og því hefði úrskurður nefndarinnar ekki verið í samræmi við lög.

Umboðsmaður mæltist til þess að úrskurðarnefndin tæki mál A til nýrrar meðferðar, kæmi fram beiðni frá henni þess efnis, og leysti þá úr því í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu. Þá mæltist hann til þess að úrskurðarnefndin hefði þessi sjónarmið framvegis í huga í störfum sínum.

Í tilefni af fyrirspurn minni um málið barst mér svarbréf frá úrskurðarnefnd velferðarmála, dags. 4. mars 2016. Nefndin hefur nú tekið yfir verkefni úrskurðarnefndar almennatrygginga. Í bréfinu kemur fram að A hafi ekki óskað eftir að málið verði tekið til nýrrar meðferðar. Álitid hafi ekki orðið tilefni sérstakra viðbragða eða ráðstafana hjá úrskurðarnefnd velferðarmála en nefndin muni við meðferð mála hafa í huga þau almennu sjónarmið sem rakin eru í álitinu.



## 2.2 Greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Lögskýring. Lögmætisreglan. (Mál nr. 8376/2015)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Með úrskurðinum var staðfest synjun Tryggingastofnunar ríkisins á umsókn A um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlegra fatlaðra barna vegna sonar hennar. Synjunin byggðist á því að ekki væri fullnægt lagaskilyrði um að vistunarþjónustu á vegum opinberra aðila yrði ekki við komið. Fyrir lægi að sonur A væri á leikskóla alla virka daga stærstan hluta dagsins á því tímabili sem um ræddi. A hélt því aftur á móti fram að veikindi sonar hennar og aðrar aðstæður væru þannig að hún gæti ekki verið virk á atvinnumarkaði.

Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 16. október 2015. Þar tók hann fram að hann fengi ráðið að það væri afstaða úrskurðarnefndarinnar að væri vistunarpláss opinberra aðila fyrir hendi og það nýttist vel, í þeim skilningi að barn gæti t.d. að jafnaði mætt á leikskóla meðan á hefðbundnum vinnutíma stæði, væri ekki heimilt að veita foreldrum þeirra greiðslur á grundvelli laga um greiðslur til foreldra langveikra og alvarlega fatlaðra barna, óháð því hvort heildstæð skoðun á aðstæðum þeirra leiddi til þess að þeir hefðu ríka þörf fyrir þær.

Umboðsmaður taldi að líta yrði til orðalags og framsetningu þeirra ákvæða sem á reyndi í málinu auk lögskýringargagna. Í lögskýringargögnum væri lögð áhersla á heildstætt mat á aðstæðum fjölskyldna og færi það mat fram „með hliðsjón af“ þeirri vistunarþjónustu opinberra aðila sem væri í boði. Athugasemdirnar bentu til þess að ekki bæri að skilja umrætt skilyrði einangrað frá öðrum skilyrðum ákvæðanna og þá þannig að litið væri fram hjá öðrum aðstæðum fjölskyldu. Þvert á móti yrði að meta hvernig vistunarþjónusta nýttist sem hluti af heildarmatinu og þá í ljósi raunverulegrar umönnunarþarfar og hvort foreldri gæti, þrátt fyrir vistunarþjónustu, í reynd ekki verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þessi skilningur á ákvæðinu félli að markmiðum laganna.

Niðurstaða umboðsmanns var að afstaða úrskurðarnefndarinnar hefði verið of afdráttarlaus. Nefndinni hefði borið við úrlausn málsins að meta hvort vistun sonar A á leikskóla hefði nýst henni með hliðsjón af aðstæðum fjölskyldunnar að öðru leyti, þ. á m. umönnunarþörf sonar hennar utan leikskólans, þannig að A hefði getað verið virkur þátttakandi á vinnumarkaði. Þar sem ekki var tekið tillit til þessara atriða var það niðurstaða umboðsmanns að úrskurður nefndarinnar í máli A hefði ekki verið að þessu leyti í samræmi við lagagrundvöll málsins.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til nefndarinnar að taka mál A til nýrrar meðferðar, kæmi fram beiðni frá henni þess efnis, og leysa þá úr í því í samræmi við þau sjónarmið sem væru rakin í álitinu. Jafnframt mæltist hann til þess að nefndin hefði þessi sjónarmið framvegis í huga í störfum sínum.

Í tilefni af fyrirspurn minni um málið barst mér svarbréf frá úrskurðarnefnd velferðarmála, dags. 4. mars 2016. Nefndin hefur nú tekið yfir verkefni úrskurðarnefndar almannatrygginga. Í bréfinu kemur fram að A hafi óskað eftir endurupptöku málsins í kjölfar álitsins. Úrskurðarnefndin hafi fallist á beiðnina og úrskurðað að nýju í málinu 10. desember 2015. Við endurupptöku málsins hafi hin kærða ákvörðun verið felld úr gildi og greiðslur til A samþykktar á grundvelli 19. gr. laga nr. 22/2006. Álitid hafi ekki orðið tilefni til sérstakra viðbragða eða ráðstafana hjá úrskurðarnefndinni en litið hafi verið til þeirra sjónarmiða við endurupptöku málsins auk þess sem nefndin muni hafa í huga þau almennu sjónarmið sem þar eru rakin.

### 3 Eignir ríkisins

#### 3.1 Ákvörðun leigugjalds ríkisjarða. Einkaréttarlegir samningar ríkisins. (Mál nr. 8322/2015)

A o.fl. leituðu til umboðsmanns Alþingis og kvörtuðu yfir ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að hafna beiðni um endurskoðun og leiðréttingu á hækkun leigugjalds lóðar úr landi X í eigu ríkisins en A er ásamt fleirum leigjandi lóðarinnar.

Athugun umboðsmanns laut að því hvort ríkinu hefði, miðað við atvik málsins og leigusamning um eignina, verið heimilt að breyta árlegri leigu frá því sem kæmi fram í samningnum með þeim hætti sem gert hafði verið.

Umboðsmaður lauk málinu með álitni, dags. 28. október 2015. Þar sem hann taldi að hækkun leigugjalds gæti ekki sótt stoð í reglur um fjárhæð jarðarafgjalda sem væru innri reglur ráðuneytisins. Þá tók hann fram að tiltekinn liður í leigusamningi aðila fæli samkvæmt orðalagi sínu ekki í sér heimild til handa stjórnvöldum til að hækka leigugjald einhliða heldur aðeins að „óska eftir endurskoðun“. Gert væri ráð fyrir tilteknum farvegi máls næðist ekki samkomulag um nýtt leigugjald. Þá tók umboðsmaður fram að hann gæti ekki fallist á þá afstöðu ráðuneytisins að það hefði ekki tekið einhliða ákvörðun í málinu. Sjónarmið um hvaða leigufjárhæð kynni að teljast sanngjörn gætu ekki breytt þeirri niðurstöðu sem leiddi af leigusamningi aðila. Það var niðurstaða umboðsmanns að ekki hefði verið sýnt fram á að ríkinu hefði verið heimilt samkvæmt lögum eða ákvæðum leigusamnings um umrædda lóð að taka einhliða ákvörðun að um að hækka árlega leigu fyrir lóðina í lágmarksleigugjald samkvæmt reglum um fjárhæð jarðarafgjalda eins og gert hafði verið.

Umboðsmaður tók einnig fram að þær skýringar sem stjórnvöld hefðu fært fram í málinu um túlkun á álitni setts umboðsmanns í máli nr. 7394/2013, sem einnig varðaði ákvörðun leigugjalds af ríkisjörð, og um valdheimildir þeirra og grundvöll ákvarðana væru verulega gagnrýniverðar. Settur umboðsmaður hefði tekið fram að þau sjónarmið sem gerð væri grein fyrir í álitinu kynnu að eiga við í fleiri tilvikum þar sem stjórnvöld hefðu beitt reglum um fjárhæð jarðarafgjalda og tekið einhliða ákvörðun um að hækka leigu án þess að það hafi stuðst við viðhlítandi heimild í viðkomandi samningi. Ef sú væri raunin hefði settur umboðsmaður talið að ráðuneytið þyrfti almennt að endurskoða þá framkvæmd. Umboðsmaður benti á að hann hefði tekið fram í skýrslu sinni til Alþingis fyrir árið 2014 að ekki yrði séð að ráðuneytið hefði í reynd fylgt þessum almennu tilmælum setts umboðsmanns. Hann teldi því rétt að ítreka þau.

Umboðsmaður beindi einnig þeim tilmælum til ráðuneytisins að taka mál A til meðferðar að nýju, kæmi fram beiðni frá henni þess efnis, og að leyst yrði úr því máli í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

Í kjölfar fyrirspurnar til fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna málsins barst svarbréf frá Ríkiseignum, dags. 7. mars 2016, sem var falið að svara fyrir hönd ráðuneytisins. Þar kemur fram að A hafi óskað eftir því að mál hennar yrði tekið til nýrrar meðferðar 3. desember 2015. Fallist hafi verið á erindi A um að endurreikna leigugreiðslur hennar og var gerð grein fyrir leiðréttingu gjaldsins. Ríkiseignir hafi jafnframt fallist á að endurgreiða mismun greiðslna til A og greiða dráttarvexti. Þá hafi Ríkiseignir beðist velvirðingar á óþægindum sem hafi orðið vegna málsins. Málið hafi verið gert upp í janúar og árleg framtíðarleigugreiðsla hafi jafnframt verið lækkuð.

Í bréfi Ríkiseigna kemur einnig fram að almennar breytingar hafi verið gerðar á verklagi Ríkiseigna um haustið vegna álits umboðsmanns. Tilgangurinn hafi verið að bregðast við framkomnum athugasemdum og tryggja sem kostur er vandaða málsmeðferð. Æskilegt sé að hafa slíkar verklagsreglur um hækkun á leigufjárhæð skrásettar en þær hafi ekki verið skrásettar fyrir. Þá sé nýmæli í slíkum málum að leigutaka verði framvegis skriflega veittur kostur á að óska eftir sameiginlegum fundi um breytingar. Í bréfinu er gerð grein fyrir framtíðarverklagi Ríkiseigna þegar talin er þörf á að breyta leigufjárhæð. Að lokum kemur fram að Ríkiseignir hafi ekki tekið neinar ákvarðanir um breytingar á leigufjárhæð annarra leigutaka/ábúenda frá því álitid hafi komið fram í október 2015. Þá hafi Ríkiseignir/Jarðeignir ríkisins ekki fengið til umfjöllun önnur erindi leigutaka/ábúenda um niðurfellingu á hækkun leigugreiðslna/jarðarafgjalda.

## 4 Fjármála- og tryggingastarfsemi

### 4.1

#### Gjaldeyrismál. (Mál nr. 6226/2010)

Félagið A ehf. kvartaði yfir tilteknum atriðum í málsmeðferð Seðlabanka Íslands sem beindist að athugun seðlabankans á skuldabréfaútgáfu A ehf. vegna meintra brota á reglum um gjaldeyrismál. Þá beindist kvörtunin að tilteknum atriðum vegna sölumeðferðar Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ), á hlutum í X hf. Í því tilviki hafði A ehf. verið hluti af hópi fjárfesta sem hafði komist að samkomulagi við ESÍ um kaup á hlutum í X hf. en áður en endanlegur kaupsamningur var undirritaður sagði fjárfestahópurinn sig frá málinu.

Umboðsmaður Alþingis lauk athugun sinni á málinu með bréfi 2. október 2015. Þar benti hann í fyrsta lagi á að þegar kvörtun A ehf. hefði borist hefði ekki verið ljóst hver yrðu afdrif málsins af hálfu bankans og þar með innan stjórnarsýslunnar. Að því leyti hefðu ekki verið uppfyllt skilyrði að lögum til þess umboðsmaður gæti fjallað um það eða einstök atriði vegna málsmeðferðar í aðdraganda ákvörðunar bankans. Málinu hefði síðan verið vísað til lögreglu og sérstakur saksóknari ákveðið að rannsókn málsins yrði hætt og sú ákvörðun verið staðfest af ríkissaksóknara. Almennt væri ekki tilefni fyrir umboðsmann til að fjalla á ný um mál við slíkar aðstæður. Það yrði að vera verkefni dómstóla að skera úr ágreiningi sem risi í framhaldi af slíkri niðurstöðu stjórnvalda. Í öðru lagi benti umboðsmaður á að fyrrnefndur fjárfestahópur hafði þegar sagt sig frá málinu áður en til þess kom að endanlegur kaupsamningur var undirritaður um kaup á hlutum í X hf. Úrlausn um hvort og að hvaða leyti samskipti aðila í aðdraganda þess kynnu að hafa haft áhrif á fjárhagslega stöðu þeirra væri verkefni dómstóla í okkar réttarkerfi, ef aðilar næðu ekki samkomulagi um lausn slíks ágreinings. Með vísan til framangreinds lauk umboðsmaður athugun sinni á málinu. Hann tók fram að hann hefði hins vegar talið rétt að huga almennt að þeim atriðum og málsatvikum sem hefðu legið til grundvallar kvörtun A ehf. samhliða athugun hans á álitafnum sem tengdust rannsóknnum á meintum brotum á reglum um gjaldeyrismál og fyrirkomulagi á meðferð þeirra eigna sem seðlabankinn hefur haft umsjón með og annast sölu á eftir fall íslensku fjármálafyrirtækjanna haustið 2008.

Af framangreindu tilefni sendi umboðsmaður bréf til fjármála- og efnahagsráðherra, bankaráðs Seðlabanka Íslands, seðlabankastjóra og stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Þar gerði hann grein fyrir því að honum hefðu á síðustu árum borist ýmsar ábendingar og kvartanir vegna starfshátta Seðlabanka Íslands í tengslum við ofangreinda málaflokka. Hann hefði ákveðið að gera þeim stjórnvöldum sem fara með framkvæmd þessara mála grein fyrir því sem fram hefði komið við athugun hans á þessum málum með bréfi, og setja fram tilteknar ábendingar um að betur yrði hugað að einstökum þáttum þeirra, í stað þess að ljúka athuguninni með formlegri frumkvæðisathugun eða beinum tilmælum. Af hálfu umboðsmanns væri þessi leið farin til þess að ábendingar hans gætu komið til skoðunar við hugsanlegar lagabreytingar og breytingar á starfsháttum stjórnvalda.

Í bréfi umboðsmanns kom fram að við upphaf athugunar hans í lok árs 2010 hefði hann staðnæmst sérstaklega við þá leið sem farin hefði verið í lögum þegar gjaldeyrishöftin voru tekin upp haustið 2008. Þar hefði Seðlabanka Íslands verið fengin heimild til að gefa út, að fengnu samþykki ráðherra, reglur um gjaldeyrismál.

Hinar eiginlegu efnisreglur um gjaldeyrishöftin hefðu verið í reglum og brot gegn þeim hefðu getað varðað refsingum. Umboðsmaður vísaði til þess að hann hefði talið vafa leika á því að þetta fyrirkomulag uppfyllti þær kröfur sem leiða af reglum um lögbundnar refsheimildir og skýrleika refsheimilda. Til viðbótar hefðu síðan komið atriði sem lytu að samþykki ráðherra á reglum og birtingu þess. Auk bréfaskipta við stjórnvöld hefði umboðsmaður fundað með fulltrúum þáverandi efnahags- og viðskiptaráðuneytis og Seðlabanka Íslands vegna málsins. Umboðsmaður hefði síðan verið upplýstur um að unnið hefði verið að endurskoðun á lögum um þessi mál. Frumvarp þess efnis hefði verið lagt fram á Alþingi í maí 2011 og verið samþykkt í september sama ár. Með því hefðu efnisreglur um gjaldeyrishöft, sem komið hefðu fram í reglum seðlabankans, verið lögfestar. Tiltekin mál sem tekin hefðu verið til rannsókna í gildistíð eldri laga hafi þá verið til meðferðar hjá stjórnvöldum, þ.m.t. lögreglu og ákærvaldi, og síðar hjá dómstólum. Umboðsmaður benti á að hann hefði því talið rétt að bíða með frekari athugun sína á tilteknum atriðum sem lutu að grundvelli rannsókna stjórnvalda á meintum refsiverðum brotum á reglum um gjaldeyrishöft þar til ljóst yrði hverjar yrðu lyktir mála um þessi atriði. Staða þessara mála væri hins vegar með þeim hætti að hann teldi rétt að ljúka málinu.

Umboðsmaður vísaði til þess að athugun hans vegna gjaldeyrishaftanna hefði fyrst og fremst lotið að lagagrundvelli og framkvæmd rannsókna stjórnvalda þegar grunur hefði vaknað um brot gegn reglum um gjaldeyrishöft, tilteknum atriðum í málsmeðferð þegar mál væru kærð til lögreglu og heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna slíkra brota. Þær ábendingar og kvartanir sem umboðsmanni hefðu borist vegna mála tengdum gjaldeyrishöftunum hefðu einnig lotið að öðrum atriðum, svo sem afgreiðslu beiðna um undanþágur og leyfa vegna haftanna, ógagnsæi þeirra mála og skorti á málsskotsleið innan stjórnvalla.

Umboðsmaður vék í bréfi sínu jafnframt að flutningi verkefna seðlabankans við umsýslu og sölu eigna til einkahlutafélags í eigu bankans, Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ), og þeim lagaheimildum sem bankinn hafði byggt á í því sambandi. Tilefni athugunar umboðsmanns á þessum þætti voru m.a. ábendingar um að þeir sem komið hefðu fram fyrir hönd bankans/einkahlutafélags hans hefðu gert það með áþekkingu hætti og um væri að ræða einkaaðila en ekki ríkisstofnun. Var það afstaða umboðsmanns að skýringar bankans um lagaheimild til flutnings verkefnanna hefði ekki verið fullnægjandi. Umboðsmaður lagði áherslu á að auk þess sem fullnægjandi lagaheimild þyrfti að vera fyrir hendi til slíks flutnings opinberra verkefna frá ríkisstofnun væri líka mikilvægt að þeir starfsmenn sem fjölluðu um þessi mál, viðsemjendur um þessar eignir og kröfur og almennir borgarar væru ekki í vafa um eftir hvaða reglum, svo sem um meðferð valds og upplýsinga, hæfi og málsmeðferð að öðru leyti, ætti að fara í þessum tilvikum. Þær athuganir sem umboðsmaður gerði grein fyrir í bréfi sínu urðu honum einnig tilefni til þess að setja fram ábendingar um eðli og aðgreiningu verkefna í stjórnvalla Seðlabanka Íslands.

Í bréfinu áréttaði umboðsmaður að þess yrði gætt í framtíðinni að vanda betur til lagasetningar um sambærileg mál, sérstaklega um framsetningu refsheimilda og þar með um grundvöll athugana og rannsókna stjórnvalda, þegar grunur vaknaði um brot sem sætt gætu viðurlögum. Nánar er gerð grein fyrir málinu í frétt á heimasíðu embættisins, dags. 6. október 2015.

Í kjölfar þessa máls átti ég fundi með viðtakendum bréfsins og/eða starfsmönnum þeirra. Þá sendu fjármála- og efnahagsráðuneytið, bankaráð Seðlabanka Íslands og Seðlabanki Íslands mér bréf vegna málsins.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins til mín, dags. 24. apríl 2016, kemur fram að ráðherra hafi falið þeim sem fara með heildarendurskoðun laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, að taka afstöðu til ábendinga umboðsmanns. Lögð hafi verið sérstök áhersla á að hugað verði að fyrirkomulagi gjaldeyriseftirlits til framtíðar að loknu afnámi fjármagnshafa og heimildum seðlabankans til þess að fela félagi úrvinnslu eigna bankans og krafna. Stefnt hafi verið að því að leggja fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands og eftir atvikum frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, á yfirstandandi þingi en vinnan hafi tafist nokkuð og þess vænst að tillögur liggi fyrir með haustinu. Ráðuneytið muni upplýsa umboðsmann um framvindu mála um leið og tillögur ráðherra liggi fyrir.

Í bréfi bankaráðs Seðlabanka Íslands, dags. 15. apríl 2016, kemur fram að fjallað hafi verið um bréf umboðsmanns á fundi ráðsins 29. október 2015 þar sem umboðsmaður mætti. Á fundinum hafi verið gerð samþykkt um ákveðnar ráðstafanir vegna bréfsins. Ákveðið hafi verið að óska eftir umsögn yfirstjórnar seðlabankans um bréfið sem skyldi liggja fyrir eigi síðar en 10. desember 2015. Þá hafi verið ákveðið að láta gera óháða úttekt á málinu og hafi bankaráðið falið Lagastofnun Háskóla Íslands um að annast þá úttekt. Verkefni lagastofnunar sé annars vegar að gera úttekt á stjórnarsýslu seðlabankans við framkvæmd gjaldeyriseftirlits, undanþágubeiðna og rannsókn meintra brota gegn gjaldeyrisreglum á tímabilinu október 2012 til ársloka 2015. Hins vegar eigi að skoða hvort ástæða sé til að skýra æskilegt verksvið og lagaheimildir bankans á þessum sviðum og setja fram tillögur til úrbóta eftir því sem þörf krefur. Vinna lagastofnunar við úttektina standi enn yfir.

Í bréfi bankaráðs kemur jafnframt fram að það hafi sent fjármála- og efnahagsráðherra bréf, dags. 20. nóvember 2015, þar sem vakin hafi verið athygli á því að ástæða kunni að vera til þess að styrkja lagagrundvöll eignarhaldsfélags bankans, Eignasafns Seðlabanka Íslands (ESÍ). Þá er í bréfinu upplýst að Ríkisendurskoðun hafi falið endurskoðunarfyritækinu Deloitte að gera úttekt á málefnum ESÍ. Það ráðist af niðurstöðu úttektarinnar hvort bankaráðið láti fara fram frekari úttektir á málefnum ESÍ. Að lokum kemur fram að bankaráð Seðlabanka Íslands muni halda umboðsmanni upplýstum um niðurstöður þeirra úttekta og skoðana sem bankaráðið sé að láta vinna að. Þá lýsir bankaráð sig reiðubúið að veita umboðsmanni allar aðrar upplýsingar sem hann óskar eftir og bankaráðið getur látið í té. Tveir bankaráðsmenn óskuðu eftir því að fram kæmi að þeir stæðu ekki að framangreindu bréfi bankaráðsins til umboðsmanns.

Í bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 22. apríl 2016, kemur fram að yfirstjórn bankans hafi afhent bankaráði greinargerð sína vegna bréfs umboðsmanns 18. desember 2015 og hafi hún jafnframt verið birt á vefsíðu bankans. Seðlabanki Íslands kveðst hafi tekið bréf umboðsmanns til gaumgæfilegrar skoðunar og fundarhöld með umboðsmanni hafi á margan hátt verið mjög gagnleg og skýrt afstöðu á bága bóga. Fram kom að það væri mat Seðlabanka Íslands að löggjafinn hefði í bráðabirgðaákvæði I laga um gjaldeyrismál, sem var m.a. umfjöllunarefni bréfs míns, afmarkað þau atriði sem seðlabankanum væri heimilt að mæla fyrir um í reglum um gjaldeyrismál. Framangreint væri í samræmi við efni svarbréfs sem umboðsmanni hafi verið sent frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, dags. 25. febrúar 2011. Að öðru leyti tók seðlabankinn undir það með umboðsmanni að það væri fyrst og fremst hlutverk dómstóla að taka afstöðu til þess hvort slíkt framsal löggjafans hefði veitt fullnægjandi grundvöll til ákvörðunar refsinga. Því væri ekki séð hvernig seðlabankinn gæti brugðist við vegna yfirstandandi rannsóknarmála með öðrum hætti en að halda áfram að sinna sínu lögbundna hlutverki. Þá hefði láðst að fella úr gildi reglur nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, þegar efni þeirra voru færð í lög nr. 127/2011, eins og bent hefði verið á í bréfi mínu. Vegna þess hefði seðlabankinn farið þess á leit við Stjórnartíðindi að framangreindar reglur yrðu felldar úr gildi. Auglýsing þess efnis var birt 1. apríl. 2016.



Í bréfi seðlabankans er einnig vikið að umfjöllun minni um ESI. Í því sambandi er vísað til greinargerðar bankans frá 18. desember 2015 þar sem rakin eru sjónarmið bankans um það á hvaða grundvelli ESI var stofnað. Bent er á að stofnun ESI eigi rætur að rekja til fordæmalausra aðstæðna við hrun fjármálakerfisins haustið 2008 og seðlabankinn hafi setið uppi með gríðarlegt magn krafna og fullnustueigna til vörslu og úrvinnslu. Frá upphafi hafi verið ljóst að starfsemi ESI hafi ekki ætlað að vera til frambúðar heldur væri um að ræða sérstakt tímabundið skipulag. Nú væri ljóst að úrvinnsla krafna og fullnustueigna bankans væri það langt komin að bankinn sæi fyrir endann á starfsemi ESI og ráðgerði að félaginu yrði slitið á árinu 2016. Af þeim sökum hefði seðlabankanum ekki þótt tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu bankans. Þá væri endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands ekki á forræði bankans heldur fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar hefðu um nokkra hríð verið til skoðunar hugsanlegar breytingar á lögnum. Seðlabankinn hefði í tengslum við þá vinnu bent ráðuneytinu á að heppilegt væri til framtíðar að gera lagagrundvöll úrvinnslu krafna sem bankinn kynni að sitja uppi með ótvíræðari. Fyrirséð væri að verulega drægi úr verkefnum tengdum fjármálaáfallinu á árinu 2016. Stefnit væri að því að leggja ESI niður og að afgerandi skref yrðu stigin í að losa fjármagnshöft. Margar þær ábendingar sem hafi komið fram í bréfi mínu væru gagnlegar í samhengi við mótun löggjafar til framtíðar.

#### 4.2 Innheimtustarfsemi. Lögmætisreglan. Meinbugir. (Mál nr. 8302/2014)

Samtökin A leituðu til umboðsmanns Alþingis og gerðu athugasemd við lagastoð 2. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum, þar sem fjallað er um heimild lögmanna og félaga í þeirra eigu til að stunda innheimtu án sérstaks innheimtuleyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Samtökin bentu á að í 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga væri aðeins gert ráð fyrir því að lögmenn mættu stunda innheimtu án innheimtuleyfis en ekki lögaðilar í eigu þeirra. Umboðsmaður ákvað að afmarka athugun sína annars vegar við það hvort framangreint ákvæði ætti viðhlítandi stoð í innheimtulögum. Hins vegar ákvað hann að fjalla um ákvæði innheimtulaga um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi lögaðila sem eru að öllu leyti í eigu lögmanna og/eða lögmannsstofa.

Umboðsmaður lauk málinu með álitni, dags. 21. október 2015. Þar tók hann fram að þegar hugtakið lögmaður væri notað í öðrum lögum án sérstakrar skilgreiningar á því yrði almennt að líta svo á að þar væri verið að vísa til þeirra sem teljast lögmenn í skilningi laga um lögmenn. Samkvæmt tilteknu ákvæði þeirra laga væri lögmönnum heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þ. á m. með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytti því ekki að lögmaður bæri alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum. Með vísan til þessa taldi umboðsmaður ekki grundvöll til athugasemda við lagastoð 2. gr. reglnanna.

Umboðsmaður tók fram að það skipti miklu fyrir þá sem ættu að njóta hagsbóta af setningu innheimtulaga, þ.e. neytendur, að það væri skýrt og glögggt hvernig reglur laganna tækju til aðila sem annast innheimtustarfsemi og að tryggt væri að eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna og lögaðila í þeirra eigu væri bæði virkt og raunhæft. Í þessu sambandi fjallaði hann um 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga þar sem fram kemur að lögmenn megi stunda innheimtu án innheimtuleyfis. Hann tók dæmi um rugling sem kynni að skapast við núverandi fyrirkomulag laga sem kynni að leiða til þess að eftirlit með innheimtustarfsemi innheimtufyrirtækja í eigu lögmanna yrði ekki í öllum tilvikum raunhæft og virkt.



Umboðsmaður fjallaði einnig um 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga þar sem fram kemur að úrskurðarnefnd lögmanna fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögmanna. Hann tók fram að þrátt fyrir orðalag ákvæðisins væri það í reynd Lögmannafélag Íslands sem sinnti eftirlitinu samkvæmt innheimtulögum og lögum um lögmenn þegar sleppti þeim málum sem unnt væri að skjóta til úrskurðarnefndarinnar. Taldi umboðsmaður að núverandi fyrirkomulag gæti orðið til þess að eftirlit með innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna yrði ekki virkt í framkvæmd enda yrði ekki séð að úrskurðarnefndin, a.m.k. eins og hlutverk og valdsvið hennar væri afmarkað í lögum um lögmenn, framkvæmi almennt eftirlit samkvæmt þeim lögum eins og virðist gengið út frá því að að hún sinni samkvæmt 2. mgr. 15. gr. innheimtulaga. Var það því afstaða umboðsmanns að taka þyrfti skýrari afstöðu til þess hvernig eftirliti með innheimtustarfsemi félaga í eigu lögmanna skyldi háttað.

Loks taldi umboðsmaður mikilvægt í þágu þeirra hagsmuna neytenda sem byggja að baki innheimtulögum að tekin yrði afstaða til þess að hvaða marki ákvæði siðareglna lögmanna næðu til starfsemi innheimtufélaga í eigu lögmanna. Benti hann á að í siðareglunum væri að finna ýmis ákvæði um starfshætti og skyldur lögmanna gagnvart skjólstæðingum og gagnaðila.

Umboðsmaður taldi því rétt að vekja athygli iðnaðar- og viðskiptaráðherra á framangreindu með það fyrir augum að tekin yrði afstaða til þess hvort og þá hvaða breytinga á lögum væri þörf á að gera.

Í bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. júní 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið er vísað í niðurstöðu álitsins þar sem fram kemur að umboðsmaður telji sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við lagastoð 2. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 121/2008. Hann telji hins vegar að tiltekin ákvæði innheimtulaga séu ekki eins skýr og æskilegt væri. Í svari ráðuneytisins kemur fram að það taki undir með umboðsmanni hvað þetta varðar og telji ákvæðið hafa næga lagastoð. Jafnframt telji ráðuneytið að heppilegt geti verið að styrkja lagastoðina til þess að auka skýrleika laganna. Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum sem lagt hafi verið fram á 141. löggjafarþingi (103. mál) veturinn 2012-2013 hafi tekið á því álitaefni sem vísað hafi verið til í álitinu um lagastoð 2. gr. reglnanna. Eftirlit með innheimtulögum væri í höndum Fjármálaeftirlitsins og úrskurðarnefndar lögmanna. Eftirlit þessara aðila næði þó ekki til kröfuhafa sem innheimtu kröfur sínar sjálfir án sérstaks leyfis. Af þessum sökum hafi verið gert ráð fyrir því í áður nefndu frumvarpi að slík innheimta væri undir eftirliti Neytendastofu. Þrátt fyrir að það kynni að vera rökrétt að aðstöðumunur þessara þriggja aðila, þ.e. lögmanna, innheimtuleyfifishafa og kröfuhafa með eigin innheimtu, væru þess valdandi að þrír eftirlitsaðilar hefðu eftirlit á grundvelli laganna hefði reynt erfitt að sannfæra þingmenn og aðra um að ekki væri hægt að einfalda eftirlitið. Taka þyrfti að taka pólitíska ákvörðun/stefnumörkun um það hvernig ætti að haga eftirlitinu.

Í bréfi ráðuneytisins kemur einnig fram að hafa beri í huga að fyrir þá lögmenn sem annist innheimtu á kröfum séu frum- og milliinnheimtubríf litill hluti af starfsemi þeirra. Einvörðungu einföldustu mál klárast á þessu stigi og önnur mál fari í frekari meðferð; þeim stefnt fyrir dóm, óskað væri eftir fjárnámi, nauðungarsölu og að lokum gerð beiðni um gjaldþrot. Siðareglur lögmanna gildi um alla þætti í starfi lögmanna og jafnframt þá þætti sem falli undir innheimtulögin enda fjalli þær um öll störf lögmanna. Þessi aðstaða geri það að verkum að eingöngu lögmenn en ekki aðrir innheimtuaðilar þurfi með beinum hætti að taka mið af siðareglunum. Þær reglur sem gildi um alla innheimtuaðila og mestu máli skipti komi fram í 1. mgr. 6. gr. laganna en þar komi fram að innheimta skuli vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Þá komi fram í 2. mgr. 6. gr. laganna að ekki megi beita aðila óhæfilegum þrýstingi vegna innheimtu eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum. Þessi

ákvæði séu matskennd og jafnvel megi horfa til einstakra ákvæða siðareglna lögmanna þegar þau verði útfærð. Það kunnir að vera tilefni til að skoða það hvort setja eigi frekari reglur um þessi samskipti í lögunum sjálfum eða með reglugerðarheimild svo reglurnar gildi um alla.

Ráðuneytið bendir á að í áliti umboðsmanns sé vísað til þess að valdheimildir Fjármálaeftirlitsins og úrskurðarnefndar lögmanna sé mismunandi þegar kemur að þessu eftirliti og að eftirlit með lögmönnum sé ekki eins virkt. Löggjafinn hafi frá setningu laganna haft þennan mun í huga. Fjármálaeftirlitið taki oft há gjöld af stórum innheimtu-fyrirtækjum og geti gripið til virkra aðgerða eins og með ákvörðun stjórnvaldssekta. Horft hafi verið til þess að eftirlit með lögmönnum byggji á gömlum grunni og sé áhrifaríkt. Eins og áður hafi verið bent á þá fjalli innheimtulögin eingöngu um afmarkaðan þátt í starfi lögmanna. Tekið sé á einstökum þáttum í starfseminni eins og vörslufjárreikningum í sérlögum um lögmenn. Í áliti umboðsmanns sé vísað til þess að óljóst sé hvort siðareglur lögmanna eigi við um félög sem séu stofnuð af þeim og starfi eingöngu við innheimtu samkvæmt lögum nr. 95/2005. Ráðuneytið telji ábendinguna réttmæta en hins vegar þurfi að meta heppilegustu leiðina til að taka á henni.

Að lokum segir í bréfi ráðuneytisins að þau erindi sem því hafi borist vegna innheimtulaga nr. 95/2008 hafi snúist um innheimtufjárhæðir og túlkun á ákvæðum um innheimtu. Engin erindi hafi borist vegna þeirra vankanta á lögunum sem umboðsmaður hafi vísað til. Mörg mikilvæg mál og erindi séu til vinnslu hjá ráðuneytinu og meta þurfi mikilvægi verkefna og forgangsraða. Ráðuneytið hafi mótttekið ábendingarnar og telji þær mikilvægt veganesti fyrir næstu endurskoðun innheimtulaga. Hins vegar sé ekki að svo stöddu hægt að fullyrða um hvernig staðið verði að frekari úrvinnslu eða hvenær. Sé þá vísað til þeirrar pólitísku stefnumörkunar sem sé nauðsynleg vegna eftirlitsins, forgangsröðunar verkefna og þess að lítið sé um kvartanir.

## 5 Fæðingar- og foreldraorlof

### 5.1 Lögskýring. Lögætisreglan. Meinbugir á lögum. (Mál nr. 7934/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála. Með úrskurðinum var staðfest ákvörðun Fæðingarorlofssjóðs um að synja A um yfirfærslu réttinda vegna andláts barnsföður hennar. Niðurstaðan byggðist á því að þar sem A færi ein með forsjá barnsins og ekki hefði verið gerður samningur um sameiginlega forsjá eða hún veitt barnsföður sínum samþykki fyrir umgengni hefði hann ekki öðlast rétt til fæðingarorlofs þegar hann lést. Því gæti enginn réttur færst yfir til A. Í kvörtun A kom m.a. fram að vegna þess hve skammur tími leið frá fæðingu barnsins til andláts föður þess hefði ekki gefist tími til að ganga frá samningi um forsjá eða umgengni.

Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 4. mars 2015. Þar tók hann fram að þegar orðalag þess ákvæðis laga um fæðingar- og foreldraorlof sem fjallar um yfirfærslu réttinda þegar foreldri andast áður en barn nær 24 mánaða aldri, samspil þess við önnur ákvæði laganna og athugasemdir við ákvæðin væru virtar hefði hann ekki nægar forsendur til að fullyrða að afstaða nefndarinnar til inntaks réttindanna væri í ósamræmi við lög. Hann taldi sig því ekki heldur hafa forsendur til að gera athugasemdir við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í málinu. Þá taldi hann sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þá afstöðu nefndarinnar að beita ekki lögjöfnun við úrlausn málsins.

Umboðsmaður taldi aftur á móti að viss samstaða væri með þeim tilvikum sem falla undir lagaákvæði sem veitir foreldrum sjálfstæðan níu mánaða rétt til fæðingarorlofs þegar hitt foreldrið andast á meðgöngu barns og tilvikum þar sem foreldri andast skömmu eftir fæðingu barns og ekki hefur reynt á hvernig forsjá barns skuli háttáð. Þá ættu rök að baki yfirfærsluheimildum laganna einnig að nokkru marki við um aðstæður sem þessar. Að lokum benti hann á að af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu leiddi að hefði aðildarríki komið á fót rétti til fæðingarorlofs yrði að útfæra tilhögun þeirra réttinda þannig að ekki væri gerður greinarmunur á réttarstöðu barna eftir því hvort þau fæðast innan eða utan hjónabands nema málefnalegar og frambærilegar ástæður réttlæti þá mismunun. Með hliðsjón af þessu og afstöðu velferðarráðuneytisins, sem hafði lýst því í bréfi til umboðsmanns að það væri ósammála afstöðu úrskurðarnefndarinnar, taldi umboðsmaður rétt að vekja athygli félags- og húsnæðismálaráðherra á þeirri aðstöðu sem væri uppi í málum á borð við þetta og þá með það fyrir augum að hugað yrði að því hvort og þá hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum af þessu tilefni.

Í svarbréfi velferðarráðuneytisins, dags. 29. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið kemur fram að í ráðuneytinu sé unnið að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum. Þeim breytingum sé m.a. ætlað að koma til móts við athugasemdir umboðsmanns í umræddu álit og og öðrum álitum hans vegna kvartana sem tengjast framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof. Félags- og húsnæðisráðherra hafi í hyggju að leggja frumvarpið fram á Alþingi á næstkomandi hausti.

## 6 Heilbrigðismál

### 6.1 Sjúkratryggingar. Greiðslupátttaka í lyfjakostnaði. Lagaheimild. (Mál nr. 7940/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis fyrir hönd apóteksins B og kvartaði yfir því að tiltekið ákvæði reglugerðar um greiðslupátttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði ætti sér ekki lagastoð. Eftir að athugun umboðsmanns á málinu hófst var ákvæðið fellt úr gildi en B taldi að framkvæmd sjúkratrygginga hefði ekki verið breytt og því ekki lagastoð fyrir henni.

Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 22. desember 2015. Þar tók hann fram að ekki yrði annað ráðið en að framkvæmdin væri sú að þegar lyfjabúð veitti afslátt af lyfi væri greiðslupátttökuverði breytt til samræmis við afsláttinn, þ.e. áður en gjald sjúkratrygginga og gjald sjúkratryggðs væri reiknað út. Af því leiddi að greiðslupátttökuverðið væri annað þegar lyfjabúð veitti afslátt en ef enginn afsláttur væri veittur. Ekki yrði annað séð en að þessi framkvæmd væri í samræmi við fyrirkomulag sem mælt hefði verið fyrir um í hinu brottfallna reglugerðarákvæði. Athugun umboðsmanns beindist að því hvort það fyrirkomulag væri í samræmi við ákvæði laga um sjúkratryggingar og lyfjalög.

Umboðsmaður fékk ekki séð að það leiddi af lyfjalögum að Sjúkratryggingum Íslands væri heimilt að breyta greiðslupátttökuverði, sem lyfjagreiðslunefnd hefði ákveðið á grundvelli laganna og birt í lyfjaverðskrá, þegar lyfsali veitir afslátt af hlut sjúkratryggðs í smásöluverði. Þá benti hann á að ef greiðslupátttökuverðið væri lækkað yrði raunveruleg greiðslupátttaka hins opinbera í tilteknu tilfelli lægri en ella. Hann taldi því að velferðarráðuneytið hefði ekki sýnt með ótvíræðum hætti fram á fullnægjandi lagagrundvöll fyrir framkvæmd Sjúkratrygginga Íslands.

Umboðsmaður mæltist til þess við heilbrigðisráðherra að gerðar yrðu breytingar á þessari framkvæmd þannig að hún samrýmdist gildandi lögum. Væri það afstaða stjórnvalda að aðferðin sem væri viðhöfð væri æskileg þyrfti að leita eftir viðbrögðum Alþingis við lagabreytingum þar um. Þá tók umboðsmaður fram að ef B teldi sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessarar framkvæmdar yrði það að vera verkefni dómstóla að taka afstöðu til þess. Að lokum beindi hann þeim almennu tilmælum til velferðarráðuneytisins að það tæki í störfum sínum framvegis mið af þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu.

Í bréfi velferðarráðuneytisins í tilefni af fyrirspurn minni um málið, dags. 20. apríl 2016, kemur fram að ráðuneytið hafi sent Sjúkratryggingum Íslands tilmæli, dags. 21. mars 2016. Í bréfinu hafi því verið beint til sjúkratrygginga að láta af þeirri framkvæmd sem hafi verið viðhöfð við útreikninga þegar afsláttur er veittur í lyfjabúðum. Sjúkratryggingar brugðust við þeim tilmælum og auglýstu breytt verklag á heimasíðu sinni 31. mars 2016.

Í bréfi ráðuneytisins kemur jafnframt fram að frumvarp heilbrigðisráðherra til lyfjalaga hafi verið útbýtt á Alþingi 4. apríl 2016. Ráðherra sé ekki búinn að mæla fyrir frumvarpinu en tíminn muni leiða í ljós hver framgangna þess verði á yfirstandandi þingi. Bent er á að í athugasemdum frumvarpsins sé fjallað um álit umboðsmanns og því ætlað að veita þeirri framkvæmd sem álitnið beindist að lagastoð.

**Kvartanir til landlæknis.  
(Mál nr. F0053/2015)**

Umboðsmaður óskaði eftir upplýsingum frá velferðarráðuneytinu sem vörðuðu m.a. möguleika eftirlifandi aðstandenda til að leggja fram kvörtun hjá landlækni yfir vanrækslu eða mistökum við veitingu heilbrigðisþjónustu. Beiðnin var sett fram til þess að umboðsmaður gæti metið hvort tilefni væri til að taka málefnið til athugunar að eigin frumkvæði. Tilefnið var erindi eftirlifandi maka sem hafði lagt fram kvörtun hjá landlækni. Í stað þess að málið væri tekið til meðferðar sem kvörtun var það lagt í farveg almenns eftirlits landlæknis með hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmönnum.

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu er heimilt að beina formlegri kvörtun til landlæknis vegna meintrar vanrækslu og mistaka við veitingu heilbrigðisþjónustu. Þá er notendum heilbrigðisþjónustunnar jafnframt heimilt að bera fram formlega kvörtun til landlæknis, telji þeir að framkoma heilbrigðisstarfsmanna hafi verið ótilhlýðileg. Um meðferð kvartana gilda að meginstefnu ákvæði stjórnarsýslulaga eftir því sem við getur átt. Að lokinni málsmeðferð gefur landlæknir skriflegt álit þar sem hann tilgreinir efni kvörtunar, málsatvik og rök fyrir niðurstöðu sinni. Í lok álitsins dregur hann saman aðalniðurstöðu. Heimilt er að kæra málsmeðferð landlæknis í kvörtunarmálum til heilbrigðisráðherra.

Landlæknir hefur jafnframt almennt eftirlit með störfum heilbrigðisstarfsmanna og hefur lögbundin úrræði til að afla upplýsinga og bregðast við gagnvart þeim að tilteknum skilyrðum fullnægðum, s.s. með áminningu og sviptingu starfsleyfis. Þegar landlækni berast ábendingar eða athugasemdir sem gefa tilefni til slíks eftirlits verður sá sem kemur þeim á framfæri almennt ekki aðili að stjórnarsýslumáli sem kann að hefjast í kjölfarið.

Af samskiptum landlæknisembættisins við makann sem leitaði til landlæknis varð ráðið að ástæða þess að málið var fellt í farveg almenns eftirlits væri sú afstaða embættisins að einungis sjúklingur sjálfur gæti beint kvörtun til landlæknis. Þetta hafði m.a. í för með sér að makinn hafði ekki stöðu aðila að málinu og fékk því ekki aðgang að niðurstöðu landlæknis í málinu en var bent á að snúa sér til sjúkráðsins.

Aðila stjórnarsýslumáls eru tryggð ýmis réttindi með ákvæðum stjórnarsýslulaga, s.s. andmælarétt, rétt til aðgangs að gögnum málsins, rétt til þess að fá skriflegan rökstuðning hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt og kæruehimild. Það getur því haft verulega þýðingu fyrir möguleika á aðkomu að stjórnarsýslumáli að eiga aðild að því. Í ljósi þessa taldi umboðsmaður tilefni til að inna velferðarráðuneytið eftir því hvort það væri sammála túlkun landlæknisembættisins á lagaákvæðinu.

Umboðsmanni barst svar velferðarráðuneytisins með bréfi, dags. 18. ágúst 2015. Í bréfinu kom fram að ráðuneytið væri ekki sammála túlkun landlæknis og myndi á grundvelli stjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna taka til athugunar verklagsreglur embættisins í málum er vörðuðu afgreiðslu kvartana frá aðstandendum látinna. Kannað yrði m.a. hvort tilefni væri til að beina tilmælum til landlæknis um endurupptöku á máli þess einstaklings sem leitaði til umboðsmanns.

Í ljósi þessara viðbragða velferðarráðuneytisins taldi umboðsmaður ekki tilefni til að hefja formlega athugun að eigin frumkvæði. Hann óskaði þó eftir að ráðuneytið upplýsti hann um framvindu málsins til að unnt væri að gera grein fyrir henni í ársskýrslu umboðsmanns til Alþingis.

Með bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 22. desember 2015, var umboðsmanni sent afrit af bréfi embættis landlæknis til ráðuneytisins um túlkun framangreinda ákvæða í lögum um landlækni og lýðheilsu þar sem heimilt er að beina kvörtun til landlæknis.

Í síðastnefnda bréfinu ítrekaði ráðuneytið við embætti landlæknis þá túlkun ákvæðisins sem fram hafði komið í fyrrgreindu svari ráðuneytisins til umboðsmanns og beindi þeim tilmælum til embættis landlæknis að það byggði framvegis á þeim sjónarmiðum sem rakin væru í bréfinu við meðferð kvartana vegna látinna einstaklinga.

## 7 Landbúnaður

### 7.1 Landbótaáætlun. Stjórnvaldsákvörðun. Stjórnsýslukæra. (Mál nr. 8419/2015)

Landeigendurnir A o.fl. leituðu til umboðsmanns Alþingis og kvörtuðu yfir úrskurði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Með úrskurðinum var vísað frá stjórnsýslukæru þeirra vegna þeirrar afstöðu Matvælastofnunar að hafna beiðni þeirra um að stofnunin staðfesti eldri landbótaáætlanir varðandi gæðastýringu í sauðfjárrækt. Ráðuneytið taldi að í afstöðu Matvælastofnunar fælist ekki stjórnvaldsákvörðun og því væri hún ekki kærnanleg til ráðuneytisins.

Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 14. desember 2015. Þar taldi hann að erindi A o.fl. til ráðuneytisins yrðu ekki skilin með öðrum hætti en að í þeim hefði verið farið fram á að Matvælastofnun staðfesti gildi landbótaáætlana sem þeir höfðu gert í gildistíð eldri reglugerðar og þar með teldust þeir áfram uppfylla skilyrði fyrir þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Taldi umboðsmaður ljóst að farið hefði verið fram á að Matvælastofnun tæki ákvörðun sem varðaði lagalegan rétt landeigendanna og þar með stjórnvaldsákvörðun í merkingu stjórnsýslulaga. Af þeim sökum hefði Matvælastofnun borið að leggja erindið í farveg stjórnsýslumáls.

Umboðsmaður taldi að þar sem það var mat ráðuneytisins að Matvælastofnun hefði í reynd ekki tekið stjórnvaldsákvörðun hefði því borið sem æðra stjórnvaldi að taka afstöðu til þess hvort stofnunin hefði lagt erindið í réttan farveg að lögum. Þar sem ráðuneytið fór ekki þá leið í úrskurði sínum var það álit umboðsmanns að frávisun ráðuneytisins á stjórnsýslukæru landeigendanna hefði ekki verið í samræmi við lög.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að það tæki upp mál landeigendanna að nýju kæmi fram beiðni þess efnis frá þeim, og hagaði þá úrlausn sinni í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

Í bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 4. apríl 2016, í tilefni af fyrirsögn um málið kemur fram að ráðuneytinu hafi borist beiðni frá lögmanni sauðfjár- bænda á Jökuldal 12. janúar 2016 þar sem óskað hafi verið eftir að málið yrði tekið til afgreiðslu á ný í ljósi álitsins. Í kjölfarið hafi ráðuneytið óskað eftir umsögn Matvæla- stofnunar sem hafi talið rétt að málinu yrði vísað til stofnunarinnar til nýrrar meðferðar. Í bréfi stofnunarinnar kemur fram að hún myndi þá eftir atvikum staðfesta aðild framleiðenda eða synjun um aðild með rökstuddri ákvörðun ef eldri landbótaáætlun yrði lögð fram að nýju. Í kjölfarið vísaði ráðuneytinu málinu aftur til meðferðar hjá Matvælastofnunar með bréfi 25. febrúar 2016. Annað bréf barst frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að upplýsinga hafi verið óskað frá Matvælastofnun um framvindu málsins. Í svari stofnunarinnar komi fram að framleiðendur hafi ekki skilað inn nýjum landbótaáætlunum fyrir 1. mars 2016. Matvælastofnunin hafi þá haft samband við framleiðendur og leitað upplýsinga um það hvort þeir myndu leggja fyrir nýjar áætlanir eða hvort senda ætti eldri landbótaáætlanir til umsagna. Í svari þeirra hafi komið fram framleiðendur vildu leggja fyrir eldri áætlanir fyrir Landgræðslu ríkisins. Með bréfi 11. maí 2016 hafi Matvælastofnun óskað eftir umsögn landgræðslunnar í samræmi við 4. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1160/2013, um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Umsögn Landgræðslu ríkisins hafi borist Matvælastofnun 6. júní



2016 og hafi hún verið send framleiðendum. Frestur til athugasemda hafi verið 20. júní 2016. Í bréfi Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin muni taka ákvörðun í málinu að liðnum framangreindum fresti.

## 8 Lögreglu- og sakamál

- 8.1 Yfirstjórnarhlutverk ráðherra. Sjálfstæði og hlutlægni við rannsókn sakamáls. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Málefnaleg stjórnsýsla. Sérstakt hæfi. Samskipti ráðherra við forstöðumann undirstofnunar. Aðstoðarmenn ráðherra. Siðareglur. Skráning formlegra samskipta. Upplýsingaskylda stjórnvalda gagnvart umboðsmanni. (Mál nr. 8122/2014)

Hinn 29. júlí 2014 birtist frásögn í DV um að innanríkisráðherra hefði átt í samskiptum við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu um rannsókn á meðferð trúnaðarupplýsinga úr innanríkisráðuneytinu á sama tíma og rannsóknin var í gangi. Eftir að hafa rætt við lögreglustjórann og ríkissaksóknara og ritað innanríkisráðherra tvö fyrirspurnarbréf, auk þess sem forsætisráðherra voru einnig sendar fyrirspurnir, hóf umboðsmaður Alþingis hinn 25. ágúst sama ár frumkvæðisathugun á samskiptunum með vísan til þeirra heimildar sem honum er fengin í lögum um umboðsmann Alþingis þess efnis.

Við lokaafgreiðslu málsins kynnti umboðsmaður þáverandi innanríkisráðherra frekar tilefni athugunar sinnar og þær lagareglur sem þar reyndi á. Einnig gerði umboðsmaður grein fyrir þeirri afstöðu sinni að stjórnvöld geti ekki skorast undan því að veita umboðsmanni réttar upplýsingar um málsatvik. Í framhaldi af því afhenti fyrrverandi ráðherra umboðsmanni bréf 8. janúar 2015 þar sem ráðherrann gerði grein fyrir breyttri afstöðu sinni til atvika málsins og þeirra reglna sem áttu við um þau frá því sem kom fram í fyrri svörum og skýringum hans til umboðsmanns. Í bréfinu lýsti fyrrverandi ráðherra því yfir að þeim samskiptum ráðherra við lögreglustjóra sem um væri fjallað í málinu hefði í megindráttum verið rétt lýst að efni til í frásögn lögreglustjórans sem umboðsmaður hafði kynnt ráðherra. Jafnframt lýsti fyrrverandi ráðherra því yfir að það hefðu verið mistök af hans hálfu að eiga samskipti við lögreglustjórann vegna rannsóknarinnar meðan hún stóð yfir. Fyrrverandi ráðherra sæi nú að þessi samskipti hefðu hvorki verið fyllilega samrýmanleg stöðu hans sem yfirstjórnanda lögreglumála né því að lögreglustjórinn var forstöðumaður þess embættis sem vann að rannsókninni. Fyrrverandi ráðherra vissi nú að lögreglustjórinn kom lagalega sem slíkur að stjórn hennar sem forstöðumaður þess embættis sem vann að rannsókninni þrátt fyrir að annað hefði komið fram í samtölum þeirra. Þá tók fyrrverandi ráðherra fram að samskiptin hefðu ekki samrýmst nægilega hinni óskráðu hæfisreglu stjórnsýsluréttarins og ekki verið að öllu leyti réttmæt af hans hálfu gagnvart lögreglustjóranum. Fyrrverandi ráðherra hefði að viðstöddum umboðsmanni rætt við fyrrverandi lögreglustjóra og beðið hann afsökunar á þessum samskiptum og framgöngu sinni í þeim. Þá væri fyrrverandi ráðherra jafnframt ljóst eftir yfirferð yfir málið að þau svör og skýringar sem hann veitti umboðsmanni í bréfum í tilefni af fyrirspurnum hans hefðu mátt vera ítarlegri og með bréfinu vildi fyrrverandi ráðherra tryggja að hann hefði veitt umboðsmanni þær upplýsingar í samræmi við lög um umboðsmann Alþings áður en athugun hans lyki.

Umboðsmaður lauk athugun sinni á málinu með álit 22. janúar 2015.

Umboðsmaður tók fram að þótt í bréfi fyrrverandi ráðherra fælist breytt afstaða til þeirra lagalegu álitafna sem á reyndi í málinu væri hún ekki að öllu leyti ótvíræð um tiltekin atriði og hann myndi því gera grein fyrir álitinu á því hvernig reyndi

á þær reglur stjórnarsýsluréttarins sem ættu að tryggja málefnalega stjórnarsýslu með hlíðsjón af lagareglum um sjálfstæði og stöðu lögreglunnar við rannsókn sakamála.

Eftir að hafa gert grein fyrir málsatvikum rakti umboðsmaður lagagrundvöll málsins. Hann fjallaði um lagareglur sem er ætlað að tryggja hlutlægni og sjálfstæði lögreglu við rannsókn sakamáls. Síðan benti hann á að af lögum leiddi að lögreglan félli undir yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir ráðherra og að lögreglustjóri væri forstöðumaður embættis lögreglustjóra. Því næst fjallaði hann um reglur sakamálaréttarfars og tók m.a. fram að þeir sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Markmið rannsóknar sakamáls væri að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda væri fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skyldi mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferð fyrir dómi. Umboðsmaður tók fram að lagaumgjörð um ákærendur og þann þátt í störfum lögreglu sem lýtur að rannsókn sakamála hefði verið talin leiða til þess að hvað sem liði yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra með lögreglunni heyrði til undantekninga að ráðherra gæti skipt sér af rannsókn sakamáls. Þannig gæti ráðherra ekki gefið viðkomandi lögreglustjóra fyrirmæli um rannsókn einstakra sakamála. Þá rakti umboðsmaður ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og tók fram að það leiddi af honum að rannsóknaraðili yrði að vera nægjanlega sjálfstæður og óháður þegar rannsókn lyti að brotum á þeim réttindum og frelsi sem sáttmálinn verndaði. Þar sem rannsókn lögreglu hefði beinst að broti sem hefði getað fallið undir 8. gr. sáttmálans, sem kvæði á um friðhelgi einkalífs, hefði getað reynt á hvort þessum kröfum sáttmálans væri fullnægt.

Því næst fjallaði umboðsmaður um reglur stjórnarsýsluréttar um málefnalega stjórnarsýslu. Annars vegar fjallaði hann um réttmætisreglu stjórnarsýsluréttar en í henni felst að allar ákvarðanir og athafnir stjórnvalda þurfa að vera málefnalegar. Hins vegar fjallaði hann um hina óskráðu hæfisreglu stjórnarsýsluréttar og tók fram að hún stæði því í vegi að stjórnvaldshafi sem færi með yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart öðru stjórnvaldi hefði afskipti af einstökum málum eða meðferð stjórnvalda á því ef vanhæfisástæður þeirra reglna ættu við.

Vegna þess að í fyrra svari innanríkisráðherra til umboðsmanns kom fram að ríkissaksóknari hefði tekið ákvörðun um yfirstjórn á rannsókn sakamálsins tók umboðsmaður fram að rannsókn sakamála væri í höndum lögreglu nema öðruvísi væri mælt fyrir í lögum. Hann fengi ekki séð að í settum lögum hefði verið að finna heimild til fráviks frá þeirri reglu í málinu. Þá fengi hann ekki heldur séð að lögregla og ríkissaksóknari hefðu gengið út frá því við rannsóknina að henni ætti að haga með öðrum hætti en kveðið væri á um í lögum. Rannsókn málsins hefði því verið í höndum embættis sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu veitti forstöðu. Umboðsmaður tók fram að í bréfi fyrirverandi ráðherra 8. janúar 2015 hefði hann breytt afstöðu sinni til þessa atriðis og því legði hann til grundvallar að það væri ágreiningslaust að rannsókn málsins hefði verið í höndum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og þar með undir stjórn lögreglustjórans sem forstöðumanns þess embættis.

Næst vék umboðsmaður að þeirri athugasemd í fyrri svörum ráðherra að hann hefði í samskiptum sínum sett fram fyrirspurnir til að greiða fyrir rannsókn málsins og tryggja öryggi gagna frá ráðuneytinu. Umboðsmaður fjallaði um efni samskiptanna og komst að þeirri niðurstöðu að þau hefðu verið verulega umfram það sem gat samrýmst því að um væri að ræða efnislegar fyrirspurnir af hálfu innanríkisráðherra.

Umboðsmaður taldi jafnframt ljóst af efni samskipta innanríkisráðherra við lögreglustjóran að þau hefðu falið í sér ítrekaða gagnrýni og beinar athugasemdir

ráðherra við það hvernig embætti lögreglustjórans stóð að rannsókninni, vinnubrögð lögreglunnar og einstakar rannsóknarathafnir. Hann liti svo á að þar hefði verið um að ræða harða gagnrýni ráðherra á ákvarðanir og störf lögreglunnar í málinu. Það var niðurstaða umboðsmanns að efni samskipta innanríkisráðherra við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu hefði ekki samrýmt þeim reglum sem ráðherra bar að virða um sjálfstæði og hlutlægni lögreglunnar. Samskiptin hefðu því verið ósamrýmanleg stöðu ráðherra sem yfirstjórnanda lögreglunnar. Þá taldi umboðsmaður að tengsl ráðherra og hagsmunir af framvindu rannsóknar sakamálsins hefðu verið slíkir að þessi samskipti, miðað við efni þeirra, hefðu farið í bága við hina óskráðu meginreglu um sérstakt hæfi í stjórnsýslunni. Umboðsmaður gat því ekki fallist á það sem fram kom í bréfi fyrrverandi innanríkisráðherra um að orðin „fyllilega“ og „nægilega“ ættu við. Þeim reglum sem um ræðir hefði einfaldlega ekki verið fylgt.

Umboðsmaður tókeinnig fram að þegar ráðherra ætti í samskiptum við undirmenn sína eða forstöðumenn undirstofnana yrði hann að gæta að því að samskiptin væru málefnaleg gagnvart viðkomandi starfsmanni og að ekki væri gengið lengra en réttmætt gæti talist innan þess lagaramma og sjónarmiða sem við ættu hverju sinni. Til viðbótar kæmi sú almenna skylda ráðherra að sýna kurteisi, lipurð og réttsýni í samskiptum sínum við undirmenn sína. Umboðsmaður taldi að af lýsingu lögreglustjórans á tilteknum samtölum hans við ráðherra mætti ráða að ráðherra hefði ekki gætt þess nægjanlega að virða þá stöðu sem lögreglustjórinn var í og þau viðmið um háttsemi sem ráðherra ber að fylgja í samskiptum við forstöðumann undirstofnunar. Ráðherra hefur beðist afsökunar á þessum samskiptum og framgöngu sinni í þeim.

Þá var það niðurstaða umboðsmanns að samskipti aðstoðarmanna ráðherra, sem höfðu á þeim tíma réttarstöðu sakbornings, við lögreglustjóran þar sem þeir óskuðu eftir að hann brygðist við tiltekinni frétt hefðu ekki verið í samræmi við hina óskráðu hæfisreglu stjórnsýsluréttarins.

Umboðsmaður taldi enn fremur að það gæti hvorki samrýmt sjónarmiðum um gagnsæja stjórnsýslu né lagareglum sem eftirlit umboðsmanns Alþingis byggist á að ráðherra eða lögmaður á hans vegum hefði beint samband við þann opinbera starfsmann sem veitt hefði umboðsmanni upplýsingar og krefði hann skýringar á því sem hann hefði greint umboðsmanni frá. Umboðsmaður tók fram að hann vænti þess að umfjöllun hans yrði stjórnvöldum almennt í framtíðinni tilefni til að gæta að þessum atriðum í störfum sínum.

Umboðsmaður taldi að innanríkisráðherra hefði ekki sýnt fram á að hann hefði fylgt 20. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, þar sem kveðið er á um skyldu ráðherra til að leita sér ráðgjafar. Hann beindi þeim tilmælum til þess ráðherra sem nú fór með innanríkisráðuneytið að framvegis verði gætt að þessu atriði í starfi ráðuneytisins.

Þá tók umboðsmaður fram að hann hefði sent forsætisráðherra bréf þar sem komið væri á framfæri tilteknum ábendingum um framkvæmd og grundvöll siðareglna fyrir ráðherra, reglur um skráningu formlegra samskipta og funda og hlutverk og stöðu aðstoðarmanna ráðherra.

Umboðsmaður lagði áherslu á með vísan til þess eftirlitshlutverks sem honum er falið með stjórnsýslunni að afskipti ráðherra, sem fór með yfirstjórn lögreglunnar af lögreglurannsókn sakamáls, sem tengdist honum sjálfum á tiltekinn hátt, og sú framganga sem lögreglustjórinn lýsti væri ekki aðeins andstæð þeim reglum sem fjallað væri um í álitinu heldur einnig til þess fallin að gera þeim sem rannsaka sakamál óhægt um vik að rækja það starf sitt í samræmi við gildandi reglur. Þá væru slík afskipti almennt til þess fallin að skapa tortryggni um aðkomu ráðherra að lögreglurannsóknnum, óháð því hvort það hefði orðið reyndin í þessu tiltekna máli.

Að lokum tók umboðsmaður fram að í ljósi svara ráðherra til hans vegna athugunar á þessu máli teldi hann tilefni til að minna á að réttar upplýsingar um málsatvik væru í senn forsenda þess að umboðsmaður gæti lagt mat á lögmæti ákvarðana og athafna stjórnvalds miðað við raunveruleg málsatvik og veitt Alþingi réttar upplýsingar um starfshætti stjórnvalda. Að sama skapi væri slíkt grundvöllur fyrir því að starf umboðsmanns og niðurstöður hans gætu orðið þáttur í þinglegu eftirliti Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Með bréfi sínu 8. janúar 2015 hefði fyrrverandi ráðherra bætt úr þeim annmarka sem hefði verið á fyrri svörum hans. Umboðsmaður tók þó fram að málið hefði orðið mun einfaldara í sniðum og ekki tekið þann tíma sem raunin varð ef sú afstaða ráðherra sem fram kom í bréfinu hefði komið fyrr fram. Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til þess ráðherra sem nú fór með innanríkisráðuneytið að framvegis yrði tekið mið af þeim sjónarmiðum sem væru rakin í álitinu um upplýsingagjöf til umboðsmanns. Þá vænti hann þess að stjórnvöld gættu almennt að þessum sjónarmiðum í framtíðarstörfum sínum.

Umboðsmaður sendi einnig forsætisráðherra bréf, dags. 22. janúar 2015, í tilefni af málinu þar sem hann kom tilteknum ábendingum á framfæri. Þær lutu í fyrsta lagi að samþykkt siðareglna fyrir ráðherra. Umboðsmaður tók fram að hann teldi vafa leika á því hvort siðareglur nr. 360/2011 hefðu verið settar með réttum hætti og að hann hefði því ekki forsendur til að leggja til grundvallar að þær hefðu gilt um samskipti innanríkisráðherra og lögreglustjórans. Í öðru lagi lutu ábendingarnar að framkvæmd laga og reglna um skyldu til að skrá formleg samskipti og fundi á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands. Umboðsmaður tók m.a. fram að gildandi reglur um það efni væru ekki skýrar að ýmsu leyti og tilefni kynni að vera til endurskoðunar á þeim. Í þriðja lagi lutu ábendingarnar að stöðu aðstoðarmanna ráðherra að lögum og útgáfu leiðbeinandi erindisbréfs fyrir aðstoðarmenn ráðherra. Umboðsmaður vakti m.a. athygli ráðherra á því að það kynni að vera ástæða til að endurskoða tilteknar leiðbeiningar í erindisbréfinu er varða aðkomu aðstoðarmanna að upplýsingagjöf til fjölmiðla og þá einkum með það að markmiði að tryggja aðgreiningu á milli hins tvíþætta hlutverks ráðherra að fara annars vegar með æðstu handhöfn stjórnsluvalds á sínu sviði og hins vegar að leiða pólitíska stefnumótun á því. Jafnframt beindi umboðsmaður því til ráðherra hvort ástæða væri til að taka til skoðunar hvort í leiðbeiningunum ætti að koma fram afstaða til þess hvort og þá hvernig aðstoðarmenn haga beinum samskiptum sínum við forstöðumenn og starfsmenn undirstofnana og um heimildir þeirra til að fá aðgang að gögnum um einstök stjórnsýslumál.

Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 22. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið var upplýst að ráðuneytið hefði falið Hafsteini Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands að rýna álitid og greina hvort ástæða væri til viðbragða af hálfu ráðuneytisins og þá hverra. Niðurstaða hans hafi verið sú að álitid kallaði ekki á sérstakar ráðstafanir innan ráðuneytisins, svo sem endurupptöku mála eða breytinga á reglum. Hins vegar hafi hann vakið athygli ráðuneytisins á því leiðsagnargildi sem fælist í álitinu hvaða varðaði samskipti ráðherra og lögreglu þegar lögregla hefði til rannsóknar einstök mál. Þá hefði hann talið tilefni til að ráðuneytið tæki sjónarmið um skráningu funda til athugunar sem og að innanríkisráðherra legði þá línu varðandi valdsvið pólitískra aðstoðarmanna að þeir kölluðu ekki eftir gögnum frá undirstofnunum varðandi mál sem ráðuneytið hefði til stjórnsýslulegrar meðferðar. Fram kom í bréfinu að ráðuneytið hafi yfirfarið álitid og fyrrnefnt minnisblað. Sérstaklega hafi verið farið yfir þann lærdóm sem draga megi af umfjöllun álitsins um samskipti ráðherra og ráðuneytisins, þ.m.t. aðstoðarmanna ráðherra við lögreglu og afskipti þeirra af einstökum málum sem til meðferðar séu í ráðuneytinu

sem og skráningar funda með ráðherra. Álitid væri lagt til grundvallar í starfsemi ráðuneytisins.

Í kjölfar álitsins bárust jafnframt tvö bréf frá forsætisráðuneytinu, dags. 9. september 2015 og 18. apríl 2016, þar sem gerð er grein fyrir viðbrögðum ráðuneytisins vegna málsins. Í fyrsta lagi er þar vikið að siðareglum ráðherra þar sem fram kemur að undirbúningur sé hafinn að setningu nýrra siðareglna fyrir ráðherra í forsætisráðuneytinu í samráði allra ráðuneyta. Við þá endurskoðun sé m.a. horft til breytinga sem Alþingi samþykkti 1. júlí 2015 á 25. gr. laga um Stjórnarráð Íslands og varða siðareglur. Alþingi hafi nú samþykkt þingsályktun um siðareglur fyrir alþingismenn, sbr. ályktun 23/145. Jafnframt þyki rétt að líta til framangreindra siðareglna fyrir alþingismenn við endurskoðun siðareglna fyrir ráðherra, m.a. til að bera saman innihald og meta samspil reglnanna. Stefnt væri að því að þeirri vinnu lyki eins fljótt og unnt væri.

Í bréfum forsætisráðuneytisins var í öðru lagi vikið að skyldu til að skrá formleg samskipti, sbr. 11. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Fram kom að með lögum nr. 82/2015 hefði verið samþykkt breyting á 1. mgr. 11. gr. laganna sem mælir fyrir um skyldu stjórnvalda til skráningar samskipta. Endanleg útfærsla breytingarinnar hafi verið samþykkt að tillögu meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Samkvæmt breyttu ákvæði skal nú, auk formlegra samskipta, skrá óformleg samskipti ef þau teljast mikilvæg. Breytingin hafi kallað á endurskoðun reglna nr. 1200/2013 og hefðu nýjar reglur sem tæku mið af framangreindum breytingum á lögnum nú verið staðfestar og birtar, sbr. reglur nr. 320/2016, um skráningu samskipta í Stjórnarráði Íslands.

Í þriðja lagi var í bréfum forsætisráðuneytisins vikið að stöðu aðstoðarmanna ráðherra. Þar kemur fram að þær ábendingar sem hafi komið fram í álitinu hafi orðið ráðuneytinu tilefni til að taka leiðbeinandi erindisbréf fyrir aðstoðarmenn til endurskoðunar og þeirri endurskoðun sé lokið. Bent er á að helstu breytingar lúti að því að nú sé kveðið á um að ef verkefni, sem ráðherra feli aðstoðarmanni, varði meðferð stjórnarmálefna sem heyri undir viðkomandi ráðuneyti skuli málið kynnt ráðuneytisstjóra og koma til umfjöllunar á viðeigandi skrifstofu ráðuneytis, í samræmi við skipurit, ef við á. Þá séu veittar leiðbeiningar um hvað felist í lokamálslið 2. mgr. 22. gr. laga um Stjórnarráð Íslands þar sem kveðið er á um að aðstoðarmanni sé óheimilt að rita undir stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra, þ.e. aðstoðarmanni sé óheimilt að rita undir eða afgreiða endanlega með öðrum hætti stjórnvaldserindi fyrir hönd ráðherra og sett fram nánari skilgreining á hvað felist í „stjórnvaldserindi“. Að lokum er tekið fram að fallið hafi verið frá því að telja upp í dæmaskyni þau verkefni sem ráðherra kunni að fela aðstoðarmanni sínum að sinna. Þess í stað sé áréttað það ákvæði laga um Stjórnarráð Íslands um að meginhlutverk aðstoðarmanna ráðherra sé að vinna að stefnumótun á málefnasviði ráðuneytisins undir yfirstjórn ráðherra og í samvinnu við ráðuneytisstjóra. Að öðru leyti beri aðstoðarmanni að sinna verkefnum sem honum séu falin af ráðherra innan ramma laga og reglna sem gilda um starfsemi stjórnarráðsins, þar á meðal framangreindra reglna.

Hinn 3. maí 2016 tóku gildi nýjar siðareglur ráðherra nr. 400/2016, sem vísað er til í ofangreindu bréfi forsætisráðuneytisins, og féllu þá jafnframt úr gildi eldri siðareglur ráðherra nr. 360/2011.



## 9 Opinberir starfsmenn

### 9.1 Flutningur ríkisstofnunar. Lögætisreglan. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Skylda ráðherra til að leita sér ráðgjafar. (Mál nr. 8181/2014)

Hinn 27. júní 2014 kynnti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra flutning höfuðstöðva Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar, fyrst á ríkisstjórnarfundum og síðar sama dag á fundi með starfsmönnum Fiskistofu. Þá var starfsmönnum Fiskistofu sent bréf í september sama ár þar sem nánar var gerð grein fyrir þeirri „stefnumarkandi ákvörðun“ að flytja höfuðstöðvarnar til Akureyrar. Tilteknir starfsmenn Fiskistofu leituðu í kjölfarið til umboðsmanns Alþingis. Kvörtun þeirra beindist m.a. að því að engin heimild væri í lögum til flutnings stofnunarinnar en þrátt fyrir það hefði verið ráðist í ýmsar framkvæmdir á grundvelli ákvörðunarinnar. Þá voru gerðar ýmsar athugasemdir við undirbúning og fyrirkomulag flutningsins sem lutu m.a. að fjárgreiðslum vegna flutninganna, áhrifum á starfskjör og möguleg starfslok starfsmanna.

Eftir að umboðsmaður Alþingis hóf athugun sína á málinu kom fram sú afstaða ráðherra að ekki yrði af flutningi höfuðstöðva Fiskistofu fyrr en aflað hefði verið lagaheimildar fyrir slíkri ákvörðun. Lögð var áhersla á að ákvörðun hefði ekki verið tekin um flutninginn heldur aðeins kynnt „áform“ þar um. Umboðsmaður lauk málinu með álitum, dags. 22. apríl 2015. Þar kom fram að þrátt fyrir þessar skýringar ráðherra teldi hann ljóst af því sem fyrir lægi um kynningu á málinu gagnvart starfsmönnum Fiskistofu að ákveðin skref hefðu verið stigin í málinu til að fylgja eftir „stefnumarkandi ákvörðun“ um flutninginn. Í ljósi þeirrar afstöðu ráðherra að ekki yrði af flutningi stofnunarinnar fyrr en lagaheimildar frá Alþingi hefði verið aflað teldi hann ekki rétt að taka frekari afstöðu til þess í álitinu hvers eðlis yfirlýsingar og bréf ráðherra til starfsmanna Fiskistofu hefðu verið með tilliti til þess hvaða réttaráhrif það gæti haft á hagsmunum þeirra. Ef starfsmenn teldu að ráðherra hefði með þeim raskað réttindum þeirra yrði það að vera verkefni dómstóla að taka afstöðu til slíkra krafna og þá í tengslum við viðeigandi sönnunarfærslu og mat á hugsanlegri skaðabótaábyrgð. Umboðsmaður tók hins vegar fram að hann teldi að yfirlýsingar og bréf ráðherra sem beint var til starfsmanna Fiskistofu, og þar með hvernig staðið hafði verið að upplýsingagjöf um þetta mál gagnvart þeim, hefðu ekki verið í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti.

Umboðsmaður benti jafnframt á að ekki yrði séð að á þeim tíma sem ráðherra kynnti málið fyrir starfsmönnum Fiskistofu hefði verið búið að huga að því innan ráðuneytis hans, eða með beiðni um ráðgjöf, hvort sérstaka lagaheimild þyrfti til að flytja höfuðstöðvarnar. Var það niðurstaða umboðsmanns að það hefði ekki samrýmst þeim skyldum ráðherra sem leiða af 20. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands. Taldi hann jafnframt tilefni til þess að vekja athygli forsætisráðherra almennt á því að það virtist vera þörf á að huga betur að framkvæmd þessarar lagareglu innan Stjórnarráðs Íslands.

Að lokum tók umboðsmaður fram að hann teldi þau atriði sem starfsmenn Fiskistofu kvörtuðu yfir og lutu að fjárgreiðslum vegna flutninganna, áhrifum á starfskjör og möguleg starfslok þeirra hefðu ekki verið endanlega leidd til lykta innan stjórnsýslunnar. Með vísan til sjónarmiða sem byggju að baki 2. og 3. mgr. 6.



gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmanns Alþingis, teldi hann því ekki rétt að taka þau atriði til frekari skoðunar, a.m.k. að svo stöddu.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að á meðan beiði væri eftir afstöðu Alþingis til málsins myndi hann gera starfsmönnum Fiskistofu formlega grein fyrir stöðu málsins og hvers þeir mættu vænta um framhaldið. Jafnframt beindi hann því til ráðuneytisins að framvegis yrði betur hugað að þeim sjónarmiðum sem rakin væru í álitinu um undirbúning mála og skyldu ráðherra til að leita ráðgjafar.

Í bréfi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 15. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið var upplýst að ráðuneytið hafi sent Fiskistofu bréf, dags. 13. maí 2015, þar sem gerð hafi verið grein fyrir álitum umboðsmanns og upplýst um nánar tilgreind atriði af því tilefni. Með því teldi ráðuneytið að það hafi brugðist við erindi umboðsmanns með tilhlýðilegum hætti. Í bréfi ráðuneytisins til Fiskistofu var gerð grein fyrir þeim markmiðum ríkisstjórnarinnar að flytja höfuðstöðvar Fiskistofu til Akureyrar í því skyni að stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land. Ef lagafrumvarp þess efnis yrði að lögum væri áformað í beinu framhaldi að taka ákvörðun um flutning höfuðstöðvanna og þá yrði upplýst um tímasetningu hans. Að lokum var gerð grein fyrir stöðu starfsmanna stofnunarinnar ef til flutningsins kæmi og hvernig skipulagi stofnunarinnar yrði háttað. Var þess farið á leit við fiskistofustjóra að hann upplýsti starfsmenn stofnunarinnar um þetta.

## 9.2 Ráðningar í opinber störf. Réttmætisregla. Jafnræðisregla. Sveitarfélög. Yfirstjórnunar- og eftirlitshlutverk. (Mál nr. 8354/2015)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis kvartaði yfir því hvernig sveitarfélagið Y stóð að ráðningu í tímabundið starf deildarstjóra í grunnskóla í sveitarfélaginu. Kvörtunin laut að því að A hefði ekki komið til greina í starfið vegna tengsla hennar við stjórn-málastarf í sveitarfélaginu.

Umboðsmaður lauk málinu með álitum, dags. 9. nóvember 2015. Þar dró hann þá ályktun af rökstuðningi sveitarfélagsins til A og skýringum þess til sín að við ráðningu í starfið hefði sveitarfélagið litið til þess að A var þátttakandi í pólitísku starfi, nánar tiltekið í bæjarstjórn sveitarfélagsins. Athugun hans beindist m.a. að því hvort það sjónarmið hefði verið málefnalegt.

Umboðsmaður benti á að af jafnræðisreglu stjórn-sýslulaga leiddi að almennt væri óheimilt að líta til stjórn-málaskoðana, og þá jafnframt þátttöku umsækjenda í stjórn-málastarfi, við ráðningu í opinbert starf. Hann tók fram að sveitarfélagið hefði ekki bent á tiltekin atriði eða vandamál tengd þátttöku A í bæjarstjórn sem hefði gefið sveitarfélaginu ástæðu til að ætla að hún gæti ekki sinnt starfinu eða útskýrt hvernig störf hennar í bæjarstjórn væru til þess fallin að draga úr árangri skólans og ánægju starfsmanna. Umboðsmaður taldi því að sveitarfélagið hefði ekki sýnt fram á að það hafi verið málefnalegt eða heimilt að lögum að byggja á sjónarmiði um þátttöku í stjórn-málastarfi við ráðninguna.

Í skýringum sveitarfélagsins kom fram að ástæða þess að litið var til setu A í bæjarstjórn hefði verið að í niðurstöðu úttektar ráðgjafarfyrirtækis á starfsemi grunnskólans, sem unnin var að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, hefði komið fram að mikilvægt væri að stjórnendateymi skólans tengdist ekki pólitískum fylkingum innan sveitarfélagsins. Af því tilefni taldi umboðsmaður rétt

að benda mennta- og menningarmálaráðuneytinu á mikilvægi þess að gæta að því að leiðbeiningar til stjórnvalda, sem unnar væru að beiðni þess, væru í samræmi við lög. Ef einkaaðilar, sem ráðuneytið fengi til að vinna fyrir sig ráðgjafarvinnu, settu fram tillögur til stjórnvalda á málefnasviði ráðuneytisins sem væru í andstöðu við lög þá gæti það komið í hlut þess að gera ráðstafanir á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna til þess að ekki yrði byggt á slíkum tillögum.

Sveitarfélagið féllst á að meðferð ráðningarmálsins hefði ekki verið að öllu leyti fullnægjandi hvað varðaði tiltekin atriði. Umboðsmaður taldi ekki tilefni til að fjalla frekar um meðferð málsins enda fékk hann ekki annað ráðið af skýringunum en að ætlun sveitarfélagsins væri að huga betur að sambærilegum atriðum í starfi sveitarfélagsins.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til sveitarfélagsins að leita leiða til að rétta hlut A.

Í bréfi lögmanns sveitarfélagsins, dags. 9. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið kemur fram að A hafi leitað til sveitarfélagsins og óskað eftir viðræðum um málið. Því erindi hafi verið svarað af hálfu sveitarfélagsins og tilkynnt að það harmaði að brotið hefði verið á A með þeim hætti sem kom fram í álitum umboðsmanns. Hafi A verið beðin velvirðingar á þeim mistökum. Jafnframt hafi því verið lýst yfir af hálfu sveitarfélagsins að það væri tilbúið til að skoða hvernig rétta mætti hlut A í málinu. Í framhaldinu hafi átt sér stað viðræður milli A og sveitarfélagsins þar sem A hafi sett fram kröfu um miskabætur og sveitarfélagið gert annað tilboð á móti sem A hafi ekki svarað. Í bréfinu er jafnframt tekið fram að sveitarfélagið hafi einnig skoðað, í samvinnu við skólastjóra, hvort mögulegt væri að rétta hlut A á annan hátt, s.s. með breytingu á stöðu hennar innan skólans en niðurstaða þess hafi verið sú að aðstæður leyfðu það ekki. Að lokum er þess getið að umboðsmaður verði upplýstur um lyktir málsins þegar fyrir liggi samkomulag um málalok milli aðila eða hvort frekari ágreiningur verði í málinu.

### 9.3 Kjarasamningar. Framsending máls. Leiðbeiningarskylda stjórnvalda. (Mál nr. 8543/2015)

A, sem er framhaldsskólakennari, en ekki félagi í stéttarfélaginu X, leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir svörum fjármála- og efnahagsráðuneytisins við erindi hans. Hann hafði óskað eftir leiðbeiningum ráðherra um með hvaða hætti hann gæti sótt um sambærilegan styrk og veittur væri félagsmönnum í stéttarfélaginu X úr tilteknum sjóði. Hann hafði sagt sig úr stéttarfélaginu en greiddi áfram gjald til þess. Ráðuneytið svaraði A og tilkynnti honum að það teldi sér ekki skylt að svara fyrirspurninni á grundvelli 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og væri málið því framsent stéttarfélaginu X á grundvelli 2. mgr. 7. gr. sömu laga.

Umboðsmaður lauk málinu með álitum, dags. 3. nóvember 2015. Þar tók hann fram að stéttarfélagið væri einkaaðili sem stæði utan stjórnkerfisins og hefði ekki verið falið að fara með opinbert vald, a.m.k. ekki hvað erindi A varðaði. Fjármála- og efnahagsráðuneytinu hefði ekki verið rétt að framsenda erindi A til stéttarfélagsins X.

Umboðsmaður tók jafnframt fram að af erindinu yrði ráðið að A hefði ekki óskað eftir leiðbeiningu um það hvort hann ætti rétt á styrk úr endurmenntunarsjóði stéttarfélagsins heldur hvort hann ætti rétt á sambærilegum styrk í ljósi þess að honum væri með lögum gert að greiða til stéttarfélagsins gjald eins og hann væri í því án þess að eiga rétt á styrk úr fyrrnefndum sjóði. Hann fengi ekki annað séð

en að erindi A hefði heyrt undir málefnavið ráðuneytisins og að ráðuneytið hefði þannig verið bært til að veita honum tilteknar upplýsingar eða leiðbeiningar í tilefni af erindi hans. Umboðsmaður féllst því ekki á það með ráðuneytinu að réttara hefði verið að annar aðili en það leiðbeindi A.

Umboðsmaður beindi því til ráðuneytisins að svara erindi A á ný, kæmi fram beiðni þess efnis frá honum. Jafnframt beindi hann því til ráðuneytisins að huga betur að þeim sjónarmiðum sem gerð var grein fyrir í álitinu í framtíðarstörfum sínum.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. júní 2016, kemur fram að A hafi ritað ráðuneytinu bréf 16. desember 2015 og 8. febrúar 2016, þar sem hann hafi óskað eftir upplýsingum um sambærilega styrki og veittir eru félagsmönnum í Kennarasambandi Íslands úr tilteknum sjóði, vegna námskeiða, ráðstefna, skólagjalda á Íslandi, bóka o.fl. Ráðuneytið hafi svarað honum með bréfi 6. maí 2016. Við afgreiðslu erindanna hafi verið höfð hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum sem fram koma í álitinu og lúta að framsendingar- og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Af erindum A hafi mátt ráða að hann hafi búið yfir þekkingu á réttarstöðu sinni sem ríkisstarfsmaður utan stéttarfélags og hafi því ekki verið talin þörf á að leiðbeina honum nánar um þá stöðu, sbr. 1. mgr. 7. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðuneytið hafi hins vegar talið rétt að upplýsa A um að ráðuneytið hefði ekki yfir að ráða neinum sjóðum sambærilegum þeim tiltekna sjóði sem hann hafði spurt um eða endurmenntunarsjóðum stéttarfélaga og samið er um í kjarasamningum fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Sambærilegir styrkir fyrir einstaklinga sem væru ekki aðilar að stéttarfélagi, en greiddu gjald til þess lögum samkvæmt, væru því ekki fyrir hendi. A hafi einnig verið gerð grein fyrir aðild að stjórn endurmenntunarsjóðs stéttarfélagsins og þeirri staðreynd að fjármála- og efnahagsráðuneytið eigi ekki aðild að þeirri stjórn og hafi þar af leiðandi ekki aðkomu að setningu reglna er varða úthlutun úr sjóðnum. Hann hafi jafnframt verið upplýstur um að ráðuneytið komi einungis að ákvörðun þess gjalds er vinnuveitandi greiðir til fyrrgreinds endurmenntunarsjóðs og ákveðið er í kjarasamningum. Ráðuneytið hafi því hvorki forræði á því hvernig úthlutunarreglum endurmenntunarsjóðsins sé háttáð né hvaða skilyrði eru sett fyrir því að einstaklingur geti átt rétt á styrkveitingu úr sjóðnum. Þá kom fram að erindi A hafi ekki verið sent öðru stjórnvaldi né öðrum aðilum sem að mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefðu getað verið bær til að svara erindum A. Ráðuneytið telji að tekið hafi verið tillit til athugasemda sem fram koma í álitinu við afgreiðslu erindis A og muni framvegis hafa hliðsjón af þessum sjónarmiðum við afgreiðslu sambærilegra erinda.

## 10 Samgöngumál

### 10.1 Neytendavernd. Stjórnsýslukæra. (Mál nr. 8295/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir afgreiðslu innanríkisráðuneytisins á erindi sem laut að niðurstöðu Samgöngustofu í máli vegna kvörtunar sem hann beindi til stofnunarinnar þar sem flugfélag hafði ekki virt rafræna bókun hans á sæti í flugferð. Ráðuneytið svaraði erindi A, sem hann nefndi „kærubréf“, með tölvubræfi þar sem það lýsti almennu viðhorfi sínu til þess. Samkvæmt skýringum ráðuneytisins til umboðsmanns leit það á erindið sem kvörtun yfir stjórnsýslu Samgöngustofu og fjallaði um það á grundvelli yfirstjórnunar- og eftirlitsheimilda sinna. Athugun umboðsmanns laut að því hvort ráðuneytið hefði lagt erindi A í réttan farveg að lögum. Jafnframt ákvað umboðsmaður að fjalla um meðferð Samgöngustofu á erindinu.

Umboðsmaður lauk málinu með álitu, dags. 8. maí 2015. Þar benti hann á að framsetning og efni erindis A hefði gefið fullt tilefni til að ráðuneytið tæki afstöðu til þess hvort það bæri að leggja í farveg stjórnsýslukæru. Þá taldi umboðsmaður ekki augljóst að kvörtun A til Samgöngustofu hefði fallið utan við ákvæði laga um loftferðir sem kveður á um heimild neytenda til að beina kvörtun til Samgöngustofu vegna brota á lögnum. Þótt efni kvörtunarinnar hefði lotið að viðskiptaskilmálum flugfélags hefði þar einnig verið gerð grein fyrir þeirri meðferð sem A hlaut af hálfu félagsins og hann var ósáttur við. Því hefði getað reynt á hvort meðferðin og viðskiptaskilmálarnir færu í bága við lög um loftferðir og stjórnvaldsfyrirmæli sett á grundvelli þeirra.

Umboðsmaður taldi að ráðuneytinu hefði borið að leggja erindi A í farveg stjórnsýslukæru og taka afstöðu m.a. til þess hvort kæruheimild væri fyrir hendi. Þar sem það var ekki gert var það niðurstaða umboðsmanns að ráðuneytið hefði ekki lagt erindið í réttan farveg að lögum. Jafnframt var það niðurstaða hans að svar Samgöngustofu við kvörtun A hefði ekki verið nægjanlega skýrt um í hvaða farveg hún var lögð.

Umboðsmaður beindi tilmælum til innanríkisráðuneytisins um að taka erindi A til meðferðar á ný, kæmi fram beiðni frá honum þess efnis, og leysa úr því í samræmi við þau sjónarmið sem gerð væri grein fyrir í álitinu. Jafnframt mæltist hann til þess að ráðuneytið gætti betur að þessu atriði í framtíðarstörfum sínum. Þá ákvað umboðsmaður að kynna Samgöngustofu álitid og mælast til þess að stofnunin gætti framvegis betur að því að úrlausnir um kvartanir flugfarþega samkvæmt lögum um loftferðir væru skýrar og gætt væri að því við töku stjórnvaldsákvæðana að veita leiðbeiningar um kæruheimild o.fl. í samræmi við stjórnsýslulög.

Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 15. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið kom fram að ráðuneytið hefði samþykkt beiðni A um endurupptöku málsins 16. júní 2016. Afgreiðslu málsins yrði lokið með úrskurði að teknu tilliti til sjónarmiða sem kæmu fram í álitinu, eigi síðar en 23. mars 2016. Ráðuneytið myndi eftirleiðis gæta þeirra sjónarmiða sem kæmu fram í álitinu.

Þá barst jafnframt svarbréf frá Samgöngustofu vegna málsins, dags. 4. mars 2016, þar sem upplýst var að í kjölfar álitsins hefði stofnunin skerpt á verklagi þegar erindi á sviði neytendamála í flugi berast og stofnunin metur það svo að afgreiðsla þess falli ekki

innan ramma þeirra laga og reglna sem stofnuninni er falið að hafa eftirlit með og þá væri tekin ákvörðun um að efnið lyti ekki verksviði stofnunarinnar. Sú ákvörðun væri kynnt kvartanda og vakin athygli á kæruleið til innanríkisráðuneytisins.

## 11 Skattar og gjöld

### 11.1 Innheimta. Birting. Frestir. Gjald dags. Vandaðir stjórnsýsluhættir. (Mál nr. 8140/2014)

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir úrskurði fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem staðfest var ákvörðun tollstjóra um að synja honum um niðurfellingu dráttarvaxta vegna kröfu um endurákvörðun opinberra gjalda sem tollstjóri hafði til innheimtu. A hafði greitt kröfuna 31. janúar 2014 en að mati stjórnvalda var gjalddagi 28. desember 2013 og eindagi 28. janúar 2014. A var því krafinn um dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags.

Í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, segir að séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu falli þeir í gjalddaga „10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina“. Í lögnum er gert ráð fyrir því að eindagi sé mánuði eftir gjalddaga. Úrskurður ríkisskattstjóra, þar sem opinber gjöld A voru endurákvörðuð, var dagsettur og póstagður 18. desember 2013. Afstaða stjórnvalda til gjalddaga og eindaga kröfunnar byggðist á því A hefði verið „tilkynnt um hækkunina“ þann dag. Umboðsmaður lauk málinu með álit, dags. 10. apríl 2015. Þar tók hann til athugunar hvort þessi afstaða stjórnvalda hefði verið í samræmi við lög.

Með hliðsjón af orðalagi ákvæðisins, öðrum ákvæðum laganna um fresti og hinni almennu reglu 1. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 taldi umboðsmaður að gjaldanda hefði verið „tilkynnt um“ hækkun þegar úrskurður þess efnis væri kominn til hans á þann stað sem almennt mætti búast við að hann gæti kynnt sér úrskurðinn. Umboðsmaður tók fram að úrskurður í máli A hefði verið borinn út með ábyrgðarpósti. Þar sem A hefði ekki verið heima hefði tilkynning verið skilin eftir á heimili hans 19. desember 2013 um að ábyrgðarbréf biði hans á næsta pósthúsi sem nálgast mætti næsta virka dag. Umboðsmaður taldi að þar sem tilkynningin veitti ekki upplýsingar um efni úrskurðarins hefði hún ekki getað komið í stað birtingar hans. Með vísan til þessa var það álit umboðsmanns að úrskurðurinn hefði í fyrsta lagi verið kominn til A þegar sem hann átti möguleika á að nálgast hann, þ.e. 20. desember 2013, og þá með því að sækja hann á pósthús. Gjald dags. hefði verið 30. desember 2013. Því hefði úrskurður ráðuneytisins ekki verið í samræmi við lög að þessu leyti.

Umboðsmaður beindi þeim tilmælum til ráðuneytisins að mál A yrði endurupptekið og leyst úr því í samræmi við þau sjónarmið sem reifuð voru í álitinu, kæmi fram ósk frá A þess efnis. Jafnframt beindi hann því til stjórnvalda að hafa þessi sjónarmið í huga í framtíðarstörfum sínum. Umboðsmaður taldi hins vegar, í ljósi tilmæla um endurupptöku málsins, ekki tilefni til að fjalla frekar um útreikning dráttarvaxta í tilvik A. Einnig tók umboðsmaður fram að hann teldi breytingar ríkisskattstjóra á leiðbeiningartexta í úrskurðum, á þá leið að nú væri upplýst hvenær krafa félli í gjalddaga og frá hvaða degi krafist væri dráttarvaxta, væru í góðu samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti. Hins vegar beindi hann þeim tilmælum til ríkisskattstjóra að efni umræddra leiðbeininga yrði endurskoðað með hliðsjón af því sem fram kæmi í álitinu.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 12. febrúar 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið kemur fram að A hafi óskað eftir endurupptöku málsins í kjölfar álitsins. Ráðuneytið hafi orðið við því og úrskurðað í málinu 3. júní 2015 um að gjalddagi

skattkröfu vegna úrskurðar ríkisskattstjóra teldist vera 10 dögum eftir að kæranda var tilkynnt um hækkunina, eða 30. desember 2013, miðað við að kærandi hefði getað nálgast ábyrgðarbréf á pósthúsi 20. desember 2013. Að öðru leyti hafi ákvörðun tollstjóra um að hafna kröfu A um niðurfellingu dráttarvaxta verið staðfest. Þá hafi verið brugðist við almennum sjónarmiðum í álitni umboðsmanns með breytingu á 1. másl. 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. lög nr. 124/2015 frá 19. desember 2015. Í stað orðanna „að gjaldanda var tilkynnt“ hafi komið „dagsetningu úrskurðar ríkisskattstjóra“. Líkt og fram komi í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 124/2015 sé breytingin tilkomin vegna álits umboðsmanns í þessu máli. Viðbótarfjárhæð samkvæmt endurákvörðun falli því eftir breytinguna í gjalddaga 10 dögum eftir dagsetningu úrskurðar ríkisskattstjóra um hækkunina í stað 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þá barst jafnframt svarbréf frá ríkisskattstjóra, dags. 14. mars 2016, þar sem upplýst var að haldinn hafi verið fundur með sviðsstjórum embættisins og fleiri starfsmönnum í apríl 2015 þar sem ákveðið hafi verið að bregðast við ábendingum umboðsmanns og gera breytingar á stöðluðum texta í bréfum um endurákvörðun. Ákveðið hafi verið að breyta þeim þannig að tilgreindur frestur yrði 15 dagar frá dagsetningu úrskurðar og gjaldabreytingar færu þá fram 4-5 dögum síðar. Í framhaldinu hafi verið unnið að breytingu á texta í niðurlagi úrskurðar og skattbreytingarblöðum. Talið hafi verið að í framhaldi af textabreytingum yrði tæknisviðið að taka við og útbúa nokkurs konar biðstofu fyrir gjaldabreytingar, þ.e. að gjaldabreytingar ættu sér stað 4-5 dögum eftir útsendingu úrskurðar eða endurákvörðunar. Einnig hafi komið til skoðunar að dagsetja skattbreytingar fram í tímann þegar gengið væri frá þeim samhliða útsendingu úrskurðar. Tafir hafi orðið á þessari vinnu m.a. vegna þess hve viðfangsefnið hafi reynst flóknara en í upphafi hafi verið talið. Á meðan unnið hafi verið að tæknilegri vinnu til þess að koma varanlegum lausnum á til að bregðast við álitinu hafi verið gerð breyting á 1. mgr. 90. gr. og 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/203, um tekjuskatt, og gjalddagi hafi þar með orðið 10 dögum eftir dagsetningu úrskurðar ríkisskattstjóra, sbr. lög nr. 125/2015. Í bréfinu er lögð áhersla á að leitast hafi verið að fylgja eftir tilmælum umboðsmanns þeim úrræðum sem tiltæk hafi verið allt þar til breytingar hafi verið gerðar á lögum sem hafi tekið gildi um síðustu áramót. Lagabreytingin hafi gert þá vinnu óþarfa og áformaðar breytingar því ekki komið til framkvæmda þótt fullur vilji hafi verið til þess.

## **11.2 Skattrannsókn. Upplýsingagjöf opinbers starfsmanns. Vandaðir stjórnisýslu- hættir. Leiðbeiningarskylda. Þagnarskylda. (Mál nr. 8383/2015)**

A leitaði til umboðsmanns Alþingis og kvartaði yfir því að starfsmaður skattrannsóknarstjóra ríkisins hefði, þegar hann hafði samband við hana í síma og með smáskilaboðum til að óska eftir símanúmeri föður hennar og að boðum yrði komið til hans, ekki upplýst um frá hvaða stofnun hann hringdi og hvert væri tilefnið, þótt um slíkt hefði verið spurt. Athugun umboðsmanns laut að því hvort þessi samskipti hefðu verið í samræmi við lög og vandaða stjórnisýsluhætti.

Umboðsmaður lauk málinu með álitni, dags. 3. desember 2015. Þar gerði hann ekki athugasemdir við að starfsmaðurinn hefði haft samband við A til að kanna hvort hún hefði upplýsingar um símanúmer föður síns til þess að unnt væri að ná í hann. Hann taldi hins vegar að starfsmanninum hefði í síðasta lagi borið að gera A grein fyrir hvar hann starfaði þegar hann var inntur eftir upplýsingunum. Háttsemi starfsmannsins hefði að því leyti ekki verið í samræmi við þá skyldu opinberra starfsmanna að upplýsa við erindagjörðir sínar um hvar þeir starfa. Skyldan væri



leidd af eðli starfs opinberra stofnana og starfsmanna og þeirri almennu réttarumgjörð sem gildir um starfsheimildir þeirra og meðferð opinbers valds. Þeir starfs-hættir væru einnig í samræmi við kröfur sem leiða af vönduðum stjórnsýsluháttum.

Umboðsmaður taldi jafnframt að ef starfsmaðurinn hefði talið þörf á að upplýsa um að erindið tengdist vinnu föður A, án þess að segja frá því hjá hvaða ríkisstofnun hann starfaði, hefði borið að gera það þannig að hún gæti áttað sig á því af tilefni beiðninnar væru ekki skyndilegar aðstæður föður hennar, enda leiddi af vönduðum stjórnsýsluháttum að forðast bæri að framsetning erinda opinberra starfsmanna yllu misskilningi.

Eins og málinu var háttáð og þar sem fyrir lá að embætti skattrannsóknarstjóra lýsti í bréfi að það harmaði ef samskiptin hefðu valdið A hugarangri lét umboðsmaður við það sitja að mælast til þess að betur yrði gætt að þessu atriði í framtíðarstörfum skattrannsóknarstjóra.

Í svarbréfi Skattrannsóknarstjóra ríkisins, dags. 15. mars 2016, í tilefni af fyrirspurn um málið kom fram að í kjölfar álitsins hafi verið tekið upp það vinnulag að starfsmönnum beri ávallt, áður en þeir bera upp erindi sitt, að gera grein fyrir nafni sínu og því að þeir komi fram sem starfsmenn embættis skattrannsóknarstjóra. Með vísan til þess telji skattrannsóknarstjóri að verklag embættisins sé að fullu í samræmi við þá niðurstöðu sem telja megi að hafi falist í áliti umboðsmanns.

## 12 Starfssvið umboðsmanns Alþingis og skilyrði þess að umboðsmaður fjalli um kvörtun

### 12.1

#### Kirkjumál. (Mál nr. 8464/2015)

A leitaði til umboðsmanns og kvartaði yfir frávísun yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar á kæru hans vegna ákvörðunar kjörstjórnar um kjörgengi hans við kosningar kirkjupings og svörum dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins, síðar innanríkisráðuneytisins, við erindum hans af því tilefni.

Umboðsmaður lauk málinu með bréfi, dags. 26. júní 2015. Í bréfinu rakti umboðsmaður þær breytingar sem voru gerðar á stöðu þjóðkirkjunnar með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Vísaði hann sérstaklega til þeirrar auknu áherslu sem lögð hefði verið á sjálfstæði þjóðkirkjunnar og aðgreiningu gagnvart ríkinu, einkum hvað varðar innri málefni kirkjunnar. Með vísan til kvörtunar A benti umboðsmaður á að hann teldi skipan kirkjupings lúta að innra skipulagi þjóðkirkjunnar fremur en samskiptum hennar við borgarana. Umboðsmaður taldi sig því ekki hafa forsendur til að gera athugasemdir við þá afstöðu innanríkisráðuneytisins, sem fram hefði komið í svörum til A, að það félli fyrir utan valdsviðs þess að skera úr þeim ágreiningi sem kvörtunin laut að eða því hefði verið skylt að taka frekari afstöðu til erindis A. Að sama skapi var það niðurstaða umboðsmanns að þær athafnir og ákvarðanir þjóðkirkjunnar sem lutu að kjörgengi A til kirkjupings teldust ekki til stjórnáslu ríkisins enda væri um að ræða innri málefni sjálfstæðs trúfélags en ekki verkefni eða beitingu opinberra valdheimilda sem þjóðkirkjan færi með á lögbundnum grundvelli í þágu opinberra markmiða. Niðurstaða umboðsmanns var því sú að framangreindur ágreiningur heyrði ekki undir starfssvið umboðsmanns. Með vísan til framangreinds lauk umboðsmaður athugun sinni á málinu.

### 12.2

#### Opinber hlutafélög. (Mál nr. 8506/2015)

A leitaði til umboðsmanns og kvartaði yfir að hafa ekki fengið svör frá Isavia ohf. eftir að honum var sagt upp störfum og sóttist eftir að fá starf á ný eftir að dómur gekk þar sem uppsögn hans var dæmd ólögmat.

Umboðsmaður lauk málinu með bréfi, dags. 12. júní 2015. Þar benti hann á að Isavia ohf. hefði orðið til í kjölfar samruna opinberu hlutafélaganna Flugstöða og Keflavíkurvallar sem samgönguráðherra hefði verið heimilað að ákveða með lögum. Isavia ohf. væri opinbert hlutafélag sem m.a. væri starfrækt á grundvelli laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Félagið starfaði því á grundvelli einkaréttar þótt það væri í eigu ríkisins og félli því ekki undir starfsemi umboðsmanns Alþingis. Ákvarðanir Isavia ohf. um ráðningu í starf væri því einkaréttarlegs eðlis en ekki ákvörðun um rétt eða skyldu manna. Taldi umboðsmaður því ekki lagaskilyrði til að taka kvörtun A yfir Isavia ohf. til meðferðar eða aðhafast vegna skorts á svörum þess við erindum A. Með vísan til framangreinds lauk umboðsmaður athugun sinni á málinu.

## 12.3

Sjálfsseignarstofnanir.  
(Mál nr. 8562/2015)

A leitaði til umboðsmanns og kvartaði yfir tilgreindum atriðum vegna ráðningar óperustjóra hjá Íslensku óperunni en hann var meðal umsækjenda um starfið. A taldi reglur stjórnsluréttar eiga við um starfsemi óperunnar og umrætt ráðningarferli.

Umboðsmaður lauk málinu með bréfi, dags. 3. júlí 2015. Þar benti hann á að Íslenska óperan væri sjálfsseignarstofnun sem stundaði atvinnurekstur eins og m.a. kæmi fram í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Af gögnum málsins yrði ráðið að hún hafi verið stofnuð með staðfestri skipulagsskrá en um hana giltu tilteknar samþykktir. Um stofnunina giltu lög nr. 33/1999, um sjálfsseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Félagið teldist því einkaaðili þótt það fengi fjárframlög frá ríkinu. Ákvarðanir Íslensku óperunnar um ráðningu í starf væru því einkaréttarlegs eðlis en ekki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Taldi umboðsmaður því ekki lagaskilyrði til að taka ákvörðun um ráðningu óperustjóra til meðferðar og lauk athugun sinni á málinu.

## 12.4

Skattar og gjöld.  
(Mál nr. 8717/2015)

A kvartaði yfir skattlagningu á dömubindum og túrtöppum og taldi skattinn of háan og fara í bága við jafnræðisreglur.

Umboðsmaður lauk málinu með bréfi 27. nóvember 2015. Þar kom fram að hann legði þann skilningi í erindi A að það lyti að hlutfalli virðisaukaskatts sem lagður væri á dömubindi og túrtappa. Benti hann á að skatthlutfall þessara vara væri 24% í samræmi við lög um virðisaukaskatt og þær féllu ekki undir undantekningar sem þar væru veittar. Umboðsmaður tók fram að kvörtunin beindist ekki að ákvörðun eða athöfn sem félli undir starfssvið umboðsmanns heldur að efni löggjafar sem Alþingi hefði sett. Taldi umboðsmaður því ekki skilyrði að lögum til að hann gæti tekið kvörtun A til meðferðar og lauk athugun sinni á málinu.

## IV. UPPLÝSINGAR VEGNA ÁÐUR AFGREIDDRA MÁLA

### Ársskýrsla 2003, bls. 158

#### **Skaðabætur. Skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögum nr. 69/1995. Bótanefnd. Réttaróvissa. (Mál nr. 3791/2003)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslum mínum fyrir árin 2004, bls. 182, 2005, bls. 181, 2006, bls. 215, 2007, bls. 229, 2011, bls. 126, 2012, bls. 113, 2013, bls. 133 og 2014, bls. 111.

Í álitinu komst ég að þeirri niðurstöðu að rétt væri að vekja athygli dóms- og kirkjumálaráðherra á því, með vísan til 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ekki yrði annað séð af samanburði á tilteknum forsendum úr dómi Hæstaréttar 19. júní 2002 í máli nr. 72/2002 og athugasemdum í lögskýringargögnum að baki lögum nr. 69/1995 en að þær væru ekki að öllu leyti samrýmanlegar hvað varðaði lýsingu á skilyrðum bótaskyldu, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 69/1995. Ég taldi þá aðstöðu leiða til nokkurrar réttaróvissu um skilyrði bótaskyldu samkvæmt lögum nr. 69/1995 og hlutverks bótanefndar við mat á þeim í hverju tilviki.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. júní 2008, kom fram að fyrirhugað væri að hefja vinnu við endurskoðun laga nr. 69/1995 í ágúst það ár og áætlað væri að henni yrði lokið veturinn 2008/2009. Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 21. júní 2012, kom fram að fyrirhugaðri heildarendurskoðun laga nr. 69/1995 hefði verið frestað vegna þeirra atburða sem urðu í íslensku efnahagslífið árið 2008 og niðurskurðar í kjölfarið á því. Innan ráðuneytisins hefði farið fram umræða um þörf á heildarendurskoðun og samhæfingu á gildandi lagaumhverfi um opinbera aðstoð við þolendur afbrota og yrði ráðist í þá vinnu myndi jafnframt verða skoðað hvort rétt væri að breyta lögum í samræmi við þau sjónarmið sem ég hefði vakið athygli á. Yrði ekki ráðist í umrædda heildarendurskoðun yrðu ábendingar mínar engu að síðar sérstaklega skoðaðar. Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 23. júní 2014, kemur fram að málið sé enn til athugunar en ekki hafi verið tekin ákvörðun um næstu skref. Sambærilegt svar barst með bréfi ráðuneytisins, dags. 25. apríl 2016.

### Ársskýrsla 2005, bls. 152

#### **Skattar og gjöld. Fermingargjald. Lögætisreglan. (Mál nr. 4213/2004)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslum mínum fyrir árin 2006, bls. 215, 2007, bls. 229, 2011, bls. 126-127, 2012, bls. 113-114, 2013, bls. 133-134 og 2014, bls. 111-112.

Í álitinu beindi ég þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðuneyti hans tæki gjaldskrá nr. 668/2003, um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar, til endurskoðunar í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu. Með vísan til sama lagaákvæðis taldi ég tilefni til að tilkynna Alþingi og dóms- og kirkjumálaráðherra um æskilegt væri að ákvæði laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, yrðu tekin til endur-

skoðunar með það í huga að tekin yrði afstaða til þess hvort rétt væri að ákvarðanir um laun presta annars vegar og þóknanir þeirra fyrir „aukaverk“ hins vegar væru teknar af tveimur mismunandi stjórnvöldum. Jafnframt að nánar yrði afmarkað í lögum hvað teldust „aukaverk“ presta þjóðkirkjunnar í þessu sambandi og að löggjafinn tæki þar með beina afstöðu til þess hvaða þjónustu presta þjóðkirkjunnar Alþingi teldi rétt að sá greiddi sérstaklega fyrir sem þjónustunnar nyti.

Í bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 29. október 2007, kemur fram að á kirkjuþingi hefði verið einróma samþykkt tillaga til þingsályktunar um niðurfellingu gjaldtöku fyrir fermingarfræðslu og skírn. Í bréfinu kom jafnframt fram að ráðuneytið myndi upplýsa umboðsmann um næsti skref í málinu þegar þau yrðu stigin. Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 20. júní 2012, kemur fram að ekki hefði verið ráðist í endurskoðun á gjaldskránni. Hins vegar hefði borist erindi frá Prestafélagi Íslands þar sem óskað væri eftir viðræðum við ráðuneytið um hækkun á og/eða breytingum á gjaldskránni sem gilti til 30. september 2013. Í ljósi erindisins og með hliðsjón af gildistíma gjaldskrárinnar myndi ráðuneytið fljótlega hefja vinnu við undirbúning að breyttri gjaldskrá og endurskoðun á lögum nr. 36/1931 og við þá vinnu yrði höfð hliðsjón af ábendingum mínum. Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 2. apríl 2013, kemur fram að vinna við endurskoðun gjaldskrárinnar sé hafin en ekki lokið. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 2. júlí 2014, kemur fram að beðið sé eftir umsögnum um gjaldskrána og ráðgert sé að breytingar verði gerðar í lok sumars. Þá hafi verið litið til álitsins í yfirstandandi viðræðum við prestafélagið um lög nr. 36/1931 og gildandi lagaumhverfi þessu tengdu. Til staði að vinnan yrði útfærð frekar og þá m.a. metið hvort rétt sé að leggja fram frumvarp til breytinga á lögnum á grundvelli þessarar vinnu. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 30. mars 2016, er vísað til sambærilegra atriða og í fyrri bréfum og tekið fram að ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um hvenær ráðist verði í endurskoðun á tilteknum ákvæðum laga nr. 36/1931.

## Ársskýrsla 2012, bls. 79-81

**Lögreglu- og sakamál. Stöðvun atvinnustarfsemi. Lögreglulög.  
Andmælaréttur. Meðalhófsregla. Skýrleiki ákvörðunar. Málshraði  
vegna kröfu um frestun réttaráhrifa. Yfirstjórnunar- og eftirlitsheim-  
ildir ráðherra. Lagaheimildir til að fylgja eftir eftirlitsathöfnum.  
(Mál nr. 6259/2010)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslum mínum fyrir árin 2013, bls. 136 og 2014, bls. 112-113.

Í álitinu kom ég m.a. þeirri ábendingu á framfæri við innanríkisráðuneytið að tekið yrði til athugunar hvort tilefni væri til að huga að breytingum á lagareglum um úrræði lögreglu og annarra eftirlitsaðila þegar talið væri að alvarleg brotastarfsemi ætti sér stað í skjóli lögmætrar sölustarfsemi, t.d. starfsemi söluturna.

Í bréfi innanríkisráðuneytisins til mín, dags. 2. apríl 2013, kom m.a. fram að tekið hefði verið til umræðu í ráðuneytinu hvort gera skyldi breytingar á lögum vegna álitsins en ákvörðun hefði ekki enn verið tekin um það. Í svarbréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 25. júní 2014, kom fram að ekki hefði verið tekin ákvörðun um hvort gera skyldi breytingar á lögum vegna álitsins og að málið yrði enn til athugunar í ráðuneytinu. Sambærilegt svar barst með bréfi ráðuneytisins, dags. 25. apríl 2016.

**Ársskýrsla 2013, bls. 84****Fæðingar- og foreldraorlof. Greiðslur vinnuveitenda til foreldra í fæðingarorlofi. Reikniregla. Lögskýring. Lögætisreglan.  
(Mál nr. 7022/2012, 7183/2012 og 7184/2012)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslu minni árið 2013, bls. 84.

Með bréfi, dags. 5. janúar 2016, upplýsti Fæðingarorlofssjóður að hann hefði lokið endurupptöku mála í kjölfar álits setts umboðsmanns í málum nr. 7022/2012, 7183/2012 og 7184/2012 sem lokið var 28. ágúst 2013. Kvartanirnar lutu að úrskurðum úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála sem hafði staðfest ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs um að þremur einstaklingum bæri að endurgreiða hluta greiðslna sem þeir höfðu fengið úr sjóðnum þar sem þeir hefðu fengið greidd of há laun frá vinnuveitanda sínum á þeim tíma sem þeir þáðu greiðslur úr sjóðnum.

Niðurstaða setts umboðsmanns var sú að sú aðferð sem Fæðingarorlofssjóður beitti í málum þessara einstaklinga til að reikna út frádráttinn hefði ekki verið í samræmi við lög. Beindi hann tilmælum til úrskurðarnefndar fæðingar- og foreldraorlofsmála að taka mál þessara þriggja einstaklinga til endurskoðunar kæmi fram beiðni þess efnis frá þeim í samræmi við þau sjónarmið sem rakin væru í álitinu.

Í bréfi Fæðingarorlofssjóðs, dags. 5. janúar 2016, var upplýst að Fæðingarorlofssjóður hafi lokið endurupptöku mála í kjölfar álitsins. Í minnisblaði sem var meðfylgjandi kemur fram að í ljósi álitsins og orðalags skerðingarreglu 10. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, hafi verið ákveðið að allar fyrri ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs í málum tengdum ákvæðinu yrðu afturkallaðar, kröfur felldar niður og endurgreiðslur foreldra greiddar til baka með vöxtum í samræmi við 5. mgr. 15. gr. a laganna. Auk þess hafi launatengd gjöld verið gerð upp og kostnaður vegna innheimtuaðgerða. Í bréfinu kemur fram að alls hafi 2186 einstaklingar fengið endurgreiddar rúmlega 268 milljónir kr. vegna endurkrafna og innheimtuaðgerða sem stofnast hafi til vegna árána 2006-2014 og kostnaður í heild numið rúmlega 287 milljónum kr. Ekkert þessara mála hafi verið kært til úrskurðarnefndarinnar og engin endurkröfumál séu í gangi hjá sjóðnum.

**Ársskýrsla 2013, bls. 125****Skattar og gjöld. Útreikningur. Vandaðir stjórnsýsluhættir. Birting reglna.  
(Mál nr. 6938/2012)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslum mínum 2013, bls. 125 og 2014, bls. 113-114.

Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra kom ég þeirri ábendingu á framfæri að reglur um forgang greiðslna og skuldajöfnuð í tekjubókhaldskerfi ríkisins frá árinu 1995, og breytingar á reglunum sem voru gerðar árið 2009, væru fyrirmæli opinbers eðlis sem lytu að uppgjöri skuldamála einstaklinga og lögaðila við ríkissjóð. Þær innihéldu m.a. ákvæði um forgang skulda í tilteknum gjaldfloknum og skuldajöfnuð inneigna vegna ofgreiðslu eða breytinga á höfuðstól eða vaxtakröfu. Því væri ljóst að reglurnar gætu haft verulega fjárhagslega þýðingu fyrir hagsmunum viðkomandi aðila. Ég taldi þó ekki hægt að fullyrða að lagaskylda stæði til þess að birta reglurnar í B-deild Stjórnartíðinda. Með þetta í huga, og í ljósi réttaröryggissjónarmiða er liggja að baki birtingu réttarreglna, kom ég því á framfæri að ég teldi þó í betra samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti að ráðuneytið léti fara fram athugun á því hvort færa ætti reglurnar í búning almennra stjórnvaldsfyrirmæla

og birta þær í Stjórnartíðindum í stað þess að birta þær á vefsíðu ráðuneytisins. Þá benti ég á að getið væri um gildistöku dag reglnanna og hvenær breytingar sem gerðar væru á þeim tækju gildi. Þær upplýsingar væru mikilvægar fyrir borgara og lögaðila í þeim skilningi að þeir gætu gert sér grein fyrir því hvaða reglur giltu á ákveðnu tímabili og því metið réttarstöðu sína út frá því. Þetta væri í samræmi við þær kröfur sem leiddu af réttaröryggissjónarmiðum um að reglur væru aðgengilegar þannig að hægt væri að kynna sér efni og tilvist þeirra. Í tilefni af fyrirspurn minni um málið barst mér svarbréf fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 11. febrúar 2013, þar sem fram kemur að ráðuneytið myndi fara yfir reglurnar og athuga hvort betur færi á að birta þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 28. apríl 2015, kom fram að ráðuneytið hefði óskað eftir því við embætti tollstjóra og Fjársýslu ríkisins að unnin yrði tillaga að reglum um forgang greiðslna og skuldajöfnuð sem birta mætti í B-deild Stjórnartíðinda. Ráðuneytið hefði fengið tillögu að slíkum reglum til skoðunar frá tollstjóra en þau drög þörfnuðust nokkurra breytinga áður en að birtingu gæti orðið, m.a. hvað tilvísun til lagaheimilda varðaði. Enn væri því til skoðunar af hálfu ráðuneytisins að birta slíkar reglur en vinnan hefði dregist af ólíkum ástæðum.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 31. maí 2016, kemur fram að ráðuneytinu þætti miður hversu langan tíma endurskoðun á gildandi reglum hefði tekið af margvíslegum ástæðum, m.a. varðandi breytingar á kerfi Fjársýslunnar. Ráðuneytið hefði stefnt að því að verkinu yrði lokið fyrir áramótin síðust en það hafi því ekki gengið eftir. Þá hafi verið markmiðið að ljúka við gerð reglnanna fyrir vetrarlok en enn séu óhnýttir endar vegna athugasemda frá starfsmönnum Fjársýslunnar. Vonast sé til að vinnunni verði lokið á allra næstu dögum og muni ráðuneytið þá senda umboðsmanni bréf þess efnis ásamt reglunum.

## Ársskýrsla 2014, bls. 76-78

### **Heilbrigðismál. Eftirlit landlæknis. Sjúkraskrá. Meinbugir á lögum. Skráning og meðferð persónuupplýsinga. Eftirlit Persónuverndar. (Mál nr. 7092/2012, 7126/2012 og 7127/2012)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslu minni fyrir árið 2014, bls. 76-78.

Í álitinu taldi settur umboðsmaður tilefni til að vekja athygli Alþingis og ráðherra heilbrigðismála á því hvort ástæða væri til að kveða með skýrari hætti á um það í lögum hvert inntak eftirlits landlæknis með lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár, skyldi vera og þá hvort borgararnir ættu rétt á að fá álit landlæknis á því hvort ákvæði laganna hefðu verið brotin legðu þeir fram kvörtun þess efnis til landlæknis án þess að tilvikkið lyti beint að veitingu heilbrigðisþjónustu í merkingu 2. mgr. 12. gr. laga nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu. Jafnframt taldi settur umboðsmaður rétt að vekja athygli Alþingis og ráðuneytis heilbrigðismála á þeirri óvissu sem virtist vera uppi í framkvæmd á milli embættis landlæknis og Persónuverndar um hlutverk þeirra samkvæmt ákvæði 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009 um kærui til lögreglu þegar mál kemur til kasta beggja stjórnvalda, eins og í þessu máli. Var það gert með það fyrir augum að tekin yrði afstaða til þess hvort og þá hvernig væri rétt að bregðast við í framhaldinu.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 17. mars 2015, kom fram að í kjölfar álitsins hefði ráðuneytið tekið til athugunar hvert skyldi vera inntak eftirlits landlæknis með lögum nr. 55/2009. Við þá athugun hefði verið höfð hliðsjón af þeim tilmælum og sjónarmiðum sem sett hefðu verið fram í álitinu. Þeirri athugun væri ekki lokið en vonir stæðu til þess að



henni lyki um haustið. Sú athugun hefði jafnframt beinst að því hvert skyldi vera hlutverk Persónuverndar og embættis landlæknis samkvæmt 4. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2009 um kæru til lögreglu þegar mál kæmi til kasta beggja stjórnvalda.

Í bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 31. maí 2016, kemur fram að ráðuneytið hafi tekið ábendingar umboðsmanns til skoðunar og lokið athugun sinni. Það teldi að svo stöddu ekki vera tilefni til þess að bregðast við þeim með breytingum á lögum nr. 41/2007, um landlækni og lýðheilsu, og lögum nr. 55/2009, um sjúkraskrár. Í því sambandi ítrekaði ráðuneytið að fundað hafi verið með fulltrúum embættis landlæknis þar sem farið hafi verið yfir ábendingar umboðsmanns sem fram komu í álitinu og þar lögð sérstök áhersla á að embættið leysti úr einstökum málum í samræmi við lög og stjórnsýslureglur. Þá var þess getið að starfsmenn ráðuneytisins hafi mætt á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar 3. mars 2015 og svarað spurningum nefndarmanna um málið.

## Ársskýrsla 2014, bls. 89-90

### **Opinber innkaup. Opinber aðili. Meinbugir á lögum. (Mál nr. 7037/2012)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslu minni fyrir árið 2014, bls. 88-90.

Í álitinu komst ég að þeirri niðurstöðu að sú umgjörð sem Félagsstofnun stúdenta væri búin í lögum væri ekki eins skýr og æskilegt væri. Því taldi ég rétt að vekja athygli Alþingis og mennta- og menningarmálaráðherra á þeirri óvissu sem ég taldi vera fyrir hendi um þetta atriði og þá með það fyrir augum tekin yrði afstaða til þess hvort og þá hvaða breytinga á lögum væri þörf að gera.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 22. apríl 2015, var upplýst að ráðherra þætti rétt að hafa samráð við Háskóla Íslands og Stúdentaráð Háskóla Íslands áður en tekin yrði afstaða til þess hvort og þá hvaða breytingar þyrfti að gera á lagalegri stöðu Félagsstofnunar stúdenta (FS). Fyrirhugað væri að samráðsferli hæfist á næstu vikum.

Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 25. maí 2016, kemur fram að FS hafi í kjölfarið komið til fundar við ráðherra. Þar hafi verið lögð fram tillaga af hálfu félagsstofnunar um breytingar á lögum nr. 33/1968. Í þeim frumvarpsdrögum hafi verið lagt til að bætt yrði við nýrri málsgrein í lögin þar sem fram kæmi að Félagsstofnun stúdenta væri hvorki stjórnvald né opinber aðili og að ákvæði stjórnsýslulaga giltu ekki um ákvarðanir félagsstofnunar. Tillaga FS hafi verið tekin til umfjöllunar innan ráðuneytisins og í framhaldi hafi ráðherra óskað eftir því í tilmælum 7. september 2015 að haft yrði óformlegt samráð við stjórn FS um mögulegt brottfall laga nr. 33/1968 og eðlilega endurskoðun á lögnum miðað við breyttar aðstæður og hlutverk FS. Í samræmi við tilmælin hafi ráðuneytið sent bréf til stjórnar FS 18. september 2015 þar sem sú hugmynd að fella brott lög nr. 33/1968 hafi verið kynnt fremur en að fara þá leið að breyta lögnum. Í framhaldinu hafi stjórn FS lýst yfir andstöðu sinni við tillögu ráðuneytisins um brottfall laga nr. 33/1968. Stjórnin hafi goldið varhug við þeim áhrifum sem miklar breytingar á lagaumhverfi stofnunarinnar kynnu að hafa á rekstur og starfsemi FS. Nægilegt væri að gera minniháttar breytingar á núgildandi lögum. Slíkar breytingar gætu haft áhrif á réttarstöðu FS, t.d. samkvæmt skattalögum, samkeppnislögum og reglum um ríkisstyrki. Þá kemur í bréfinu fram að allsherjar- og menntamálanefnd hafi tekið stöðu FS fyrir á fundi sínum 27. nóvember 2015 en ekki hafi náðst samstaða meðal nefndarmanna að flytja þingmál til að bregðast við stöðunni.

Í bréfi ráðuneytisins kemur að lokum fram að ýmislegt í lögum nr. 33/1968 kunni að orka tvímælis með tilliti til þeirra breytinga sem hafi orðið á starfsemi háskóla hér á landi

frá árinu 1968. Lögum samkvæmt sé starfsemi FS bundin við þjónustu í þágu nemenda við Háskóla Íslands þótt stofnunin reki nú einnig útibú af Bóksölu stúdenta í öðrum háskólum. Hluti af starfsemi FS sé starfræktur á samkeppnisviði en njóti undanþága frá samkeppnislögum. Þrátt fyrir þessa stöðu og þörf á endurskoðun laganna liggja fyrir sú ákvörðun að ráðherra muni ekki leggja til lagabreytingar í andstöðu við FS. Afstaða ráðherra til þess hvort hann beiti sér fyrir framgangi þeirra lagabreytinga sem stjórn FS hafi lagt til liggja ekki fyrir.

### **Ársskýrsla 2014, bls. 107-108**

#### **Skattar og gjöld. Tollar. Tollflokkun. Andmælaréttur. Málshraði. (Mál nr. 7817/2013)**

Um framvindu þessa máls hefur áður verið fjallað í ársskýrslu minni fyrir árið 2014, bls. 107-108.

Málinu lauk með álitum þar sem ég benti á að sérfræðiálit sem ríkistollanefnd hafði aflað við meðferð málsins hafði ekki verið kynnt A ehf. áður en nefndin kvað upp úrskurð sinn. Í álitinu komst umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að sú málsmeðferð hefði ekki verið í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 um andmælarétt.

Í bréfi yfirskattanefndar, sem hefur nú tekið við verkefnum ríkistollanefndar, 12. mars 2015, kom fram að málið hefði verið tekið til meðferðar á ný og A ehf. kynnt umrætt sérfræðiálit en málið væri enn til meðferðar. Í bréfi yfirskattanefndar, dags. 27. apríl 2016, kemur fram að meðferð málsins hafi lokið með úrskurði yfirskattefndar 20. apríl 2016. Með úrskurðinum var fallist á kröfu A ehf. um tollflokkun umræddrar vöru.

## V. SKRÁR

### 1. Númeraskrá

Skrá yfir þau mál sem birst hafa í skýrslum umboðsmanns Alþingis í númeraröð.

Mál nr. 3/1988 SUA 1989:14	Mál nr. 79/1989 SUA 1989:19, 1994:415, 1997:29	Mál nr. 162/1989 SUA 1990:128
Mál nr. 4/1988 SUA 1988:19	Mál nr. 80/1989 SUA 1991:17, 1992:328, 1997:38	Mál nr. 163/1989 SUA 1989:92, 1990:228
Mál nr. 7/1988 SUA 1988:19	Mál nr. 82/1989 SUA 1991:56	Mál nr. 164/1989 SUA 1989:115
Mál nr. 8/1988 SUA 1989:98	Mál nr. 83/1989 SUA 1989:90, 1997:36	Mál nr. 166/1989 SUA 1989:52, 1990:227
Mál nr. 12/1988 SUA 1988:19	Mál nr. 84/1989 SUA 1990:162, 1991:171	Mál nr. 169/1989 SUA 1990:171
Mál nr. 17/1988 SUA 1989:58, 1991:168	Mál nr. 85/1989 SUA 1990:186	Mál nr. 170/1989 SUA 1990:97, 1991:170, 1997:37, 1997:467, 1998:192
Mál nr. 18/1988 SUA 1988:21	Mál nr. 86/1989 SUA 1990:197, 1994:416, 1997:37, 1997:468	Mál nr. 171/1989 SUA 1990:129, 1997:37, 1997:468
Mál nr. 20/1988 SUA 1988:32, 1997:27	Mál nr. 87/1989 SUA 1990:158	Mál nr. 172/1989 SUA 1990:180
Mál nr. 21/1988 SUA 1988:21	Mál nr. 91/1989 SUA 1989:124	Mál nr. 174/1989 SUA 1992:196
Mál nr. 22/1988 SUA 1988:24, 1997:27	Mál nr. 95/1989 SUA 1989:112	Mál nr. 175/1989 SUA 1990:125
Mál nr. 24/1988 SUA 1988:21	Mál nr. 98/1989 SUA 1989:50	Mál nr. 176/1989 SUA 1990:202, 1991:171, 1997:38
Mál nr. 25/1988 SUA 1988:21, 1989:17, 1991:166	Mál nr. 101/1989 SUA 1990:41	Mál nr. 178/1989 SUA 1992:158
Mál nr. 26/1988 SUA 1988:33, 1989:137, 1990:230, 1991:165	Mál nr. 102/1989 SUA 1990:93, 1991:170, 1996:648, 1997:36	Mál nr. 179/1989 SUA 1989:116
Mál nr. 28/1988 SUA 1989:28	Mál nr. 104/1989 SUA 1990:87, 1992:326, 1997:36	Mál nr. 182/1989 SUA 1990:107
Mál nr. 32/1988 SUA 1990:134	Mál nr. 106/1989 SUA 1989:22	Mál nr. 183/1989 SUA 1990:21, 1997:466
Mál nr. 35/1988 SUA 1988:23, 1990:230, 1991:164, 1997:34	Mál nr. 107/1989 SUA 1989:35	Mál nr. 184/1989 SUA 1989:115
Mál nr. 36/1988 SUA 1989:96, 1991:167	Mál nr. 110/1989 SUA 1989:133, 1990:229	Mál nr. 185/1989 SUA 1989:38
Mál nr. 40/1988 SUA 1988:22	Mál nr. 112/1989 SUA 1990:186	Mál nr. 187/1989 SUA 1990:127
Mál nr. 41/1988 SUA 1989:43	Mál nr. 113/1989 SUA 1990:41	Mál nr. 188/1989 SUA 1990:178
Mál nr. 42/1988 SUA 1989:104	Mál nr. 114/1989 SUA 1989:51	Mál nr. 190/1989 SUA 1989:116
Mál nr. 43/1988 SUA 1988:32, 1991:164, 1997:27	Mál nr. 115/1989 SUA 1989:57	Mál nr. 191/1989 SUA 1989:23
Mál nr. 46/1988 SUA 1989:55	Mál nr. 118/1989 SUA 1990:179	Mál nr. 195/1989 SUA 1990:108
Mál nr. 48/1988 SUA 1988:40, 1989:137	Mál nr. 120/1989 SUA 1990:193	Mál nr. 202/1989 SUA 1990:20
Mál nr. 49/1988 SUA 1988:22	Mál nr. 121/1989 SUA 1990:216	Mál nr. 208/1989 SUA 1990:12, 1997:466
Mál nr. 51/1988 SUA 1988:22	Mál nr. 123/1989 SUA 1989:101, 1991:165	Mál nr. 210/1989 SUA 1991:121
Mál nr. 53/1988 SUA 1989:104	Mál nr. 126/1989 SUA 1989:83	Mál nr. 213/1989 SUA 1990:113
Mál nr. 56/1988 SUA 1990:154	Mál nr. 132/1989 SUA 1990:17	Mál nr. 217/1989 SUA 1990:109, 1991:170
Mál nr. 59/1988 SUA 1989:33, 1990:228	Mál nr. 133/1989 SUA 1990:118	Mál nr. 218/1989 SUA 1992:68
Mál nr. 61/1988 SUA 1989:34	Mál nr. 134/1989 SUA 1989:113	Mál nr. 220/1989 SUA 1991:160
Mál nr. 64/1988 SUA 1989:113	Mál nr. 135/1989 SUA 1989:23	Mál nr. 221/1989 SUA 1990:214
Mál nr. 65/1988 SUA 1989:111	Mál nr. 136/1989 SUA 1990:148	Mál nr. 222/1989 SUA 1990:211
Mál nr. 66/1988 SUA 1989:79	Mál nr. 138/1989 SUA 1989:113	Mál nr. 223/1989 SUA 1991:75
Mál nr. 68/1988 SUA 1989:129, 1990:227	Mál nr. 139/1989 SUA 1989:117, 1997:30	Mál nr. 224/1989 SUA 1989:7, 1997:35
Mál nr. 70/1988 SUA 1988:45, 1989:137, 1997:35	Mál nr. 143/1989 SUA 1989:113	Mál nr. 227/1990 SUA 1990:172, 1992:326, 1994:416, 1997:34
Mál nr. 73/1989 SUA 1989:120	Mál nr. 144/1989 SUA 1989:114	Mál nr. 231/1990 SUA 1991:63
Mál nr. 74/1989 SUA 1989:93	Mál nr. 149/1989 SUA 1990:204	Mál nr. 234/1990 SUA 1991:34
Mál nr. 76/1989 SUA 1990:131	Mál nr. 150/1989 SUA 1989:114	Mál nr. 236/1990 SUA 1991:84
Mál nr. 77/1989 SUA 1989:48	Mál nr. 152/1989 SUA 1990:41	Mál nr. 237/1990 SUA 1990:207
Mál nr. 78/1989 SUA 1989:117, 1992:189, 1997:30, 1997:41	Mál nr. 153/1989 SUA 1989:39	Mál nr. 239/1990 SUA 1990:37
	Mál nr. 155/1989 SUA 1991:122	Mál nr. 241/1990 SUA 1990:176
	Mál nr. 159/1989 SUA 1990:209	Mál nr. 242/1990 SUA 1990:205
	Mál nr. 161/1989 SUA 1990:218	Mál nr. 244/1990 SUA 1990:177

- Mál nr. 245/1990 SUA 1991:93  
Mál nr. 251/1990 SUA 1990:208  
Mál nr. 256/1990 SUA 1990:26  
Mál nr. 259/1990 SUA 1991:97,  
1997:469  
Mál nr. 261/1990 SUA 1990:206  
Mál nr. 262/1990 SUA 1991:95  
Mál nr. 264/1990 SUA 1990:29,  
1991:169  
Mál nr. 265/1990 SUA 1990:214  
Mál nr. 266/1990 SUA 1990:215  
Mál nr. 270/1990 SUA 1990:35  
Mál nr. 271/1990 SUA 1991:88  
Mál nr. 272/1990 SUA 1990:206  
Mál nr. 273/1990 SUA 1990:208  
Mál nr. 274/1990 SUA 1990:185  
Mál nr. 276/1990 SUA 1991:108  
Mál nr. 282/1990 SUA 1990:128  
Mál nr. 285/1990 SUA 1990:36  
Mál nr. 287/1990 SUA 1991:68  
Mál nr. 288/1990 SUA 1990:207  
Mál nr. 289/1990 SUA 1990:29,  
199:169  
Mál nr. 291/1990 SUA 1990:213  
Mál nr. 293/1990 SUA 1991:116,  
1997:39  
Mál nr. 297/1990 SUA 1992:158  
Mál nr. 298/1990 SUA 1991:71  
Mál nr. 299/1990 SUA 1990:213  
Mál nr. 303/1990 SUA 1990:29,  
1991:169  
Mál nr. 307/1990 SUA 1990:209  
